**allt**

JENNÝ SIGURÐARDÓTTIR:

*Jákvætt viðhorf til stærðfræði mikilvægt*

• nám • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**FÓLK**

CLINT EASTWOOD:

*Leitar að 500 staðgenglum – tveir fá að segja átta setningar*

SÍÐA 30 ▶









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júní 2005 - 173. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

### Spunameistarar

Bandarísk stjórnvöld kæra sig kollótt um hverju lesendur virtra fjölmiðla trúa, segir Ólafur Hannibalsson. Það sem skiptir máli er hvað hægt er að fá hinn breiða fjölda til að trúa, hvaða blekkingum þarf að beita til þess að skapa það andrúmsloft að hægt sé að hefja stríð.

UMRÆÐAN 16



### Afslöppuð tónlist



Tónlistarsystkinin Ellen Kristjánsdóttir og bróðir hennar Kristján, eða KK, ætla í tónleikaferðalag um landið sem hefst í kvöld.

SÍÐA 24

### Tony Pulis rekinn frá Stoke

Íslendingafélagið Stoke City í enska boltanum rak í gær knattspyrnustjóra sinn, Tony Pulis, aðeins tveimur mánuðum eftir að hafa gert við hann nýjan samning. Eftirmaður Pulis verður tilkynntur á blaðamannafundi síðar í dag.

ÍÞRÓTTIR 20



**VEÐRIÐ Í DAG**




**FER AÐ RIGNA SUÐAUSTAN TIL SÍÐDEGIS Í DAG** Annars yfirleitt þurrt og skýjað með köflum víða um land, síst þó sunnan til. Hiti almennt 11-16 stig

VEÐUR 4






# Búnaðarbanka ekki getið í ársreikningi

**Ekkert er minnst á Búnaðarbankann í ársreikningi þýska bankans Hauck & Aufhäuser. Engin staðfesting á eign bankans í tilkynningu hans. Misræmis gætir í þýðingu framkvæmdastjóra Eglu á tilkynningu þýska bankans.**

**EINKAVÆÐING** Eignarhlutar þýska bankans Hauck&Aufhäuser í Búnaðarbankanum er ekki getið í ársreikningi hans eins og gefið var í skyn í tilkynningu frá bankanum á mánudag sem var send fjölmiðlum á ensku og íslensku.

Þegar tilkynningarnar tvær eru bornar saman er í ensku tilkynningunni sagt að hlutur þýska bankans í Eglu hafi verið færður í reikningsskil bankans. Í íslensku þýðingunni er hins vegar sagt að bréfin hafi verið „bókuð í ársreikningi bankans.“. Í ársreikningi þýska bankans er hlutarins í Eglu eða Búnaðarbankanum hins vegar ekki getið með beinum hætti hvorki fyrir árið 2003 né fyrir árið 2004.

„Yfirlýsing Hauck&Afhäuser á mánudag varð til með þeim hætti að fyrirsvarsmenn Eglu áttu samtöl við fyrirsvarsmenn þýska bankans og upplýstu þá um umræðuna sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum hérlendis á undanförnum vikum, þar sem meðal annars er dregið í efa eignarhald þeirra á hlutum í Eglu. Í kjölfar þessa ákvað þýski bankinn að senda frá sér sína yfirlýsingu,“ segir Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Eglu.

Guðmundur Hjaltason, endurskoðandi og framkvæmdastjóri Eglu, mun að eigin sögn hafa þýtt tilkynningu Eglu yfir á íslensku og fyrirtækið Athygli sá svo um að koma tilkynningunum til fjölmiðla.

Árni Þórður Jónsson hjá Athygli segir að fyrirtækið hafi aðeins séð um að senda tilkynninguna en segist ekki vita hver skrifaði hana.

„Tilkynningunni var snarað yfir á íslensku til þess að hún kæmist til fjölmiðla sem fyrst. Ef áhöld eru uppi um ónákvæmni í þýðingunni þá er ekki við þýska bankann að sakast,“ segir Kristinn.

Í tilkynningunni kemur ekkert fram um hvort þýski bankinn hafi verið raunverulegur eigandi hlutarins í Búnaðarbankanum.

Kristinn segir að í samtölum við fyrirsvarsmenn þýska bankans hafi verið ljóst að eignir voru færðar í efnahag bankans undir veltubók og eðlilegt væri að fyrirsvarsmenn bankans myndu staðfesta það. **- hb**



MYND/AP

**GAMLI OG NÝI TÍMINN** Herskip af öllum stærðum og gerðum fylltu Solent-sund, nærri Portsmouth á Englandi, í gær í tilefni þess að í ár eru 200 ár liðin frá hinni sögufrægu orrustu við Trafalgar. 21. október 2005 gjörsigraði breski flotinn undir stjórn Nelsons sjóheri Frakka og Spánverja skammt undan Trafalgar-höfða á Spáni en orrustan leiddi að lokum til fullnaðarsigurs Breta á herjum Napóleons Bónaparte.

Samningar hafnir við fyrrverandi sparisjóðsstjóra eftir fjögurra mánaða starf:

# 50 milljóna starfslokasamningur

**STARFSLOK** Björn Ingi Sveinsson, sem var sagt upp störfum sem sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Hafnarfjarðar eftir hallarbyltingu í sjóðnum, kann að fá 50 milljónir króna í starfslokagreiðslur fyrir fjögurra mánuða starf.

Björn Ingi var ráðinn til starfa um síðustu áramót af stjórninni sem þá var við völd. Þegar samið var við Björn Inga um kaup og kjör var fallist á að hann fengi ríflegar bætur ef breytingar yrðu á yfirstjórn sparisjóðsins. Þær eru metnar á um 50 milljónir króna samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Nýja stjórnin sagði Birni Inga upp þegar hún komst til valda og réði annan sparisjóðsstjóra.

Ekki hefur verið gengið frá starfslokum Björns Inga. Hvorki Páll Pálsson, stjórnarformaður Sparisjóðsins, né Björn Ingi vildu tjá sig um efni starfslokasamningsins meðan málið er ófrágengið.

Helgi Vilhjálmsson í Góu er stofnfjáreigandi í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann segir það alveg úti í mýri að reka sparisjóðsstjóra eftir svona stuttan tíma, sérstaklega með viðlíka starfslokasamning. „Þessir menn voru ekki að kaupa bankann til að reka hann. Ég fer ekki svona með peningana sem ég vinn mér fyrir. Svona fara menn bara með peninga sem þeir hafa ekki aflað sér sjálfir,“ segir Helgi um nýja stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

**Sjá Markaðinn í miðju blaðsins** **- eþa/oá**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Félagsfundur Vinstri grænna í Reykjavík samþykkti að allur framboðslisti flokksins skuli vera fléttulisti, þar sem skiptast á karl og kona.

Fléttulisti hjá VG í Reykjavík:

## Kynjakvóti í prófkjöri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Vinstrihreyfingin grænt framboð í Reykjavík ætlar að boða til prófkjörs 1. október þar sem valið verður fólk í sex efstu sæti á lista, hvort sem hreyfingin býður fram ein eða með Reykjavíkurlistanum. Á félagsfundi VG í gær var samþykkt tilhögun prófkjörsins og forvals á framboðslista. Reglurnar kveða á um að karl og kona skipist til skiptis í sæti á lista.

„VG hefur nú tekið afstöðu til þess hvernig valdir verða fulltrúar. Þá eru tímamót út af fyrir sig að prófkjörsleið skuli farin, en það hefur ekki verið gert áður, heldur hefur verið raðað á lista,“ segir Svandís Svavarsdóttir formaður kjördæmisráðs Vinstri grænna í Reykjavík. **-óká**

Jóhannes Páll II:

## Bætist í tölu helgra manna

**VATÍKANIÐ, AP** Undirbúningur er hafinn að því að taka Jóhannes Pál II, fyrrum páfa, í tölu dýrlinga.

Nefnd sem kanna á hvort hann hafi lifað lífi að hætti helgra manna hefur tekið til starfa, og taka nú við vitnaleiðslur og önnur rannsóknarvinna til að ganga úr skugga um það. Einnig þarf að sanna að eftir dauða hans hafi tvö kraftaverk komið til vegna Jóhannesar Páls II áður en hann verður gerður að dýrlingi.

Ljóst er að Jóhannes Páll II nýtur mikillar hylli meðal kaþólikka og margir líta þegar á hann sem dýrling. ■






## SPURNING DAGSINS

*Gunnar, er gott að syngja í Kópavogi?*

„Já, það hljómar allt vel þar.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, vill reisa óperuhús sunnan við Gerðasafn í miðbæ Kópavogs.

Orðið við beiðni Clint Eastwood um leyfi til gerðar kvikmyndar:

# Fær að mynda í Krýsuvík

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Clint Eastwood fær að taka mynd sína Flag of Our Fathers upp í Krýsuvík. Þetta varð ljóst þegar skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar veitti leyfi sitt fyrir tökunum.

„Það var afgreitt einróma að gefa leyfi fyrir myndatökunni með þeim skilyrðum um framkvæmd og frágang sem sett eru fram í samningi bæjarins. Bæjaryfirvöld hafa afgreitt málið og það er enginn ágreiningur lengur um þá afgreiðslu,“ segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði. Umhverfisnefnd bæjarins og stjórn Reykjanesfólkvangs hafa gagnrýnt áform leikstjórans Clint Eastwoods um tökur í Krýsuvík. „Mér finnst þetta sorgleg niðurstaða. Mér finnst sorglegt að ráðamenn í svona stóru bæjarfélagi hafi ekki meiri skilning á náttúruvernd. Miðað við umfangið á þessu hef ég enga trú á að það takist að koma þessu í samt lag,“ segir Kristján Bersi Ólafsson sem sæti á í umhverfisnefnd Hafnarfjarðar. -rsg



**ARNARFELL Í KRÝSUVÍK** Krýsuvík þykir hentug fyrir tökurnar en myndin á að gerast á eyjunni Iwo Jima í Japan árið 1945.

Öryggisráð:

## Áfram í framboði

**STJÓRNMÁL** Engin breyting hefur orðið á stefnu stjórnvalda um framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

„Það er eðlilegt að það fari fram endurmat á stöðunni,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í viðtali á Stöð 2 og vísaði til þess að ólíkt því sem talið var í fyrstu þarf Ísland að heyja kosningabaráttu í von um að hreppa sæti í öryggisráðinu. Það breytir þó engu að sögn forsætisráðherra. “Engin ný ákvörðun hefur verið tekin, svo sú gamla stendur.“

Anders Fogh Rasmussen sagði Stöð 2 að Danir myndu styðja framboð Íslendinga. ■



MYND/AP

**MUKHTAR MAI** Fórnarlamb hópnauðgunar sést hér fyrir utan dómhúsið með lögfræðingum sínum og stuðningsmönnum.

Hópnauðgunin í Pakistan:

## Sýknudómum var hnekkt

**PAKISTAN, AP** Hæstiréttur Pakistans hefur hnekkt dómi áfrýjunardómstóls í máli konu sem nauðgað var af hópi manna og krafist þess að ódæðismennirnir verði handteknir.

Hæstiréttur sneri í morgun sýknudómi yfir þrettán mönnum og hefur krafist þess að þeir verði handteknir að nýju. Í þeim hópi eru fimm menn af sex sem nauðguðu Mai og átta menn sem sátu í öldungaráði bæjarins sem fyrirskipaði að henni skyldi nauðgað. Réttað verður yfir mönnunum þegar þeir verða komnir í varðhald og refsing þeirra ákvörðuð. ■

# Lýkur sögu sinni með löngum skuldahala

**Tækniháskólinn lýkur sögu sinni með tugmilljóna króna halla sem fellur á ríkissjóð. Ríkisvaldið hefur ítrekað þurft að auka fé til skólans á undanförnum árum vegna skuldsetningar hans.**

**SKÓLAMÁL** Ríkissjóður greiðir upp tugmiljóna skuld Tækniháskóla Íslands þegar hann sameinast Háskólanum í Reykjavík um næstu mánaðamót. Þetta bætist við samtals 225 milljóna króna framlag ríkisins til skólans síðustu þrjú ár sem ætlað hefur verið til að greiða niður skuldir hans.

„Árið 2002, þegar Tækniskólanum var breytt í tækniháskóla var halli skólans hátt í þrjú hundruð milljónir króna. Tækniháskólinn fékk úthlutað 205 milljóna fjárheimild í fjáraukalögum árið 2002 til að greiða niður hluta skuldarinnar,“ segir Stefanía Katrín Karlsdóttir, fráfarandi rektor Tækniháskóla Íslands, um skuldahala Tækniskólans sem Tækniháskólinn tók á sig en var greiddur niður að mestum hluta af ríkinu. Auk þess fékk skólinn 19,7 milljónir 2004 til að greiða hluta biðlaunakostnaðar fyrrum starfsmanna Tækniskólans.

Samkvæmt upplýsingum Stefaníu voru skuldbindingar Tækniskólans sem Tækniháskólinn tók yfir það miklar að uppsafnaður halli Tækniháskólans var 127 milljónir í árslok 2003 þrátt fyrir fjárheimildir frá ríkinu. Stefanía sagði þetta gamlar syndir sem Tækniháskólinn hefði fengið í vöggugjöf en hún vildi ekki tjá sig um ástæður halla Tækniskólans.

„Verið er að leggja niður ríkisstofnun og því er gert ráð fyrir að ríkisjóður greiði útistandandi skuldir hennar. Það er eðlilegt að einkaaðili taki ekki yfir þær skuldir,“ segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, um niðurgreiðslu skulda skólans.

Í umsögn með lagafrumvarpinu um afnám Tækniháskóla Íslands sem lagt var fyrir Alþingi 2. desember 2004 var áætlað að skuldir Tækniháskóla Íslands yrðu á bilinu 110 til 125 milljónir króna um mitt ár 2005 og að þessar skuldir færðust ekki yfir á hinn nýja skóla með sameiningunni. Stefanía segir þessar skuldir hafa lækkað um tugi milljóna. ingi@frettabladid.is



**TÆKNIHÁSKÓLI ÍSLANDS** Tók við nærri 300 milljóna skuldahala þegar skólanum var breytt í háskóla árið 2002. Þrátt fyrir aukningu fjárheimilda frá ríkinu til að létta skuldabyrðina náðist ekki að greiða skuldina niður að fullu og var halli skólans 127 milljónir í lok árs 2003. Skólinn er enn stórskuldugur.



**PENNAR Á LOFTI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Gísli Gunnarsson, forseti sveitarstjórnar sveitarfélagsins Skagafjarðar, og Agnar H. Gunnarsson, oddviti Akrahrepps undirrituðu samkomulagið.

Menningarhús í Skagafirði:

## Framlaginu skipt í tvennt

**MENNINGARHÚS** Í gær var undirritað í Miðgarði í Skagafirði samkomulag um uppbyggingu menningarhúss. Í stað þess að byggja eitt menningarhús í Skagafirði mun ríkið leggja til 60 milljónir króna vegna endurbóta á félagsheimilinu Miðgarði og greiða hluta af kostnaði vegna viðbyggingar við safnahús Skagfirðinga á Sauðárkróki.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær ráðist verði í framkvæmdirnar á Sauðárkróki en sveitarfélagið mun greiða 40 prósent af kostnaðinum við báðar framkvæmdirnar en ríkið 60 prósent. - kk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÍSBÍLL VALT** Ísbíll valt í gær við afleggjarann að Sauðafelli í Miðdölum í Dalasýslu. Um er að ræða lítinn sölubíl sem keyrir um landið til þess að selja ís. Hvorki urðu slys á mönnum né dýrum og litlar skemmdir urðu á bílnum og innihaldi hans.

**EKIÐ Á KINDUR** Töluvert er um að keyrt sé á lömb og kindur á þjóðvegum landsins um þessar mundir. Að minnsta kosti tvö slík tilfelli urðu í umdæmi lögreglunnar á Vopnafirði í gær. Vert er að minna ökumenn á að fara varlega þar sem sauðfé er í vegköntum.

Pizza Hut

Frábær fjölskyldustaður
– frí áfylling á barnaísinn –

Láttu sjá þig :)

Nordica • Sprengisandi • Smáralind
www.pizzahut.is • 533 2000

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari:

## Fór fram á úttekt á störfum sínum

**MENNTAMÁL** Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði hefur farið fram á það við menntamálaráðuneytið að fram fari opinber rannsókn á starfs- og stjórnunarháttum hennar við skólann.

„Það hafa verið mjög óvægnar aðdróttanir og árásir á mín störf og stjórnarhætti og ég get ekki setið undir því lengur. Því hef ég farið fram á það við ráðuneytið að það verði gerð úttekt á mínum störfum af hlutlausum aðila. Ráðuneytið hefur fallist á að óska eftir því við Félagsvísindastofnun að annast slíka úttekt. Jafnframt hefur verið gert samkomulag um að deiluefnið, yfirferð enskuprófa Ingibjargar Ingadóttur sem ég hugðist vísa til þriðja aðila, verði ekki send út úr skólanum heldur tekin til athugunnar hjá mats- og gæðaeftirlitsdeild menntamálaráðuneytisins,“ segir Ólína.

Ólína segist vonast til þess að þessar aðgerðir dugi til að skapa sátt um skólastarfið í MÍ og segist reiðubúin að sættast við Ingibjörgu Ingadóttur en tekur fram að það þurfi tvo til. - oá



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR** Segist tilbúin að sættast við Ingibjörgu Ingadóttur en það þurfi tvo til sátta.

## NOREGUR

**OPERA SOFTWARE SÆKIR ENN FRAM** Norska tölvufyrirtækið Opera Software, sem að hluta til er í eigu Íslendingsins Jóns Stephensonar von Tetzchner, hefur gert samning við kínverska símafyrirtækið ZTE um að Opera-vafrinn verði notaður í símum fyrirtækisins. Jón kveðst í samtali við Aftenposten vera mjög ánægður með samninginn enda er kínverski símamarkaðurinn einn sá stærsti í heimi.

**LIMGERÐINU STOLIÐ** Fjölskyldu í Sædalen á Hörðalandi brá heldur betur í brún þegar hún kom heim úr helgarferð í fyrradag. Búið var að stela heilu limgerði úr garðinum hjá þeim en þau höfðu plantað trjánum áður en þau fóru í fríið. Børre Botnmark, eigandi limgerðisins, sagðist telja í samtali við Bergens Tidende að þjófarnir rækju sennilega garðyrkjuþjónustu þar sem stolið limgerði væri boðið til kaups.

## HÆSTIRÉTTUR

**FRAMHALD GÆSLUVARÐHALDS STAÐFEST** Hæstiréttur staðfesti í gær áframhaldandi gæsluvarðhald yfir erlendu pari, breskri konu og bandarískum manni, sem grunuð eru um fjársvik og fyrir að svíkja bíla út úr bílaleigum og reyna að hafa með sér úr landi með farþegaskipinu Norrænu. Fólkið var handtekið af lögreglu í Hanstholm í Danmörku 11. júní.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28720 06/2005

**Þér er boðið í veislu** í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

**Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:**

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

**Veitingar í boði alla vikuna.**

**Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.**

**Opið í dag frá kl. 9.00 til 18.00.**

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 28.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,10 | 65,42 |
| Sterlingspund | GBP | 118,63 | 119,21 |
| Evra | EUR | 78,82 | 79,26 |
| Dönsk króna | DKK | 10,58 | 10,64 |
| Norsk króna | NOK | 9,91 | 9,97 |
| Sænsk króna | SEK | 8,38 | 8,43 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,23 | 95,79 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,96 +0,54%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ár liðið frá því að Írakar fengu fullveldi sitt á ný:

# Aldursforseti þingsins ráðinn af dögum

**BAGDAD, AP** Í gær var ár liðið síðan Írakar fengu aftur fullveldi sitt eftir innrásina í landið í mars 2003. Engu að síður er þar róstusamt sem aldrei fyrr.

Í gærmorgun beið Ahari Ali al-Fayadh, tæplega níræður aldursforseti íraska þingsins, bana ásamt syni sínum og lífvörðum í sjálfsmorðssprengjuárás nærri Bagdad. Fayadh var á leið til þingins þegar árásin var gerð en hann var fulltrúi Íslamska byltingarráðsins í Írak, SCIRI. Þetta er annar þingmaðurinn sem ráðinn er af dögum síðan Írakar gengu að kjörborðinu í janúarlok.

Al-Kaída í Írak lýsti ábyrgð á tilræðinu á vefsíðu í gær en áreiðanleiki hennar hefur ekki fengist staðfestur. Tilræðið var harðlega fordæmt en talið er að því sé ætlað að auka enn á spennu sem fyrir er milli sjía og súnnía..

Talið er að að minnsta kosti tólf manns hafi dáið í öðrum árásum í landinu í gær. Þar á meðal voru fimm manns sem létust í þremur bílsprengjuárásum í bænum Baqouba.

George W. Bush Bandaríkjaforseti ávarpaði þjóð sína í gærkvöld í tilefni afmælis fullveldisframsalsins. Efasemdir um réttmæti stríðsrekstrarins í Írak gerast æ meiri á meðal bandarísku þjóðarinnar og því reyndi Bush að sannfæra hana um að árangur væri í augsýn. ■



**BÍLSPRENGJA SPRAKK** Ekki var mikið eftir af bíl þingmannsins al-Fayadh sem lést eftir að bíll hans var sprengdur.

Bandamaður Sýrlands:

## Berri kosinn þingforseti

**BEIRÚT, AP** Þrátt fyrir að andstæðingar Sýrlandsstjórnar hafi unnið sigur í líbönsku þingkosningunum á dögunum var einn helsti bandamaður Sýrlendinga kjörinn forseti þingsins í gær.

Nabih Berri, leiðtogi sjíahreyfingarinnar Amal, hefur gegnt embættinu um margra ára skeið og í gær var hann endurkjörinn með yfirgnæfandi meirihluta. Talið er að með kjörinu hafi andstæðingar hans viljað rétta fram sáttahönd og koma í veg fyrir að Hizbollah-hreyfingin yrði of öflug.

Samkvæmt kosningakerfi Líbana er staða þingforseta eyrnamerkt sjíum. ■



**ÚRSLITUNUM FAGNAÐ** Mikil gleði ríkti í hverfum sjía.

Framsókn í Kópavogi:

## Efnir til prófkjörs

**STJÓRNMÁL** Framsóknarmenn í Kópavogi efna til opins prófkjörs til að velja sex efstu frambjóðendur flokksins til bæjarstjórnarkosninga næsta vor.

Prófkjörið verður haldið á tímabilinu 29. október til 20. nóvember í haust og geta allir Kópavogsbúar, átján ára og eldri, kosið. Þeir einir geta gefið kost á sér sem eru flokksbundnir framsóknarmenn.

Prófkjörið er bindandi séu niðurstöður þess í samræmi við reglur Framsóknarflokksins sem tryggja hvoru kyni um sig minnst 40% fulltrúa. Það þýðir að þrjár konur og þrír karlar eiga að raðast í sex efstu sætin, ella er prófkjörið óbindandi. **- bþg**



**FRUMTEIKNING AÐ ÓPERUHÚSINU** Óperustjórinn Bjarni Daníelsson hafði ekkert heyrt af hugmynd Gunnars.

# Vel tekið í hugmynd um óperu í Kópavogi

**Frammámenn í Íslensku óperunni taka vel í hugmynd Gunnars I. Birgissonar um óperuhús í Kópavogi. Menntamálaráðherra segir hana til marks um hve framarlega Kópavogur er í menningarmálum.**

**ÓPERA** Bjarni Daníelsson, óperustjóri Íslensku óperunnar, tekur vel í hugmynd Gunnars Birgissonar bæjarstjóra Kópavogs um að reisa óperuhús í Kópavogi.

„Mér finnst þetta góð hugmynd, bæði er gott að hún skuli koma fram sem innlegg í umræðuna og svo finnst mér hún algjörlega óvitlaus. Það sem okkur dreymir um er auðvitað vinnuaðstaða fyrir óperuna og aðrar greinar tónlistarleikhúss en ekki það að geta hlaupið inn í einhvern fjölnotasal og við,“ segir Bjarni.

Hingað til hefur umræðan um Óperuna snúist um aðstöðu hennar í væntanlegu tónlistarhúsi í Reykjavík en ekki er gert ráð fyrir að það hús verði sérhannað fyrir Óperuna. Gunnar Birgisson hefur látið vinna frumteikningar að óperuhúsi en hugmyndin hefur hvorki verið lögð fyrir bæjarstjórn né Íslensku óperuna.

„Mér finnst þetta kristalla það og draga skarplega fram hvað Kópavogur er framarlega í menningarmálum,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra um hugmynd Gunnars. Hún segir að í ágúst verði valinn hönnuður að tónlistarhúsi og þá fari línur að skýrast. „Það hefur verið tekið tillit til óska óperuunnenda og kröfunum breytt í samræmi við það. Það á að vera hægt að flytja óperur með frambærilegum hætti í húsinu,“ segir Þorgerður. Hún bendir á að Íslenska óperan fái einungis styrki frá ríkinu og sé ekki ríkisstofnun og því ekki sjálfgefið að ríkisvaldið taki þátt í rekstri óperuhúss.

„Við munum vera tilbúin til að skoða þetta og velta fyrir okkur tölunum,“ segir Jón Karl Ólafsson varaformaður stjórnar Íslensku óperunnar. Júlíus Vífill Ingvarsson, stjórnarmeðlimur, tekur undir með Jón Karli og fagnar athyglinni sem Gunnar veiti þessu máli. „Það er tímabært að það komi fram á opinberum vettvangi viðbrögð við nauðsyn þess að skapa þessari listgrein umgjörð til framtíðar sem henni sæmir,“ segir Júlíus.

**rsg@frettabladid.is**

Eldsneytisverð:

## Skeljungur hækkar

**NEYTENDUR** Olíufélagið Skeljungur fylgdi í gær í kjölfar annarra olíufyrirtækja í landinu og hækkaði eldsneytisverð á stöðvum sínum til samræmis við Olís og Esso.

Er því lítraverð á stöðvum þessara aðila fyrir 95 oktana bensín í sjálfsafgreiðslu alls staðar 110,20 krónur og 58,10 krónur fyrir lítra af díselolíu. Verð á sjálfsafgreiðslustöðvum Ego, Atlantsolíu, Orkunnar og ÓB er einnig að mestu hið sama yfir línuna. Þar fæst 95 oktana bensínlítrinn á 108,90 krónur og lítri af díselolíu á 56,70 krónur.

Tekið skal fram að í töflu með grein um eldsneytisverð í fyrradag var tilgreint rangt verð á díselolíu. **-aöe**

## DANMÖRK

**SE OG HØR DÆMT VEGNA MYNDA**

Undirréttur í Kaupmannahöfn hefur dæmt danska slúðurtímaritið Se og Hør til greiða dönsku leikkonunni Anne Louise Hassning rúmar 200.000 íslenskar krónur í skaðabætur. Blaðið hafði fjallað um leikkonuna sem lék í sjónvarpsþáttunum Kroniken og birt nektarmyndir af henni úr kvikmyndinni Idioterne með klúrum tilvísunum. Það taldi dómurinn ólöglegt.

**EIGINMAÐUR RÁÐHERRA SEKTAÐUR** Jørgen Tørnæs, svínabóndi og eiginmaður Ullu Tørnæs þróunarsamvinnuráðherra, var í gær dæmdur til að greiða tæpar tvær milljónir íslenskra króna í sekt fyrir að ráða Úkraínumenn og Letta sem voru án atvinnuleyfis til að vinna á búgarði sínum. Ekki er talið að eiginkona hans segi af sér en málið þykir engu að síður vandræðalegt fyrir ríkisstjórnina.


*Verslaðu við traustan aðila!*

**Ægisskyggnin**

–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu




• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar • góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

**OPIÐ:**
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is


## VEÐRIÐ Í DAG

**VEÐRIÐ NÆSTU HELGI**

Veðurhorfur fyrir komandi ferðahelgi eru nokkuð á reiki ennþá, einkum úrkoman. Horfur eru á suðlægum áttum á laugardag með vætu hér og hvar sem fer minnkandi þegar líður á daginn. Á sunnudag nálgast lægð Suðausturlandið með vaxandi austan og síðar norðaustan átt. Þeirri lægð fylgir allnokkur vindur sem og úrkomusvæði sem leggst fyrst og fremst á Suðaustur- og Austurlandið í fyrstu og síðan víðar. Vonandi rætist úr þessu þegar nær dregur helgi !!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Strekkingur austan til annars hægari.

### Föstudagur




Strekkingur með norður- og austurströndinni, annars hægari.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | heiðskírt | París | 26°C | hálfskýjað | Alicante | 32°C | heiðskírt |
| Osló | 21°C | heiðskírt | Berlín | 25°C | heiðskírt | Milano | 29°C | alskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C | hálfskýjað | Frankfurt | 27°C | alskýjað | New York | 25°C | hálfskýjað |
| Helsinki | 15°C | skúrir | Madrid | 31°C | heiðskírt | San Francisco | 21°C | heiðskírt |
| London | 25°C | hálfskýjað | Barcelona | 31°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C | heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Útsalan

## hefst í dag

opið til kl. 21

í Smáralind, Kringlu og Skeifu

# 30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

## 500 OG 1000 KR.

## MARKAÐUR



Fyrstur kemur fyrstur fær

allt á 500
eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

www.hagkaup.is



## KJÖRKASSINN

*Getur eitthvert lið komið í veg fyrir að FH-ingar verji Íslandsmeistaratitil sinn í fótbolta?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 41% |
| Nei | 59% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið á stórtónleika í sumar?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ráðist verður í nýtt átak í umferðaröryggismálum:

# Aukið fé til fækkunar slysum

**UMFERÐARÖRYGGI** Stórauknu fjármagni verður á næstu fjórum árum veitt til umferðaröryggismála samkvæmt samningi sem Umferðarstofa og Ríkislögreglustjóri undirrituðu á blaðamannafundi í gær.

Næstu fjögur ár verður 385 milljónum króna veitt árlega í aukið umferðaröryggi og árangur átaksins reglulega kynntur fyrir almenningi. Tilgangurinn er sá að fækka þeim sem látast eða slasast alvarlega í umferðarslysum. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sagðist á blaðamannafundinum vonast til að árangur átaksins yrði slíkur að áfram yrði veitt verulegu fjármagni í áróður og eftirlit til að auka umferðaröryggi.

Fyrir hluta fjármagnsins mun embætti Ríkislögreglustjóra festa kaup á svokölluðum „eyewitness“-tækjum sem eru stafrænar upptökuvélar sem komið er fyrir í lögreglubílum til að auðvelda umferðareftirlit.

Á fundinum kynnti svo Umferðarstofa nýja auglýsingaherferð þar sem sagt er frá þankagangi þeirra sem lenda í alvarlegum umferðarslysum þegar slysin verða og sagði Einar Magnús Magnússon upplýsingafulltrúi Umferðarstofu að markmiðið væri að uppræta þann hugsanagang. **- oá**



**STURLA BÖÐVARSSON, KARL RAGNARS OG HARALDUR JOHANNESSEN** Samgönguráðherra sagði á blaðamannafundi í gær að ábyrgð fjölmiðla væri mikil þegar kemur að því að breiða út boðskap umferðaröryggis.



**LILJA VIÐARSDÓTTIR** Nýr aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA með aðsetur í Brussel.

Ráðherrafundur EFTA:

## Íslenskur framkvæmdastjóri

**EFTA** Á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Liechtenstein sem lauk í gær var tekin ákvörðun um að ráða Lilju Viðarsdóttur sem aðstoðarframkvæmdastjóra EFTA með aðsetur í Brussel til þriggja ára frá hausti 2006. Davíð Oddsson, utanríkisráðherra, sat fundinn af hálfu Íslands. Í yfirlýsingu fundarins kemur meðal annars fram að EFTA-ríkin séu að skapa sér sterka samkeppnisstöðu á Asíumarkaði með fríverslunarviðræðum við lönd eins og Suður-Kóreu og Taíland. ■

### VIRKJANAFRAMKVÆMDIR

**HÚSKERFI KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR** Landsvirkjun hefur óskað eftir tilboðum í húskerfi fyrir Kárahnjúkavirkjun í Fljótsdal. Verkið felst í efnisútvegun, smíði, uppsetningu, prófunum og gangsetningu á kerfunum. Útboðsgögn fást afhent í móttöku Landsvirkjunar í Reykjavík frá og með deginum í dag, en þeim á að skila fyrir klukkan tvö, föstudaginn 26. ágúst.

# Ríkið gekk á bak orða sinna

**Samtök verslunar og þjónustu gagnrýna harðlega stækkun komuverslunar Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og segja stjórnmálamenn sem hafi lofað að draga úr starfseminni ganga á bak orða sinna. Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar segist fyrst og fremst vera í samkeppni við erlendar fríhafnir.**

**SAMKEPPNI** Komuverslun fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið stækkuð um meira en helming, frá 460 fermetrum upp í rúma þúsund fermetra. Samtökum verslunar og þjónustu þykir utanríkisráðuneytið hafa gengið á bak orða sinna með því að samþykkja að stækka rekstur sem er í samkeppni við einkaaðila.

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri samtakanna segir alla stjórnmálaflokka hafa verið spurða að því fyrir síðustu kosningar hvort ríkið ætli sér að vera áfram í smásölusamkeppnisrekstri. Allir flokkar svöruðu því til að draga bæri saman rekstur komuverslunarinnar. Hann segir það skjóta skökku við að ríkisfyrirtæki sé í samkeppni um sölu á snyrtivörum, sælgæti, raftækjum og öðru því sem kaupa má í fríhöfninni.

Aðspurður hvort það sé ekki hagur neytenda að úrval og aðgengi sé gott í fríhöfninni segir Sigurður að ef svo væri hlyti þá líka að vera hagur neytenda ef ríkið sæi þá um það sjálft að reka almennar neysluvöruverslanir, því sé um tvískinnung að ræða. Hann segir það skoðun SVÞ að ríkið eigi að einskorða sig við rekstur sem er þess eðlis að hann sé ekki í beinni samkeppni við einkaaðila.

Sturla Eðvarsson framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar ehf. blæs á gagnrýni Samtaka verslunar og þjónustu. „Við erum fyrst og fremst í samkeppni við aðrar brottfararverslanir á erlendum flugvöllum“, segir Sturla. Hann segir það hafa verið nauðsynlegt að stækka komuverslunina enda hafi svo verið komið að á álagstímum hafi fólk hreinlega ekki komist inn í verslunina. Hann segir Fríhöfnina aldrei hafa verið í samkeppni við innlendar verslanir og aldrei hafa auglýst á innanlandsmarkaði. Aðspurður um auglýsingu sem birtist fyrir jólin þar sem iPod hljómflutningstæki voru auglýst á lægra verði í Fríhöfninni segir hann þá auglýsingu ekki hafa verið frá Fríhöfninni komna.

**oddur@frettabladid.is**



**FRÁ FRÍHÖFNINNI** Sturla Eðvarðsson framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar segist ekki vera í samkeppni við innlendar verslanir heldur erlendar fríhafnir.


ÚTSALAN HEFST Í DAG

30%-50% AFSLÁTTUR

ROLLINGAR

Rollingar Kringlunni Sími 568 6688


Héraðsdýralæknir tók í taumana:

## Vanfóðruð hross í Hafnarfirði

**DÝRAHALD** Héraðsdýralæknir hafði í vikunni afskipti af þremur vanfóðruðum hestum, sem haldnir voru í hesthúsi á svæði hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði. Var eigendum veitt tiltal og gert að sleppa þeim í haga, svo þeir kæmust á grös.

Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir staðfesti að hann hefði haft afskipti af þessu máli. Haft var samband við hann í síðustu viku og honum gert viðvart um bágt ástand hrossanna. Hann sendi eftirlitsmann á staðinn, sem sá að hestarnir voru ekki hirtir sem skyldi. Voru þeir ekki í nógu góðum holdum miðað við að þeir væru á fullri gjöf.

Héraðsdýralæknisembættið hafði samband við eiganda hrossanna og kom á framfæri athugasemdum um umhirðu þeirra. Honum var gert að sleppa þeim út í síðasta lagi í fyrradag, sem hann og gerði.

Héraðsdýralæknir sagði við Fréttablaðið að virkt eftirlit væri með að atburðir af þessu tagi ættu sér ekki stað. Til dæmis væri fóðureftirlitsmaður á ferð um hesthúsahverfin á höfuðborgarsvæðinu og kannaði stöðuna þar sem menn væru enn með hross á húsi. **-jss**



**HESTAHALD** Það heyrir til hreinna undantekninga á seinni tíð að hafa þurfi afskipti af hesteigendum vegna vanfóðrunar á hrossum. Myndin er alls óviðkomandi efni fréttarinnar.



**FRÁ GUANTANAMO** Enn koma fram ásakanir um vanhelgun Kóransins í herstöðinni.

Guantanamo:

## Kóraninn í klósettið

**KÚBA, AP** Sex Pakistanar segjast hafa orðið vitni að vanhelgun Kóransins í fangabúðunum í Guantanamo á Kúbu. Mennirnir halda því fram að við yfirheyrslur í fangelsinu sé traðkað á Kóraninum og hann rifinn í tætlur.

Svipaðar ásakanir hafa komið fram frá rússneskum föngum. „Á Kúbu voru þeir vanir að kasta Kóraninum í klósettið. Þetta var gert reglulega til að ögra okkur,“ sagði einn þeirra.

Bandaríkjamenn neita þessum ásökunum og segja að al-Kaída þjálfi fanga í því að ljúga með þessum hætti. ■

### SVÍÞJÓÐ

**PAR DÆMT FYRIR MÓÐURDRÁP** Dómstóll í Värnamo dæmdi í gær 17 ára stúlku og 18 ára gamlan unnusta hennar til vistunar á geðsjúkrahúsi en í apríl síðastliðnum myrtu þau móður stúlkunnar á heimili hennar í Gislaved í Mið-Svíþjóð. Þau áformuðu auk þess að myrða föður hennar, systkini og ömmu í þeirri von að þau sætu ein að fjölskylduarfinum.

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




Sakaður um fíkniefnasölu og samræði við barn:

# Neitar sök og vill ekki tjá sig

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Suðurlands yfir manni á þrítugsaldri sem grunaður er um fíkniefnasölu og kynferðismök við stúlku undir 14 ára aldri. Maðurinn var handtekinn á miðvikudaginn fyrir viku og úrskurðaður í gæsluvarðhald á fimmtudag, en það rennur út á morgun.

Í dómskjölum kemur fram að lögreglan á Selfossi hafi frá 20. maí hlerað síma mannsins og hafi sú hlerun margsinnis leitt til handtöku fólks með talsvert magn fíkniefna. Sjálfur er maðurinn sagður hafa verið virkur í sölustarfsemi og við afhendingu efna.

Við handtöku fundust í fórum mannsins tveir hassmolar og meintur skuldalisti vegna fíkniefnaviðskipta. Alls segist lögregla hafa hlerað um 1.900 símtöl í síma mannsins og fengið upplýsingar um fjölda kaupenda, auk stærri dreifingaraðila. Þá vaknaði grunur um að maðurinn hefði haft samræði við stúlku undir lögaldri og telur lögregla nauðsyn á skýrslutöku í Barnahúsi vegna þess. Maðurinn harðneitar sök og neitar að mestu að tjá sig um sakarefni. Brot hans eru sögð geta varðað allt að 12 ára fangelsi.

-óká



**ÖLFUSÁRBRÚ Á SELFOSSI** Lögregla á Selfossi hleraði tæplega tvö þúsund símtöl í síma manns sem situr í gæsluvarðhaldi grunaður um umfangsmikla fíkniefnasölu á Suðurlandi. Maðurinn er einnig grunaður um samræði við stúlku undir lögaldri.

# Erlendir fjársvikarar hóta fólki öllu illu

**Rukkarar erlendra fjársvikafyrirtækja hringja hiklaust í fólk heim að kvöldlagi og hóta því öllu illu ef það greiði ekki tiltekna „skuld.“ Fjölmargir forráðamenn íslenskra fyrirtækja hafa orðið fyrir slíkum hótunum.**

**FJÁRSVIK** Þess eru dæmi að erlend auglýsingasvikafyrirtæki hringi í forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja heim að kvöldlagi og hóti þeim öllu illu ef þeir greiði ekki fyrir veitta „þjónustu.“ Starfsemi erlendu fjárplógsfyrirtækjanna snýst um að fá fyrirtæki til að samþykkja skráningu í gagnabanka, að því er virðist án endurgjalds. Í smáu letri sem fylgir skilmálum er hins vegar kveðið á um að greiða þurfi háar fjárhæðir fyrir skráninguna. Reikningar upp á 70 þúsund krónur, sem er algeng upphæð, koma því forráðamönnum fyrirtækja í opna skjöldu.

Þetta segir Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. SVÞ hafa nú varað sérstaklega við þessum svikafyrirtækjum, sem einkum láta til sín taka á vorin og sumrin. Sigurður segir, að svo virðist sem þeir sem stunda þessa iðju telji að auðveldara sé að villa um fyrir sumarafleysingafólki heldur en starfsmönnum sem hafa meiri reynslu. Svikararnir beiti sífellt nýjum aðferðum svo erfitt er að varst þá.

„Við höfum fengið fjölmargar ábendingar og beiðnir um aðstoð undanfarnar vikur frá Íslendingum sem hafa lent í klóm fyrirtækja sem stunda fjárplógsstarfsemi,“ segir Sigurður og bætir við að mest sé kvartað undan skráningarfyrirtækinu European City Guide.

„Ef reikningar frá þessu fyrirtæki eru ekki greiddir er skuldurum hótað hörðum innheimtuaðgerðum og ærnum viðbótarkostnaði. SVÞ ráðleggja fyrirtækjum að greiða ekki slíka reikninga nema þau telji sig hafa efnt til skuldanna,“ bætir hann við.

European City Guide er skráð á Spáni. Það er fyrirtækið Silver Stone Management einnig, sem sérhæfir sig í því að svíkja út fjármuni með því að bjóða mikla ávöxtun peninga með lítilli fyrirhöfn og telja Íslendingum trú um að nú sé tækifærið til að hagnast á sterkri stöðu krónunnar. SVÞ hafa fengið kvörtun frá aðila sem lagði inn þúsundir bandaríkjadala á bankareikning fyrirtækisins í von um skjótfenginn gróða en peningarnir hurfu fljótt og ekki hefur enn náðst í fulltrúa fyrirtækisins, sem áður var svo vinsamlegur og hjálpfús í símtölum og bréfasendingum, að sögn Sigurðar.

jss@frettabladid.is



**HJÁLPARBEIÐNIR** Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVÞ hefur fengið fjölmörg símtöl frá forráðamönnum íslenskra fyrirtækja sem lent hafa í klóm svikafyrirtækja. Hann varar íslenska lögfræðinga við að taka að sér innheimtustarfsemi fyrir þau. Upplýsingar um þessi fyrirtæki eru á vefsíðu SVÞ.

Sauma þurfti níu spor fyrir ofan leggangaop:

# Dæmt fyrir hrottafengna nauðgun

**DÓMSTÓLAR** 42 ára gamall maður var dæmdur í þriggja ára fangelsi í gær fyrir hrottafengna nauðgun á fyrrum sambýliskonu sinni. Verknaðurinn stóð í um klukkustund í fjölbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu að kvöldi mánudagsins 12. júlí í fyrra. Hann þarf að auki að greiða henni eina milljón króna í skaðabætur.

Maðurinn reif konuna úr fötunum, ógnaði henni og þvingaði til samræðis bæði í svefnherbergi og inni á baði, en þar tróð hann einnig salernispappír í leggöng hennar. Konan hlaut af marbletti og hrufl, auk þess sem sauma þurfti með níu sporum sprungu fyrir ofan leggangaop hennar. Dómurinn tók ekki til greina neitun mannsins á verknaðinum, en hann kvaðst hafa komið ölvaður á heimili konunnar umrætt kvöld til að kvarta undan símaónæði. Dómurinn segir fjarstæðukennda skýringu mannsins, að konan hafi sjálf veitt sér áverka á kynfærum.

Þá var maðurinn einnig dæmdur fyrir margvísleg umferðarlagabrot og fyrir að hafa í nokkur skipti haft í fórum sínum fíkniefni af ýmsum toga, en þau brot játaði maðurinn. Gerð voru upptæk 19,17 grömm af maríhúana, 3,84 grömm af hassi og 15,84 grömm af amfetamíni sem lögregla lagði hald á.

-óká



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Fjölskipaður dómur kvað upp þriggja ára fangelsisdóm yfir rúmlega fertugum manni í gær fyrir nauðgun og fleiri brot. Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Símon Sigvaldason, Arngrímur Ísberg og Sigríður Ingvarsdóttir.

REYKJAVÍK ROCKS

ÞAÐ ERU **ALLIR**
AÐ FARA Á

# DURAN DURAN

Á **MORGUN ...**

# NEMA ÞÚ !!!

Tryggðu þér miða **NÚNA** í verslunum 10-11

...þegar þér hentar

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKYGGNST EFTIR BRÁÐ** Þessi bláhegri skimaði rogginn eftir bráð sinni þar sem hann húkti á þaki báts í Bresku Kólumbíu, Kanada í gær.

Neytendasamtökin í mál við eitt olíufélaganna:

# Krefjast bóta vegna samráðs

**VIÐSKIPTI** Á morgun verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál félagsmanns Neytendasamtakanna á hendur einu olíufélaganna vegna meints taps af ólöglegu verðsamráði þeirra. Eggert Bjarni Ólafsson, lögmaður mannsins í málinu, sagði í gær ekki búið að negla niður á hendur hverju olíufélaganna þriggja, Esso, Olís eða Skeljungs, málið yrði höfðað. Hann sagði þó ákveðnar líkur á að það yrði Olíufélagið, Esso.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Olíufélagsins, segir að félaginu hafi verið sent eitt innheimtubréf, sem borið hafi þess merki að þar gæti verið á ferð mál sem Neytendasamtökin hafi tekið upp á sína arma. „En því bréfi er búið að svara og hafna kröfunum,“ segir hann.

Að sögn Jóhannesar Gunnarssonar, formanns Neytendasamtakanna, annast samtökin málið fyrir félagsmann sinn. „Og ef málið tapast þá berum við kostnað af málarekstrinum,“ segir hann.

Vinnist málið, sem er nokkurs konar prófmál, er viðbúið að nokkur mál fylgi í kjölfarið frá fleirum og eins á hendur hinum olíufélögunum.

-óká



**JÓHANNES GUNNARSSON** Formaður Neytendasamtakanna segir samtökin reka mál félagsmanns síns á hendur einu olíufélaganna og bera kostnað af málarekstrinum fari svo að málið tapist í héraði.

Auga fyrir auga:

## Dæmdur til að blindast

**ÍRAN** Íranskur dómstóll hefur úrskurðað að maður á þrítugsaldri skuli blindaður.

Þegar maðurinn var táningur lenti hann í átökum sem lyktaði með því að hann sletti sýru í andlit annars unglings og missti sá sjónina. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að lögmálið um „auga fyrir auga“ ætti að gilda og því skyldi sýru hellt í augu mannsins. Áfrýjunardómstóll dæmdi hins vegar að hann skyldi blindaður með skurðaðgerð.

Amnesty International hefur fordæmt dóminn. Breska blaðið Independent bendir hins vegar á að slíkum refsingum sé sárasjaldan fullnægt. ■



**MEÐ BROS Á VÖRUM** Oddviti Þingeyjarsveitar, Ásvaldur Æ. Þormóðsson, afhendir slökkviliðsstjóranum, Friðriki Steingrímssyni, lyklana að bifreiðinni.

Þingeyjarsveit:

## Ný slökkvibifreið

**SLÖKKVILIÐ** Ný og öflug slökkvibifreið, af gerðinni Ford F550, var formlega tekin í notkun hjá Slökkviliði Þingeyjarsveitar síðastliðinn sunnudag. Bifreiðin, sem kostaði 11,7 milljónir króna án virðisaukaskatts, er búin háþrýstidælu, ber tvö tonn af vatni og í henni eru sæti fyrir sex manns. MT-bílar í Ólafsfirði smíðuðu slökkvibifreiðina og var þetta þriðja bifreiðin sömu gerðar sem fyrirtækið smíðar.

- kk

**LEIÐRÉTTING**

Hugmyndir Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra að óperuhúsi í Kópavogi gerir ráð fyrir 2.500 fermetra húsi, ekki 250 fermetra húsi líkt og misritaðist í gær.

# Fyrsta kjarnasamrunaverið verður reist í Frakklandi

**Nýr og byltingarkenndur orkugjafi gæti verið í sjónmáli ef tilraunir með kjarnasamrunaofn skila árangri. Ákveðið hefur verið að verja 830 milljörðum króna í smíði eins slíks í Frakklandi.**

**VÍSINDI** Frakkland hefur verið valið til þess að hýsa kjarnasamrunaofn sem nýta á í tilraunaskyni. Afar vandasamt er að framkalla og stýra kjarnasamruna en skili vinnslan árangri er kominn fram orkugjafi sem talinn er umhverfisvænni en flestar aðrar orkuvinnsluaðferðir.

Bandaríkin, Japan, Suður-Kórea, Rússland og Kína, auk Evrópusambandsins, standa að þessu umfangsmikla verkefni. Verja á um 830 milljörðum króna í byggingu og rekstur versins og möguleiki er á að allt að tíu þúsund ný hálaunastörf verði til í tengslum við verkefnið. Því hefur samkeppnin um hvar byggja eigi tilraunastöðina verið hörð. Japanar sóttu fast að fá ofninn til sín en féllust svo á að hann yrði byggður í Cadarache, nærri Marseille í Frakklandi, gegn því að Japanar fái að vinna fimmtung sérfræðistarfa í verinu.

Í hefðbundnum kjarnorkuverum er rafmagn framleitt með kjarnaklofnun. Við kjarnasamruna eru hins vegar vetnissamsætur látnar renna saman en þá losnar gífurleg orka úr læðingi. Því eru vetnissprengjur mun öflugri en venjulegar kjarnorkusprengjur.

Miklar vonir eru bundnar við kjarnasamruna sem framtíðarorkugjafa. Eldsneyti til kjarnasamruna má finna hvarvetna í umhverfinu, til dæmis í vatni. Samkvæmt BBC er talið er að úr einu kílói af kjarnasamrunaeldsneyti megi fá jafn mikla orku og úr 10.000 tonnum af jarðeldsneyti. Kjarnorkuúrgangurinn sem fellur til við vinnsluna er frekar lítill um sig og auk þess tekur það hann mun skemmri tíma að brotna niður en úrgang sem verður til vegna kjarnaklofnunar. Við þetta má svo bæta að engar gróðurhúsalofttegundir verða til við vinnsluna.

Tilraunir eru þó vandkvæðum bundnar því þær krefjast þess að gas sé hitað í meira en hundrað milljón gráður sem er margfaldur hiti miðju sólar þar sem stöðugur kjarnasamruni fer fram. Slíkan hita er útilokað að framleiða við eðlilegar aðstæður á jörðinni og því færi vinnslan fram í sérstöku rafsegulsviði.

Umhverfisverndarsamtök eru vantrúuð á að kjarnasamruni sé eins skaðlítill umhverfing og formælendur verkefnisins halda fram. Þeir benda auk þess á að Cadarache sé á jarðskjálftasvæði.

annat@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**CADARACHE Í FRAKKLANDI** Mörg ríki bitust um kjarnasamrunaofninn en Frakkar hrepptu að lokum hnossið. Búist er við að ofninn verði tilbúinn eftir um áratug.


Örugg skemmtun

Þetta er líka skemmtun sem borgar sig en Saloon notar ekki nema 6,8 ltr á 100km í blönduðum akstri.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

DVD ferðaspilari
og dráttarbeisli
fylgir Saloon






Með bílinn handa þér

Renault Megane Saloon, 4 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur með DVD ferðaspilara og dráttarbeisli. (Tilboð gildir á meðan birgðir endast.)

Þú eignast hann fyrir kr. 1.920.000

Bílasamningur kr. 19.990 á mánuði*

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Fólk með fljúgandi golfdellu klippið hér

www.icelandexpress.is




10 FERÐA-VINNINGAR



## ICELAND EXPRESS OPEN

# ÞAÐ VERÐUR FLOGIÐ Á 18 NÝJA ÁFANGASTAÐI Á LAUGARDAGINN

**Iceland Express golfmótið** verður haldið laugardaginn **2. júlí** á **Vífilsstaðavelli**. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar ber hitann og þungann af skipulagningu mótsins. Keppnisfyrirkomulag er punktakeppni og besta skor (hámark 24 kk og 28 kvk). Með mjúkri millilendingu á Vífilsstaðagolfvellinum gætirðu verið á leið til Evrópu með Iceland Express. Góða skemmtun!

**Verðlaun fyrir besta skor**

2 farseðlar á áfangastaði Iceland Express í Evrópu.

**Verðlaun í punktakeppni**

**1. sæti:** 2 farseðlar á áfangastaði Iceland Express í Evrópu

**2. sæti:** 1 farseðill á einn áfangastaða Iceland Express í Evrópu

**3. sæti:** 1 farseðill á einn áfangastaða Iceland Express í Evrópu

**Nándarverðlaun**

á öllum par 3 holum 3 farseðlar og fleiri vinningar

**Útdráttur / Leikur:**

1 farseðill á einn áfangastaða Iceland Express í Evrópu

**Þátttökugjald: 4.000 kr.**

**Iceland Express Open: Skráning á www.gkg.is**

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

„ORÐRÉTT“

*„Ég er gömul í hettunni og vinn enn þá út frá lýrískum abstraktsjónum.“*

SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR, BÆJARLISTAMAÐUR Í HAFNARFIRÐI, Í MORGUNBLAÐINU.

*„Brúðardansinn var á sínum stað og gestirnir dönsuðu dálítið í stofunni.“*

RAGNAR PÁLL ÓLAFSSON, NÝKVÆNTUR DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Á RÁS 2, Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær
**tilveran**

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

# *Hákarl og brennivínstár eftir Mýrdalssand*

Það verður að segjast eins og er að Mýrdalssandur er lengri en hann lítur út fyrir að vera. Þar er fátt að sjá og ekki bætti úr skák rigningin í upphafi göngunnar. Það rættist þó úr veðrinu þegar leið á daginn og undir lokin gengum við í ljómandi gönguveðri. Okkur bættist félagsskapur á síðustu kílómetrunum; Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, slóst í för með okkur og var hin hressasta. Ekki spillti fyrir að eftir gönguna bauð hún upp á brennivínstár og hákarl. Það er gott að fá smá kraft í kroppinn eftir erfiðan dag. Hákarlinn var frá Hildibrandi í Bjarnarhöfn en Brennivínið kom úr Ríkinu.



Bjarki og Tómas skiptu Sandinum með sér en Bjarki kennir sér ennþá smámeins í fótum og þarf því að hvíla sig eftir um tíu kílómetra göngu. Við höfum í flimtingum að þegar Bjarki hvílir sig leiði skakkur blindan því Tómas var ekki undir göngu búinn og er því orðinn hálf skakkur af öllu þessu labbi.
Áfram er arkað og í gær komum við á Kirkjubæjarklaustur. Við brugðum okkur út af þjóðveginum og gengum gamla veginn í eldhrauninu. Þar er afskaplega fallegt og gott að vera lausir við alla umferð.
Rétt er að geta þess í lokin að á mánudag fundum við ýmsa nytsamlega hluti á göngu okkar, til dæmis gaffal, skóhorn, penna og ágætis geisladisk. Munu þessir hlutir nýtast vel þegar á líður.
Kveðja, göngugarpar.

## SJÓNARHÓLL

**ÓPERUHÚS Í KÓPAVOG**



ELÍS ÁRNI SIGURÐSSON ÖSKUBÍLSTJÓRI

### *Líst vel á þetta*

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi hefur lagt til að Íslenska óperan fá nýtt húsnæði í Kópavogi á lóð sunnan við Gerðarsafn. Hann telur að húsið muni kosta á bilinu einn og hálfan til tvo milljarða króna.
„Fljótt á litið finnst mér þetta góð hugmynd,“ segir Elís Árni Sigurðsson, öskubílsstjóri og Kópavogsbúi, um hugmyndina. „Gunnar er að hugsa um að efla sinn bæ og styrkja á menningarsviðinu og það er hið besta mál.“
Sjálfur sækir Elís ekki óperur og býst ekki við því að það muni breytast þó að óperuhús rísi í bænum. „Ég held þó að allir séu hlynntir því að hafa öflugt menningarlíf í bænum.“
Elís Árni segir að það þurfi að skoða útfærsluna nánar áður en lengra er haldið og auðvitað eigi ríkið að koma að kostnaðinum, því allir landsmenn hagnist jú á nýju óperuhúsi.

Grasið endurnýtt:

## Bláfjöll verða græn

Mörgum hefur leikið forvitni á að vita hvað verður eiginlega um allt grasið sem er slegið á túnum höfuðborgarsvæðisins. Fréttablað Eflingar-stéttarfélags gerði mann út af örkinni til að komast að hinu sanna og viti menn: svar fékkst. „Við nánari eftirgrennslan hjá borginni komumst við að því að mikið af grasinu fer til uppgræðslu t.d. í Bláfjöllum þar sem því er ekið á ógróna mela og í svörð sem er skaddaður eftir þungavinnuvélar sem hafa verið að koma fyrir skíðatólum og tækjum,“ segir í Fréttablaði Eflingar.
Bláfjöll eru á vatnsverndarsvæði og þess vegna settar strangar hömlur á notkun hefðbundinna áburðaefna. Því hefur verið gripið til þess ráðs að græða svæðið upp með garðúrgangi úr Reykjavík. Atorkusamir vinnuskólanemendur hafa unnið sumarlangt að því að dreifa efninu og sáð svo yfir og er árangurinn víst býsna góður. ■



**SLÁTTUR** Slegið gras er notað til uppgræðslu á ógrónum melum.



**MEÐ SELUM, LJÓNUM OG MÖNNUM** Samúel Jónsson stendur við listaverk sín í Brautarholti í Selárdal í Arnarfirði. Samúel lést 1969 en myndina tók myndlistamaðurinn Ragnar Páll 1965.

# Hlúð að verkum Samúels í Selárdal

**Viðgerð á listaverkum Samúels Jónsson í Selárdal hófst á síðasta ári og er fram haldið í sumar. Félag um endurreisn safns hans stendur að framkvæmdunum og hlaut nýlega tvo styrki til verksins.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÓLAFUR J. ENGILBERTSSON

Selárdalur er einn svonefndra Ketildala í Arnarfirði sunnanverðum. Í eina tíð var dalurinn þéttbyggður fólki en tekið var að fækka þegar Samúel Jónsson bjó að Brautarholti í mynni dalsins, þaðan sem tilkomumikil sýn er yfir fjörðinn að Lokinhömrum og Hrafnabjörgum.
Samúel var kominn á efri ár þegar hann réðist í að reisa kirkju og listasafn á jörð sinni, auk listaverka. Norðanáttin á greiða leið inn í dalsmynnið og á henni hafa hús og verk Samúels fengið að kenna.
Fyrir sjö árum var félag um endurreisn listasafns Samúels stofnað en auk þess að stuðla að viðgerðum og viðhaldi listaverkanna er því ætlað að kynna verk Samúels innan lands og utan.
Á dögunum bárust félaginu tveir styrkir, annar úr Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur og hinn úr Þjóðhátíðarsjóði, og renna peningarnir í viðgerðir og viðhald.
Ólafur J. Engilbertsson sagnfræðingur situr í stjórn félagsins og segir hann ástand verkanna hafa verið mjög slæmt þegar hafist var handa við viðgerðirnar. Þýski myndhöggvarinn Gerhard König var fenginn til verksins og er hann væntanlegur vestur aftur í sumar. „Það kostar um þrjár milljónir króna að gera við listaverkin,“ segir Ólafur en hann og aðrir félagsmenn hafa sett sér enn háleitari markmið um framtíð Brautarholts í Selárdal. „Félagið hefur áhuga á því að gera húsið íbúðarhæft svo fræði- og listamenn geti haft þar aðsetur og haldið sýningar.“ Verði ráðist í það má ætla að heildarkostnaður nemi um tíu milljónum króna. Þegar hefur húsið verið lagfært að innanverðu en er þó fjarri því að vera íbúðarhæft. Landbúnaðarráðuneytið kostaði þær framkvæmdir en ráðuneytið hefur, lögum samkvæmt, formleg yfirráð yfir jörðinni.
Ólafur J. Engilbertsson hefur lengi haft áhuga á Samúel í Selárdal, sögu hans og verkum. „Ég ólst upp á Vestfjörðum og frétti að þarna í dalnum væri ævintýragarður sem væri að grotna niður.“
Ólafur gerði heimildarmynd um Samúel með Kára Schram kvikmyndagerðarmanni og leggur nú sitt af mörkum svo verk hans varðveitist komandi kynslóðum til ánægju og yndisauka.

bjorn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LJÓNAGOSBRUNNURINN



SELUR FÆDDUR




„Það var ekki eins og ég hefði verið að drekka mikið. Mér fannst ég vera alveg skýr í kollinum. Nennti ekki að standa í einhverju veseni með að skilja bílinn eftir.“
Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.
ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI!
UMFERÐARSTOFA

## SVONA ERUM VIÐ

**GISTINÆTUR Í APRÍL**
Heimild: HAGSTOFAN




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** TJÁNINGARFRELSI OG FRIÐHELGI EINKALÍFSINS

# *Takmörk fyrir því hvað má segja*

Mikil umræða hefur skapast um það undanfarna daga hvort umfjöllun tímaritsins Hér & nú um einkahagi og skilnað tónlistarmannsins Bubba Morthens hafi verið siðleg og eðlileg eða yfir höfuð lögleg. Í íslenskum lögum eru ákvæði um ákveðnar takmarkanir á tjáningarfrelsi sem hér verður bent á en lesendum látið eftir að dæma um hvað á við.



**Stjórnarskráin**
Samkvæmt 73. grein stjórnarskrár lýðveldisins eru allir frjálsir skoðanna sinna og sannfæringar og hefur hver maður rétt á að láta þær skoðanir sínar í ljós en verður þó að ábyrgjast þær fyrir dómi. Tjáningarfrelsi má þó setja skorður til að verja siðgæði manna, réttindi og mannorð. Í 71. grein stjórnarskrárinnar er það svo tekið fram að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Einu takmarkanirnar þar á lúta að sérheimildum svo sem eins og um húsleitir ef grunur leikur á lögbroti.

**Mannréttindasáttmáli Evrópu**
Í Mannréttindasáttmála Evrópu sem er orðinn að lögum hér á Íslandi segir í 8. grein um friðhelgi einkalífsins að sérhver maður eigi rétt á friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Í sama sáttmála er kveðið á um tjáningarfrelsi sem skuli vera réttur sérhvers manns. Svipaðar takmarkanir gilda þó þar og í stjórnarskránni, því tjáningarfrelsi takmarkast við að það má ekki ganga á siðgæði manna, mannorð eða réttindi.

**Hegningarlög og viðurlög**
Í almennum hegningarlögum eru tvö ákvæði sem vissulega hljóta að skerða tjáningarfrelsi hvers og eins. Það eru 234. grein og 235. grein en í þeim segir að hver sem meiðir æru annars með orðum eða athöfnum eða ber slíkt út skuli sæta sektum eða allt að eins árs fangelsi og að sá sem dróttar að öðrum manni einhverju því sem verða myndi virðingu hans til hnekkis eða þá ber slíka aðdróttun út skuli sæta sömu viðurlögum.








# Framsókn getur misst helming þingmanna

**Framsóknarflokkurinn er í mikilli kreppu samkvæmt skoðanakönnun Gallup. Flokkurinn tapar alls staðar fylgi.**



**ÞINGFLOKKUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Aðeins helmingur þingmanna flokksins munu verða þingmenn áfram ef marka má niðurstöðu þjóðarpúls Gallup.

Framsóknarflokkurinn gæti tapað allt að helmingi þingmanna sinna ef kosið væri nú samkvæmt könnun Gallup frá því í byrjun mánaðarins. Könnunin var hluti af þjóðarpúlsi Gallup þar sem mæld var afstaða kjósenda til einstakra stjórnmálaflokka. Í könnuninni mældist Framsóknarflokkurinn með 8,5 prósenta fylgi á landsvísu sem er lægsta fylgi sem flokkurinn hefur nokkurn tímann mælst í þjóðarpúlsi Gallup en flokkurinn hlaut 17,7 prósent atkvæða í kosningunum 2003 og 12 þingmenn kjörna.

Þetta er sami fjöldi og flokkurinn fékk í kosningunum 1999 en flokkurinn tapaði 0,7 prósent atkvæða á milli þeirra kosninga. Úrtakið í könnun Gallup var 2.344 manns á aldrinum 18 til 75 ára. Svarhlutfall var 61 af hundraði en hafa ber í huga að mjög lítið úrtak er í hverju kjördæmi fyrir sig eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu. Slíkt getur skekkt áreiðanleika könnunarinnar.

### Hrun í norðausturkjördæmi

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær tapar flokkurinn rúmlega 20 prósentustigum í könnun Gallup í norðausturkjördæmi og tapar hann hvergi jafn miklu fylgi á landinu. Þar fékk hann fjóra þingmenn kjörna í síðustu kosningum en samkvæmt könnun Gallup fengi hann einn kjördæmakjörinn þingmann í kjördæminu og hugsanlega uppbótarþingmann.

Fréttablaðið hefur stuðst við útreikninga sérfræðings við forsendur á reiknuðum þingmannafjölda hvers kjördæmis en þar sem úrtak Gallup í hverju kjördæmi var mjög lítið getur verið um óáreiðanlegar tölur að ræða auk þess sem ekki eru bein áhrif á milli fylgis flokkanna og þingmannafjölda í hverju kjördæmi. Fylgi í öðrum kjördæmum getur haft þar mikil áhrif og hefur haft það, til að mynda í síðustu þingkosningum.

### Forsætisráðherra af þingi

Samkvæmt könnuninni myndi flokkurinn einnig missa tvo þingmenn í Reykjavíkurkjördæmi norður en þar eru fyrir Halldór Ásgrímsson, formaður flokksins, og Árni Magnússon félagsmálaráðherra. Sama á við um Reykjavíkurkjördæmi suður en Fréttablaðið sagði frá því um síðustu helgi að fylgi flokksins í kjördæminu væri langt fyrir neðan kjörfylgi og dygði líklega ekki til að flokkurinn fengi þar kjördæmakjörinn þingmann.

Eina kjördæmið þar sem öruggt er að flokkurinn myndi halda sínum þingmanni væri suðvesturkjördæmi þar sem flokkurinn héldi sínum eina þingmanni. Það kjördæmi þar sem flokkurinn tapar hvað minnstu fylgi hlutfallslega er hins vegar suðurkjördæmi þar sem Guðni Ágústsson hefur leitt lista framsóknarmanna. Mögulegt er þó að flokkurinn myndi tapa einum þingmanni þar þótt það sé ólíklegt og hann myndi að öllum líkindum fá uppbótarþingmann.

### Geta tapað helmingi þingmanna

Mögulegt er að Framsóknarflokkurinn geti tapað helmingi þingmanna sinna miðað við könnun Gallup. Hér hafa þó aðrir þættir einnig áhrif svo sem fylgi annarra flokka og sérstaklega Frjálslynda flokksins en flokkurinn hefur nú þrjá þingmenn en fékk fjóra kjörna og mældist með tiltölulega lítið fylgi í könnuninni og aðeins 10,4 prósent í norðvesturkjördæmi. Það kjördæmi hefur verið sterkasta kjördæmi flokksins og hefur verið eina kjördæmið þar sem flokkurinn hefur fengið kjördæmakjörinn þingmann.

Auk þess er ljóst að ákveðnar kjördæmabreytingar munu eiga sér stað með tilfærslu þingmanna milli kjördæma og er ekki tekið tillit til þess við útreikninga sem þessi samanburður nær til. Ekkert breytir þó því að Framsóknarflokkurinn er í sögulegri lægð og þarf mikið að breytast hjá flokknum til að hann nái kjörfylgi. Næsti þjóðarpúls Gallup verður birtur í byrjun júlí.

hb@frettabladid.is




**ÞESSIR ÞINGMENN EIGA Á HÆTTU AÐ MISSA SÆTI SITT**



Árni Magnússon | Birkir Jón Jónsson | Dagný Jónsdóttir | Halldór Ásgrímsson | Jónína Bjartmarz | Kristinn H. Gunnarsson

Helgina 1. - 3. júlí 2005, að Staðarfelli í Dölum

# STAÐARFELLSHÁTÍÐ 2005

Mjólkurgleði SÁÁ og Dalamanna



## DAGSKRÁ:

- Stjórnin
  Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson
- Bjarni, töframaður
- Pétur, pókus
- Söngdúettinn Geiri og Villa
- Benedikt búálfur mætir á svæðið
- Björgvin Frans Gíslason
- Íþróttir og leikir fyrir börnin
- Söngvarakeppni
- Brekkusöngur
- Varðeldur





## FÖSTUDAGSKVÖLD

- Diskótek
- Söngdúettinn Geiri og Villa



## LAUGARDAGSKVÖLD

- Stjórnin, Sigga Beinteins og Grétar
  halda uppi fjörinu fram eftir nóttu



Nánari upplýsingar
í síma 824 7630 – 824 7620

**Aðgangseyrir kr. 2.500-**

Frítt fyrir börn innan 14 ára

**Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Gunnar I. Birgisson hefur látið gera uppdrátt að óperuhúsi í Kópavogi sem yrði reist á næstu 2-3 árum.

## Óperuna í Kópavog

Sú hugmynd Gunnars I. Birgissonar, hins nýja bæjarstjóra í Kópavogi, sem sagt var frá í gær, hefur áreiðanlega vakið mikla athygli tónlistarunnenda og von um að nú loks sjái fyrir endann á húsnæðisvandræðum Íslensku óperunnar. Vandræðagangurinn varðandi það að Íslenska óperan fái inni í fyrirhuguðu tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Reykjavíkurhöfn hefur eflaust haft áhrif á að þessi hugmynd er nú lögð fram. Lengi vel virtist sem Óperan ætti alls ekki að fá inni í hinu nýja húsi, en nú mun vera gert ráð fyrir að henni verði troðið þar inn, án þess að hægt verði að halda þar fullkomnar óperusýningar. Því hefur verið borið við að ekki sé með góðu móti hægt að reisa tónlistarhús sem jafnframt hýsi starfsemi óperu, en nú er komin fram hugmynd sem á eftir að útfæra í smáatriðum, þar sem höggvið er á þann vandræðahnút sem þessi mál hafa verið í. Við fyrstu sýn virðist einboðið að Óperan flytji í Kópavog.

Íslenska óperan er 25 ára um þessar mundir, og hefur búið við ákaflega þröng húsakynni í Gamla bíói við Ingólfsstræti. Gamla bíó er ekki óperuhús, heldur kvikmyndahús af gamla skólanum, þar sem reyndar hafa verið haldnir margir eftirminnilegir tónleikar í áranna rás. Íslenska óperan keypti Gamla bíó fyrir höfðinglega gjöf kaupmannshjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Það er fyrst og fremst drifkrafti Garðars Corters og hóps í kringum hann að þakka að Íslenska óperan er til. Innan hópsins hefur ríkt mikill frumherjakraftur og búast má við að með hugmynd Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra eflist hópurinn til nýrra átaka.

Bæjarstjórinn segir að hugmyndin um Óperuna í Kópavogi sé ekki nema nokkurra vikna gömul og hrinda mætti henni í framkvæmd fljótlega, þannig að fyrsta óperan yrði frumsýnd eftir 2-3 ár. Þá verður nýja tónlistarhúsið við Reykjavíkurhöfn varla fokhelt með sama áframhaldi, þannig að nú þurfa menn þar á bæ væntanlega að endurskoða hönnunarforsendur, því varla verða tvö óperuhús á höfuðborgarsvæðinu.

Á menningartorfunni fyrir neðan Kópavogskirkju er nú þegar rekin blómleg menningarstarfsemi og óperuhús myndi styrkja þessar stofnanir og þær svo aftur Óperuna.

Það verður væntanlega auðvelt verk fyrir bæjarstjórann Gunnar I.Birgisson að sannfæra menntamálaráðherrann, sem er líka sjálfstæðisþingmaður í Kraganum, um að heppilegast sé að hætta við að troða Íslensku óperunni inn í tónlistarhúsið fyrirhugaða, en að betra sé að reisa nýtt sérhæft óperuhús í miðju höfuðborgarsvæðisins.

Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun sem á húsnæðið við Ingólfsstræti, og hún þarf að sjálfsögðu að leggja fram krafta sína við Óperuna, auk Kópavogsbæjar og ríkisins. Það er að sjálfsögðu óperufólkið sem hefur reynsluna og þekkinguna varðandi reksturinn og verkefnaval, og innan raða þess eru listamennirnir sem standa að óperusýningunum. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hlutleysi og siðferði



Eiríkur Jónsson mætti sveit manna í umræðum í Íslandi í dag og Kastljósi í fyrradag vegna umfjöllunar vikuritsins um Bubba Morthens og eiginkonu hans. Það verður að teljast frekar óheppilegt fyrir mann sem boðaður er í viðtal af þessu tagi að geta ekki búist við því að mæta þeim, sem kappræða á við, með sömu formerkjum og fólk er vant. Slíkur var ákafinn í máli stjórnenda beggja þátta í eina áttina að Eiríkur þurfti á stóra sínum að halda og rökræddi við fleiri en einn enda stjórnendurnir allir fyrirfram búnir að taka ákveðna afstöðu í málinu. Um hlutleysi blaðamanna má lesa í siðaskrá Blaðamannafélagsins sem allir stjórnendur höfðu að eigin sögn vel á hreinu.

### Fjöldahreyfing

Ársskýrslu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu og nú verið send víða. Í skýrslunni er að finna margt áhugavert en ekki síst hefur orðaval í skýrslunni hlotið athygli fyrir margra hluta sakir. Í skýrslunni er sífellt talað um „hreyfingar sjúkrabíla“ sem eiga að hafa aukist mjög frá árinu á undan en einnig kemur fram að „útköll vegna mengunaróhappa“ séu 112 sem er umtalsverð fjölgun frá árinu á undan.

### Vilhjálmur þagnar



Vilhjálmur Bjarnason geystist fram völlinn í öllum umræðunum um dularfulla þýska bankann sem keypti ráðandi hlut í Búnaðarbankanum. Skyndilega í kjölfar yfirlýsinga, sem bárust í gær, frá þýska bankanum og Eglu mun Vilhjálmur hafa dregið í land og ekki ætlað að tjá sig meira um málið. Ekki er vitað hvað réð afstöðu Vilhjálms en styrkur S-hópsins og ítök virðast vera mikil.

hjalmar@frettabladid.is

## Vald og veruleiki

Bandaríkin og Bretar hófu innrás í Írak hinn 19. mars 2003. Fram að þeim tíma hafði George Bush haldið því fram að Saddam Hussein gæti komist hjá styrjöld með því að gefa heiminum nákvæmar upplýsingar um þau gereyðingarvopn, sem hann hefði undir höndum og undirgangast að þeim yrði eytt með óyggjandi hætti. Forsetinn hélt áfram að hamra á þessu jafnvel í ræðu sinni 16. október 2002 eftir að þingið hafði gefið honum heimild til þess að lýsa yfir stríði, þegar honum þætti það óhjákvæmilegt. Þá sagði hann að eina ósk Bandaríkjamanna væri að afstýra þeirri ógn við heimsfriðinn, sem stafaði frá Írak. Vonandi væri unnt að gera það með friðsamlegum hætti. Það væri nú undir Saddam Hússein komið.

Hinn 1. maí síðastliðinn, undir lok kosningabaráttunnar í Bretlandi, birti Lundúnablaðið Sunday Times orðrétt leyniskjal frá 23. júlí 2002, fundargerð frá fundi Tony Blairs og helstu ráðgjafa hans í utanríkis- og öryggismálum. Þar kom greinilega fram að Bush hafði að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir áðurnefnda ræðu sína til þingsins ákveðið að ráðast inn í Írak og ekkert sem Írakar gerðu eða kusu að láta ógert hefði breytt þeirri ákvörðun.

Breski utanríkisráðherrann Jack Straw skýrði nefnilega frá því á þessum fundi að Bush hefði þegar gert upp hug sinn. Tímasetningin ein væri ekki ákveðin enn. Átyllan risti þó grunnt. Saddam væri ekki ógnun við nágrannaríkin og hefði minni getu til þess að beita gereyðingarvopnum heldur en Líbía, Norður-Kórea og Íran. Því ættu Bretar að hjálpa til við að skapa lögmæta ástæðu fyrir stríði með því að fara með málið fyrir Öryggisráðið, þó svo að enginn áhugi væri fyrir því í Washington.

Allir vita svo hvernig fór. Átyllan reyndist engin; Saddam átti engin gereyðingarvopn. Allur undirbúningur styrjaldarinnar var byggður á lygum, fölskum veruleika sem var búinn til í Washington með því að hagræða skýrslum leyniþjónustanna og laga staðreyndir eftir hentugleikum. Eftir á er svo sökinni varpað á njósnastofnanirnar og reynt að láta líta svo út að pólitíkusarnir hafi unnið að málinu í góðri trú!

Í DAG
UM SPUNAMEISTARA



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Rökin eru þau að valdið geti skapað sannleikann í sinni mynd: Valdið muni að lokum ákvarða veruleikann eða að minnsta kosti þann veruleika sem fólk flest viðurkennir.*

Bandarísku stórblöðin New York Times og Washington Post hafa beðið lesendur sína afsökunar á því að hafa gleypt allar lygar stjórnvalda hráar og þannig látið nota sig sem tæki til þess að gera almenningsálitið móttækilegt fyrir stríði.

En hvernig getur það gerst að á fjölmiðlunar- og upplýsingaöld geti ráðamenn vafið fjölmiðlum um fingur sér og fengið þá til þátttöku í markvissri lyga- og áróðursherferð, sem steypir heiminum út í styrjöld?

Fréttamaður frá New York Times átti athyglisvert viðtal við einn af æðstu ráðgjöfum Bush forseta, í fylgitímariti blaðsins í desember síðastliðnum. Blaðamaðurinn velti fyrir sér hvar stjórnvöld drægju línurnar milli staðreynda og pólitískrar stefnu:

„Ráðgjafinn sagði að menn eins og ég (þ.e. fréttamenn og fréttaskýrendur) tilheyrðu „því sem við köllum veruleikatengda samfélagið“, sem hann skilgreindi nánar sem „fólk, sem heldur að lausnir finnist með yfirvegaðri rannsókn á greinanlegum veruleika.““ Ég kinkaði kolli og muldraði eitthvað um grunnreglur upplýsingar og raunhyggju. Hann greip frammí fyrir mér. „Þannig virkar veröldin ekki lengur“, hélt hann áfram. „Núna erum við heimsveldi, og þegar við grípum til aðgerða þá sköpum við okkar eigin veruleika. Og meðan þið eruð að velta þeim veruleika fyrir ykkur – af mikilli yfirvegun vonandi – þá grípum við til annarra aðgerða og sköpum með því nýjan veruleika sem þið byrjið svo að gaumgæfa og þannig koll af kolli. Við erum gerendur sögunnar og þið... það hlutskipti sem ykkar bíður er að þið fáið að kanna gaumgæfilega hvað það er sem við erum að gera.“

Þó svo að á yfirborðinu líti þessi röksemdafærsla út fyrir að vera lærð úttekt á trú og trúarbrögðum fer því fjarri. Í rauninni er þetta röksemdafærsla fyrir valdinu og áhrifum þess á sannleikann. Rökin eru þau að valdið geti skapað sannleikann í sinni mynd: Valdið muni að lokum ákvarða veruleikann, eða að minnsta kosti þann veruleika sem fólk flest viðurkennir. Og það er þetta sem skiptir sköpum. Stjórnvöld kæra sig kollótt um hverju lesendur virtra fjölmiðla, eins og New York Times, trúa, það sem skiptir máli er hvað hægt er að fá hinn breiða fjölda til að trúa, hvaða blekkingum þarf að beita, hvaða lygar þarf að spinna upp til þess að skapa það andrúmsloft að hægt sé að hefja stríð. Og meðan almenningur hefur ekkert við það að athuga að stjórnvöld umgangist sannleikann, veruleikann og staðreyndirnar, með þessum hætti munum við fá meira af svo góðu. ■











FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| Sólarupprás | | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.02 | 13.31 | 23.59 |
| AKUREYRI | 1.50 | 13.16 | 00.38 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## ferðir o.fl.

Riðið á Njáluslóðir

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*

Í dag er miðvikudagur 29. júní, 180. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**


- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Jenný er nýútskrifuð úr Háskólanum og ætlar að nota sumarið til ferðalaga og útivistar.

# Óþarfi að óttast stærðfræði

***Jenný Sigurðardóttir er fyrsti nemandinn sem útskrifast frá raunvísindadeild HÍ með MPaed-gráðu í stærðfræði. Hún telur jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar lykilatriði til að ná árangri.***

„Viðhorfið heima hjá mér var alltaf að stærðfræði væri ekkert mál og mjög skemmtilegt fag," segir Jenný. „Það og að upplifa hve afstaða margra til stærðfræðinnar var neikvæð gerði það að verkum að mig langaði að fara þessa braut og þá líka til að hjálpa öðrum að komast frá stærðfræðifælninni."

Námið til MPaed-gráðu tekur eitt og hálft ár en til að komast inn þarf fólk að hafa lokið BS-prófi í stærðfræði, eðlisfræði eða öðrum raungreinum.

„Þetta er sambland af stærðfræði á mastersstigi og þeirri kennslufræði sem þarf til að geta sótt um kennslufræðiréttindi til menntamálaráðuneytisins. Háskólinn getur ekki útskrifað fólk með réttindin. Þeir sem ekki hafa þessa gráðu geta þó farið aðrar leiðir, tekið eitt ár í kennslufræði eftir BS-próf eða tekið hálft ár í kennslufræði eftir masterspróf. MPaed-gráðan sameinar þetta tvennt."

Jenný hyggur ekki á frekara nám í bili og byrjar að kenna stærðfræði við Verzlunarskólann í haust. „Það er samt endalaust hægt að bæta við sig og tengja þá stærðfræðina tölvufræði, eðlisfræði, líffræði eða lífvísindum til dæmis, fyrir utan að margir fara í fræðimennsku og stunda rannsóknir. En ég ætla að byrja á kennslunni."

Jenný hefur brennandi áhuga á ferðalögum og útivist og er á leið í göngu um „Laugaveginn" um helgina.

„Það fyrir utan hef ég gaman af að lesa bækur, í sumar helst einhverjar afþreyingarbókmenntir eins og góða reyfara." Aðspurð hvort stærðfræðingurinn hafi betri forsendur en hinir til að leysa morðgátuna í miðri bók hlær Jenný og segist ekki endilega telja það. „Hins vegar þjálfar stærðfræðin rökhugsunina, sem gæti leitt mann að lausn gátunnar."

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
*í ferðum*

**Golfrisinn** Adams kynnir nýjan driver um þessar mundir. Driverinn heitir Redline 460 cc Dual eins og kemur fram á heimasíðu golfverslunarinnar Nevada Bob, nevadabob.is. Nú getur viðskiptavinurinn látið sérsníða driverinn en nýi driverinn hefur tvær þyngingar sem hægt er að skipta um. Það má til dæmis stilla driverinn þannig að boltaflugið verði til hægri eða vinstri. Einnig er hægt að gera hausinn léttari eða þyngri. Driverinn er ekki kominn til landsins en verslunin bíður frekari fregna um hvenær er von á honum.



**Leikjanámskeið** í Hafnarfirði standa fyrir dorgveiðikeppni við Flensborgarbryggju í dag, miðvikudag. Keppnin hefst klukkan 13.30 og lýkur klukkan 15 og er ætluð börnum á aldrinum sex til tólf ára. Styrktaraðili að keppninni er Veiðibúðin við lækinn, sem gefur verðlaun, veiðarfæri og góð ráð.

**Stjórnunarfélag Ísland** býður Nýju útivistarbókina á sérstöku tilboði þessa dagana, eða aðeins 1990 krónur. Í bókinni er að finna fróðleik og gagnleg ráð til allra sem hyggjast njóta útivistar. Í bókinni er lögð áhersla á að öll fjölskyldan geti notið íslenskrar náttúru í dýrlegum dagsferðum. Bókin er í litlu handhægu bandi þannig að auðvelt er að stinga henni í vasann.

*ferdir@frettabladid.is*

TOYOTA-þjónusta

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

- Nútíma verkstæði með fullkominn tækjabúnað
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS Verkstæði

Tjónaskoðun



Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

**Bakpoki**
Góður bakpoki getur skipt sköpum á göngu um fjöll og firnindi. Gefðu þér góðan tíma í að finna rétta pokann og mátaðu hann áður en þú kaupir hann.









**AQUIS handklæði í ferðalagið**

Í bakpokann, ferðatöskuna, sundið, líkamsræktina ofl.
Taka lítið pláss, létt, þurrka vel, þorna fljótt, alltaf mjúk.

Dreifing: Daggir s: 462-6640
www.daggir.is




**Eyrarbakki**
var í aldaraðir verslunarstaður Sunnlendinga. Í dag eru þar varðveitt mörg gömul hús sem bera vitni um merka fortíð og setja fallegan svip á staðinn. Hægt er komast í beina snertingu við fortíðina og fræðast um söguna í Byggðasafni Árnesinga í Húsinu frá 1765 og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.

Söfnin eru opin kl. 11-17 alla daga í júní, júlí og ágúst,
kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, sept. og okt.
Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
Sími 483 1504 · www.husid.com



ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

**Sumarbúðir fjöskyldunnar í Básum 10. – 15. júlí**

Í þessum sumarbúðum taka börnin foreldra eða aðra forráðamenn með. Skipulögð dagskrá alla dagana; leikir, göngur, ævintýri, varðeldur, söngur, glens og grín. Dagskráin miðast við aldurinn 9-12 ára og geta hinir fullorðnu tekið þátt að vild. Yngri systkini eru velkomin og þegar hægt er taka þau þátt í dagskránni.
**Verð:** Gisting í skála 16400/18800 kr. fyrir fullorðna og 9300/10600 kr. fyrir börn, gisting í tjaldi 14400/16800 kr. fyrir fullorðna og 8000/9300 kr. fyrir börn. Systkinaafsláttur er 15%.
**Innifalið í verði:** Ferðir fram og til baka, gisting, morgunverður alla daga, þátttaka í dagskrá og lokamáltíð á fimmtudagskvöldi.
**Leiðbeinendur:** Stefán Már Guðmundsson og Stefán Magnússon sem eru af góðu kunnir fyrir störf sín með börnum.








Bjarni Eiríkur, skólastjóri Reiðskólans Þyrils, verður leiðsögumaður í Njáluferðunum.

# Riðið á slóð Brennu-Flosa

***Reiðskólinn Þyrill býður upp á spennandi hestaferðir á Njáluslóðir. Ferðirnar henta öllum og eru skemmtileg leið til að skoða landið og kynnast sögunni um leið.***

Í sumar býður Reiðskólinn Þyrill upp á skemmtilegar hestaferðir um Njáluslóðir á hverjum sunnudegi. Bjarni Eiríkur Sigurðsson, skólastjóri reiðskólans, segir að ferðir af þessu tagi hafi verið afar vinsælar undanfarin sumur enda góð útivist í skemmtilegu umhverfi. „Ferðirnar henta öllum og menn þurfa ekki að vera þaulreyndir hestamenn til þess að koma með. Við erum með alls konar hesta og ferðirnar eru sniðnar að þörfum hópsins. Það er líka misjafnt hvað túrinn er langur. Stundum erum við á baki í klukkutíma og stundum í þrjá. Það fer allt eftir hópnum hverju sinni,“ segir Bjarni, sem sjálfur er leiðsögumaður í ferðunum.

Reiðskólinn Þyrill útvegar allt sem þarf fyrir ferðina og að auki er boðið upp á morgunverðarhlaðborð áður en lagt er af stað og grill að ferð lokinni. Lagt er af stað frá Torfastöðum í Fljótshlíð og riðið þaðan á slóð Brennu-Flosa. Áð er við Klitnafoss og svo haldið á Njálusetrið á Hvolsvelli þar sem hlýtt er á fyrirlestur um Njálu. „Við höfum fengið ýmsa valinkunna menn til þess að flytja fyrirlestra sem tengjast Njálu. Í fyrra fóru þessir fyrirlestrar fram í ferðinni sjálfri en nú ætlum við að hafa þá á Njálusetrinu. Fyrirlestrarnir eru öllum opnir og menn þurfa ekki að fara í hestaferðina til þess að hlýða á,“ segir Bjarni.

Þeir sem hafa áhuga á að ríða á slóð fornkappanna geta nálgast allar nánari upplýsingar og skráð sig í ferðirnar í síma 899 4600. *thorgunnur@frettabladid.is*



Svæðið á Njáluslóðum er fallegt. Hér eru reiðmenn á ferð við Klitnafoss.

# Golan leikur við kinn

***Að ferðast um á fjórhjóli er eitt af því hægt er að gera á Indriðastöðum í Skorradal.***

Hress hópur er að leggja af stað í fjórhjólaferð þegar blaðamaður rennir í hlað á Indriðastöðum. Ingólfur Stefánsson hjá fyrirtækinu Eskimós er að undirbúa fólkið, kenna því á hjólin og fara vel og vandlega yfir öll öryggisatriði. Hann brýnir fyrir því að stoppa í tíma ef einhver hræðsla geri vart við sig.

Spenningurinn er mikill, allir eru komnir í galla og með hjálma á höfuð. Svo er lagt af stað eftir gömlum slóða sem liggur milli túna og farið rólega. Ilmur gróðurs fyllir vitin og golan leikur við kinn. Ferðinni er heitið upp á fagran ás fyrir ofan bæinn en þaðan sést yfir Skorradalsvatn og vítt um byggð í Borgarfirði.



FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Sumir tvímenna á hjólunum.

útivist }



FRÉTTABLAÐIÐ/EGVA

Elliðaárdalurinn er skemmtilegt útivistarsvæði.

## Gengið með Orkuveitunni í sumar

Í SUMAR VERÐUR BOÐIÐ UPP Á FERÐIR AF ÝMSU TAGI UNDIR LEIÐSÖGN VÍSINDAMANNA.

Göngu- og fræðsluferðir Orkuveitunnar hafa verið vinsælar undanfarin ár og í sumar verður ýmislegt í boði fyrir þá sem vilja rölta um í náttúrunni og fræðast um leið.
Næstu þriðjudaga verður gengið um Elliðaárdalinn en viðfangsefnið er aldrei það sama. Gróðurfar, fuglalíf og skordýr eru meðal þess sem skoðað verður í ferðunum. Umsjónamenn eru Einar Gunnlaugsson, jarðfræðingur og Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufræðingur. Allar nánari upplýsingar um ferðirnar, dagsetningar og tímasetningar má finna á heimasíðu Orkuveitunnar www.or.is.



## VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein

VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

# Alltaf eitthvað nýtt!

Laxveiðin er ennþá í lagi en gloppótt og munur nokkur milli ánna. Fyrstu laxarnir sáust í Rangá í vikunni þótt „veiði“ væri byrjuð fyrr og þá fengust þeir fyrstu í Laxá á Ásum. Fjörið er samt í Norðurá sem virðist ætla að stefna í mjög gjöfult ár þegar menn „framreikna“ júníaflann. Vopnafjarðardísirnar Hofsá og Selá eru komnar af stað þótt að margra manna áliti sé tekin umtalsverð áhætta með að kasta svo snemma í þær síðsumarsár. En gæfan var með þeim sem opnuðu og laxinn greinilega byrjaður að ganga. Margir bíða eftirvæntingarfullir eftir fyrstu fréttum úr Stóru Laxá, en þar hefur verið rólegt fyrstu dagana. Þegar litið er yfir sviðið í heild má segja að laxveiðin sé undir væntingum (sem alltaf eru ansi miklar!) og stórlaxavorið sem menn héldu að yrði í ár kemur örugglega ekki. Áður sögðu menn að gott smálaxaár eins og í fyrra gæfi vísbendingu um jafn gott stórlaxaár á eftir, en það samhengi er ekki nærri jafn sterkt hin síðari ár og var áður, og virðist nú alveg rofið.

Meðal nýjunga á veiðimarkaði þetta árið eru nýjar gárutúpur eftir Dr. Jónas á frances.is, en þær eru með flúrljómuðum plastbúk sem á að gera þær skærarlitar í vatninu. Þetta er ekki ný uppfinning, en nú kynnt af fullum krafti á íslenskum veiðimarkaði; hvort þetta reynist bragðið sem slæri í gegn er svo annað mál. En spennandi að reyna eitthvað nýtt.



Flúrljómaður búkur á gárutúpu

Í síðasta pistli hvatti ég menn til að reyna að



Einn að veiðum með fegurð sumarsins.

smækka flugurnar í silunginn, og kom í ljós að kappar á urriðasvæðinu í Laxá höfðu erindi sem erfiði í þeim efnum. Einn úr hópnum beitti agnarsmáum þurrflugum, allt niður í stærðir 32! Hann náði að landa einum 4ra punda á svo smáa flugu. Svona litlar flugur eru hnýttar undir ljósi með stækkunargleri, félaginn notaði 4ra punda Kamazan-taum og klippti skáhallt á hann til að koma honum inn um augað á flugunni. Sjálfsagt hafa menn notað ögn stærri flugur í Veiðivötnum þegar allt fór í gang þar, einn kunningi okkar fékk 21 fisk á 2 dögum og stærst fimm punda. Honum fannst bleikjan í Langavatni óvenju væn og góð. En stærsti urriðinn slapp í Litlasjó! Heilræði vikunnar er tengt vatnaveiðum: Ekki vaða of langt! Þegar komið er að vatni borgar sig að keyra ekki alveg niður að bakka, fara sér hægt og veiða frá landinu og meðfram því áður en vaðið er út. Fiskar eiga nefnilega líka heima meðfram bökkum!

*Fleiri veiðifréttir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufréttir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.*

## golfvöllur vikunnar }



Fréttablaðið/Edwin Rögnvaldsson

# Hvaleyrarvöllur

GOLFKLÚBBURINN KEILIR

Golfklúbburinn Keilir var stofnaður árið 1966 af áhugamönnum um golf í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Menn fengu augastað á Hvaleyrinni í Hafnarfjarðarlandi undir völl og eftir nokkurt þóf og samninga við ábúendur á jörðum í kring fékkst það land sem þurfti til að gera veglegan völl. Sex holu völlur var tekinn í notkun sumarið 1967 og íbúðarhúsið að Vesturkoti varð félagsheimili klúbbsins. 1972 var völlurinn endurskipulagður og sex holum bætt við. Byrjað var að spila Hvaleyrarvöllinn í núverandi mynd árið 1997. Hannes Þorsteinsson teiknaði og hannaði fyrri níu holurnar sem eru í Hvaleyrarhrauni, en fleiri komu að hönnun síðari níu holanna sem eru á gamla Hvaleyrartúninu þar sem spilað er meðfram strandlengjunni. Hvaleyrarvöllur hefur í gegnum árin verið annálaður fyrir góðar brautir og eftir að nýi völlurinn í Hvaleyrarrauni var opnaður hafa flatirnar fengið lofsverða athygli fyrir að vera sérstaklega góðar. Vallargjald eftir klukkan þrjú á daginn er 4.000 krónur en 3.000 fyrir þann tíma. Unglingar undir sextán ára og eldri borgarar geta spilað völlinn fyrir 2.000 krónur á ákveðnum tímum. Níunda holan þykir einkar falleg en hún nær yfir vatn þar sem gosbrunnur stingur stöku sinnum upp kollinum, vallargestum til gleði.

Nánari upplýsingar má fá á www.golf.is.

BAKKAFLÖT • SKAGAFIRÐI
Fjölbreytt ferðaþjónusta!



Gisting
Tjaldstæði
Veitingar
Heitir pottar
Lítil sundlaug

Verið velkomin!

Símar 453 8245, 899 8245
bakkaflot@islandia.is • www.bakkaflot.com

Bátafjör Bakkaflöt




# Mest hún prýðir Steingrímsfjörð

***Þegar ekið er um landið getur verið hressandi tilbreyting að skreppa í stutta bátsferð. Nú í sumar er í fyrsta sinn boðið uppá slíkar ferðir út í Grímsey á Steingrímsfirði.***

*Strandir munu flestum finnast*
*fremur skapa kjörin hörð*
*Grímseyjar þó mætti minnast*
*mest hún prýðir Steingrímsfjörð.*

Þannig orti Ragnheiður Halldórsdóttir í Bæ á Selströnd um eyjuna Grímsey sem liggur utan við Drangsnes. Þangað sigla Vesturferðir í sumar með þá sem vilja drepa niður fæti á þessa stærstu eyju fyrir Ströndum og tekur siglingin bara 10 mínútur frá bryggjunni á Drangsnesi. Gengið er um eyjuna með leiðsögn þar sem sögu eyjunnar eru gerð góð skil. Meðal þess sem þar kemur fram er að búið var í Grímsey fram á 20. öld. Þar var líka reistur viti árið 1915 en Þjóðverjar eyðilögðu hann í loftárás í síðari heimsstyrjöldinni en vitinn var endurbyggður 1949. Fuglalífið er líflegt í Grímsey og til dæmis er talið að þar séu hátt í þúsund lundapör. Ef veður er gott er siglt hringinn í kringum eyjuna að göngu lokinni og rennt fyrir fisk. Bátsferðirnar til Grímseyjar eru fimmtudaga og sunnudaga klukkan 14 en sex manna hópar og stærri geta farið utan þessa tíma. Gert er ráð fyrir þremur til fjórum tímum í ferðina og kostar hún þrjú þúsund krónur.



MYNDI AF WWW.STRANDIR.IS

Þá má geta þess að landeigendur hafa ákveðið að gefa fólki kost á að veiða lunda í háf í eyjunni og veiðileyfi eru seld hjá Jóni Magnússyni í Bæ 1.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Styttist í Þjóðhátíð í Eyjum

HAFIN ER SALA Á MIÐUM Í FERÐIR HERJÓLFS UM VERSLUNARMANNAHELGINA.

Sumarið líður hratt og margir farnir að huga að stærstu ferðahelgi sumarsins, Verslunarmannahelginni. Í síðustu viku hófst miðasala í ferðir Herjólfs á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þjóðhátíðin fer fram dagana 29.-31. júlí og farþegum Herjólfs er bent á að tryggja sér far með Herjólfi til og frá Eyjum hið fyrsta því oftast seljast þessar ferðir hratt upp.

„Salan fer ágætlega af stað og nokkuð mikið búið að panta. Ég fæ ekki betur séð en að straumurinn muni liggja til Eyja,“ segir Guðfinnur Þór Pálsson, rekstarstjóri Samskipa í Vestmannaeyjum.

Tveimur næturferðum hefur verið bætt við hefðbundna áætlun. Sú fyrri verður farin frá Vestmannaeyjum fimmtudaginn 28. júlí kl. 23 og frá Þorlákshöfn aðfaranótt föstudags 29. júlí kl. 2.30. Seinni ferðin verður farin frá Vestmannaeyjum þriðjudaginn 2. ágúst kl. 23 og frá Þorlákshöfn aðfaranótt miðvikudagsins 3. ágúst kl. 2.30. Hægt er að skoða siglingaáætlun og bóka miða á vefsíðunni www.herjolfur.is.



Sæferðir

Vertu til....... Ævintýraheimur Sæferða









Hjá Sæferðum er boðið upp á úrval ferða ... í Stykkishólmi og ...

Upplifðu Ævintýraheim Breiðafjarðar

- Náttúru- og fuglaskoðun
- Veisluferðir
- Ferjan Baldur og Flatey
- Sjóstöng og sérferðir
- Stórhvalaskoðun frá Ólafsvík
- Siglingar frá Arnarstapa
- Dorgveiði
- Golf
- Hjólaleiga
- Jöklaferðir
- Hestaleiga
- ..og ýmislegt fleira.

Sæferðir - Smiðjustíg 3 (við höfnina) - 340 Stykkishólmur - Snæfellsnesi
Sími 438-1450 - saeferdir@saeferdir.is - www.seatours.is

**Tungumál**
Á sumrin er tilvalið að nota tímann til að læra tungumál. Góð tungumálakunnátta kemur sér vel í öllu námi, við ritgerðarsmíð er til dæmis gott að geta sótt sér heimildir á nokkrum tungumálum.




## Læra flugdrekagerð og ullarþæfingu

KRAKKAR GETA SÓTT SPENNANDI NÁMSKEIÐ Í ÁRBÆJARSAFNI.



Barnanámskeið í flugdrekagerð, tálgun og glímu eru í boði í Árbæjarsafni í sumar. Námskeiðin standa frá kl. 13 til 16 og á þessum tíma ná börnin að klára ýmis verkefni. Ætlast er til þess að börn og fullorðnir vinni saman að verkefnunum og þess vegna er mælt með því að hverju barni fylgi einn fullorðinn.



Áhuginn er mikill hjá ungu fornleifafræðingunum.

# Börn í sporum fornleifafræðinga

***Að finna gamla hluti í fornum rústum – það er ævintýralegt. Þetta fá börn að prófa á Þingvöllum á sunnudögum í sumar í svokölluðum Prestakrók.***

„Þarna eru ýmsir munir sem gætu verið fornleifar. Þetta er eins og að grafa í rústir menningarheimilis frá fornöld,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins á Þingvöllum, um fornleifaskóla barnanna sem er starfræktur alla sunnudaga yfir sumartímann frá 13-16.

Hann viðurkennir að rústirnar séu tilbúningur en ekki ekta en segir hlutina forneskjulega og nefnir nokkuð af því sem á fjörur barnanna gæti rekið við uppgröftinn svo sem eldstæði með ösku, beinaleifar, hluti úr smiðju, tætlur af bókarhandritum úr leðri, ýmis áhöld, hnífa og fleira, að ógleymdum smápeningum. Hann segir landvörð vera á staðnum sem leiðbeini börnunum, fræði þau um þennan merka stað og setji hann í samband við fornminjar. Síðan hefst leitin og henni lýsir Einar svo: „Börnin fá múrskeiðar eins og alvöru forleifafræðingar nota og þau grafa eftir ákveðnu hnitakerfi. Ryðja moldinni ofan af hægt og rólega eins og alvöru vísindamenn og þá muni sem þau finna eiga þau að teikna upp og skrá eins og fornleifafræðingar gera.“



Margt fémætt er að finna í rústunum.

Einar tekur fram að þetta sé ekki bara eins og sandkassarót heldur gangi ágætlega að halda spennunni. Ekki spilli stemningunni að hver og einn fái með sér gamlan sleginn pening heim. „Þetta var reynt í fyrra og gekk skemmtilega upp,“ segir Einar og bætir við. „Það komu alltaf einhverjir á hverjum sunnudegi, jafnvel í slagveðursrigningu og innan um voru miklir spekingar.“

*gun@frettabladid.is*

## Fylgjast með árekstri halastjörnu og geimfars

HÓPUR ÍSLENSKRA STÚDENTA ER Á LEIÐINNI TIL HAWAII TIL AÐ SINNA VERKEFNI SEM KALLAST „DEEP IMPACT“.

Hópur íslenskra háskóla- og framhaldsskólanemenda ásamt kennurum og stjörnufræðingum er á leiðinni til Hawaii í Bandaríkjunum til að fylgjast með árekstri geimfars á vegum Nasa við halastjörnuna Temple 1. Áreksturinn er áformaður 4. júlí nk. Verkefnið, sem gengur undir nafninu „Deep Impact“, er afrakstur samstarfs íslenskra stjarnfræðinga og stjarnvísindadeildar háskólans á Hawaii og gefst Íslendingunum einstakt tækifæri til að fylgjast með þessum merka viðburði.

„Við verðum á tindi Haleakala fjalls þegar áreksturinn veður og er óskandi að við náum að sjá mun á halastjörnunni fyrir og eftir árekstur,“ segir Sverrir Guðmundsson háskólanemi. „Ef stjarnan er bjartari er það merki um að áreksturinn hafi heppnast og að efni innan úr halastjörnunni rykju út í geim,“ segir Sverrir. Stjörnufræðingar munu svo reyna að greina hvaða efni eru þar á ferðinni með sjónaukum á jörðu niðri og í geimnum. „Vonandi kemur í ljós upprunalegur efniviður sólkerfisins, en talið er að hann sé falinn undir skorpu halastjarna“ segir Sverrir.



Stúdentarnir hafa fengið aðgang að gögnum úr Faulkes-stjörnusjónaukanum á Hawaii og tóku þá þessa mynd.




Keramik fyrir alla

**Sumarnámskeið**



**Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.**

Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
Bókið núna.

**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is







!!!

**Vegna bilunar á heimasíðu skólans hefur skólanum ekki borist þær umsóknir sem sendar voru inn frá maí 2005 til 26. júní.**

Þeir nemendur sem sóttu um á þessum tíma eru beðnir velvirðingar og vinsamlega beðnir um að senda umsókn sína aftur.
Athugið að umsóknarfresturinn rennur út **7. júlí** 2005. Sissa og Leifur.

Hólmaslóð 6 • 101 Reykjavík • Sími: 562 0623 • GSM: 699 0162 • www.ljosmyndaskolinn.is

Renault Megane Scenic, skrd.12/1999 e:109.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Kangoo, skrd.06/1999, e:70.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 660.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Legacy GX station, skrd.03/2000, e:95.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.430.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C3, skrd.10/2003, e:31.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.260.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Forester, skrd. 10/1997, e:190.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 680.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Nissan Almera, skrd.12/1999, e:120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Lexus RX300, skrd. 04/2003, e:31.000 km. 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.350.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000.

Toyota Land Cruiser 90 GX, skrd.11/1998, e:144.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.250.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Daihatsu Cuore, skrd. 07/1999, e:58.000 km. 1000cc, beinskiptur, Ásett verð 420.000,- kr. 100% lán mögulegt S:515-7000.

VW Passat station 4Motion, skrd.08/2000, e:120.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.170.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane Scenic, skrd.08/1998, e:144.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 660.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane II, skrd.06/2004, e:10.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.690.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

VW Passat Comfortline station, skrd.08/2000, e:130.000 km, 1800cc, sjálfskiptur, Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 880.000 kr 100% lán mögulegt, meðalgreiðsla í 60 mánuði ca:18.900 kr S:515-7000

BMW X5, skrd. 12/2003, e:29.000 km. 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 8.050.000 kr. Tilboð 6.590.000 kr 100% lán mögulegt, meðalgreiðsla í 7 ár 99.968 kr S:515-7000

Galloper, skrd.10/1998, e:180.000 km, 2500cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Vectra, skrd.11/1998 e:104.000 Km , 2000 cc , sjálfskiptur. Ásett verð 880.000 Kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford transit 330L, skrd.03/2002 e:62.000 Km , 2400 cc, beinskiptur. Ásett verð 1.890.000 Kr 100% lán mögulegt. S:515-7000

Ford F-250 diesel, skr.08/2003 e: 34.000 Km , 6000 cc, Sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000 Kr 100 % lán mögulegt S:515-7000

Renault Megane Scenic, skrd.02/1999, e:111.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 850.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S80 2,4, skrd.03/1999, e:59.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.750.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Toyota Rav 4, skrd.02/2000, e:97.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.270.000 kr. Tilboð 1.170.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Peugeot 406 station, skrd.10/2001, e:68.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.460.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Vectra station, skrd.08/1998, e:93.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 830.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo S40 SE-Line, skrd.09/2003, e:28.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.320.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Legacy GL, skrd.04/1999, e:82.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 850.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Master Minibus, skrd.09/2002, e:66.000 km, 2500cc, diesel, beinskiptur, 18 Manna. Ásett verð 2.590.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Explorer XLT Sport, skrd.05/2004, e:19.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.050.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Expedition XLT Sport, skrd.07/2004, e:13.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Honda Civic LSi, skrd.06/1997, e:149.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Renault Kangoo. skrd. 04/1999, e:84.000 km, beinskiptur. Ásett verð 640.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Vw Vento, skrd. 09/1996, e:131,000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr Tilboð 490.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.01/2003 e:33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.150.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Kia Sportage, skrd.05/1995, e:159.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 450.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Escort station, skrd.07/1998, e:117.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 420.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo 744, skrd.06/1987, 2316cc, e:265.000 km, sjálfskiptur. Ásett verð 250.000 kr. Tilboð 150.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Opel Vectra station, skrd.07/1998, e:114.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 770.000 kr Tilboð 590.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC Outlander, skrd.12/2003, e:24.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.450.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 XC "CrossCountry", skrd.05/2004, e:23.000 km, 2521cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.590.000 kr Tilboð 4.390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Isuzu Trooper, skrd.01/2001, e:113.000 km, 3000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

VW Passat Turbo, skrd.08/1999, e:127.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.090.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus H/S, skrd.02/2000, e:88.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 840.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC L200, skrd.01/2003, e:33.000 km, 2351cc, beinskiptur. Ásett verð 2.350.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd.08/2000, e:126.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.150.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C5 Elegance, skrd. 09/2003, e:29.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.990.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

VW Golf Comfortline station, skrd. 04/2000, e:125.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford F-250 CrewCab, skrd. 03/2004, e:41.000 km, 6000cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 4.250.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Volvo XC90 T-6 Twin Turbo, skrd. 05/2004, e:20.000 km, 2900cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.930.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC Lancer 4x4, skrd.05/1999, e:123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr.100% lán mögulegt S:515-7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 29. júní 2005 – 7. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MOMENTUM

www.momentum.is



Flókin samskipti
Smáfuglarnir vita sínu viti
8








Heilarannsóknir
Stjörnur eiga taugar
9




Enn stórviðskipti með hlutabréf Íslandsbanka:

## Baugsmenn líklegastir

Hlutabréf í Íslandsbanka fyrir 9,5 milljarða króna skiptu um hendur í gær. Engar tilkynningar voru sendar Kauphöllinni og ekkert fékkst uppgefið hverjir stæðu á bak við þessi viðskipti.

Fyrir helgi voru seld bréf í bankanum fyrir tæpa fjóra milljarða og var hluti þeirra bréfa samkvæmt heimildum í eigu Jóns Helga Guðmundssonar. Umfang viðskiptanna frá því á föstudag var orðið svo mikið að þau væru tilkynningaskyld ef einn aðili væri að kaupa.

Karl Wernersson hefur reynt í samstarfi við Jón Ásgeir Jóhannesson og fleiri fjárfesta að komast að samkomulagi við Straum um kaup á þeirra eignarhlut í Íslandsbanka. Straumur er ekki á þeim buxunum að selja sín bréf nú sem stendur.

Seljandi í þessum viðskiptum var ekki tilkynningaskyldur og beinast því böndin að bankanum sjálfum og að hann hafi safnað eigin bréfum til þess að selja til samstarfsmanna núverandi stjórnarmeirihluta. Líklegastir til þess að vera kaupendur eru Baugur og tengdir aðilar. Enginn var fáanlegur í gær til að staðfesta neitt um viðskiptin.

---

Útrásarvísitalan lækkar:

## Low & Bonar hækkar mest

Útrásarvísitalan lækkar um 1,5 prósent milli vikna en krónan hefur styrktst á sama tíma. Low & Bonar er félagið sem hækkar mest milli vikna en gengi þess hækkaði um 8,5 prósent. Fjögur félög lækkuðu um meira en þrjú prósent þegar tekið hafði verið tillit til hækkandi gengis en það eru Somerfield, EasyJet, Scribona og Finnair. DeCode er eina félagið utan Low & Bonar sem hækkaði milli vikna. Gengi þess var 8,45 Bandaríkjadalir á hlut.

**Sjá síðu 6.** **-dh**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Valdabarátta** | Átök standa um völd í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Fjölmargir stofnfjáraðilar hafa fengið tilboð í hluti sína. Fjármálaeftirlitið óskar eftir skýringu frá stofnfjáreigendum.

**Mikil viðskipti** | 14 milljarða króna viðskipti hafa verið með bréf í Íslandsbanka undanfarna daga. Engar tilkynningar hafa borist frá Kauphöllinni um hverjir standa á bak við kaupin.



**Engin blaðra** | Sérfræðingar segja ekki hættu á verðfalli á fasteignamarkaði hér á landi á næstunni þrátt fyrir miklar hækkanir að undanförnu. Haldi verð áfram að hækka er þó ekki loku fyrir það skotið að verðfall verði síðar.

**Olíuæði** | Verð á olíu fór í vikunni yfir 60 dali á fat. Er það einsdæmi í sögunni. Sérfræðingar sjá ekkert lát á hækkunum og óstöðugleikinn á markaðnum er slíkur að smávægilegustu atvik geta valdið verðhækkunum.

**Allt á að fara** | Sumarútsölur fara nú að hefjast og standa fram yfir verslunarmannahelgi. Kaupmenn segja útsölur standa yfir of lengi og draga úr sölu á nýjum sumarvörum.

**Innistæðulausir** | Sextán yfirmenn ítalska matvælarisans Parmalat hafa verið ákærðir fyrir fjársvik og skjalafals. Ellefu játuðu sekt og hlutu strax dóm. Engin innistæða var á reikningi fyrirtækisins sem sagður var innihalda 250 milljarða króna.

**Bláa Hreyfing** | Bláa lónið hefur fest kaup á líkamsræktarstöðinni Hreyfingu. Velta sameinaðs félags verður á annan milljarð króna og starfsmenn 150.

# Ólafur Ólafsson átti Serafin Shipping

Eigandi huldufélagsins í Icelandic Group var Ólafur Ólafsson í Samskipum. Fjármálaeftirlitið skoðar viðskipti Serafin Shipping.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar




Fréttablaðið/GVA

**HÖFUÐSTÖÐVAR ICELANDIC GROUP**

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Markaðarins átti Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa og SÍF, félagið Serafin Shipping. Ekki hefur legið fyrir hver var eigandi félagsins þrátt fyrir að það hafi verið sjötti stærsti eigandinn í Icelandic Group við sameiningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sjóvíkur í byrjun sumars. Serafin fékk um sex prósent hlutabréfa í sameinuðu félagi í skiptum fyrir hlut sinn í Sjóvík.

Þegar svo stór eignarhlutur er á hönd sama aðilans er honum skylt að gefa Kauphöll Íslands ákveðnar upplýsingar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Það var ekki gert. Í staðinn var hlutabréfum Serafin Shipping í Icelandic Group skipt niður á tvö félög; Fordace Limited sem fékk 4,47 prósenta hlut og Deeks Associates Ltd. með 1,49 prósenta hlut. Hvorugt þessara félaga réð þá yfir meira en fimm prósent hlutafjár og þau voru því ekki tilkynningarskyld í Kauphöllinni.

Ólafur Ólafsson vildi ekki staðfesta í síðustu viku að hann ætti Serafin Shipping. Í samtali við blaðamann sagðist hann ekki kannast við Fordace Limited sem var á lista yfir tíu stærstu hluthafana í Icelandic Group. Ekki náðist í hann við vinnslu þessarar fréttar.

Fjármálaeftirlitið skoðar nú viðskiptin og þá sérstaklega hlut Serafin Shipping. Eftirlitinu ber meðal annars að fylgjast með því að nauðsynlegar lögbundnar upplýsingar séu gefnar upp á skiplögðum hlutabréfamörkuðum. Sé brotið gegn lögum um verðbréfaviðskipti varðar það sektum – liggi þyngri refsing ekki við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

Ólafur var stjórnarformaður SÍF þegar félagið seldi Sjóvík, sem hann var hluthafi í, söluhluta SÍF í Ameríku síðastliðið haust. Þá höfðu margar tilraunir verið gerðar til sameiningar SÍF og SH.

Starfslok Björns Inga Sveinssonar fyrrverandi sparisjóðsstjóra SPH enn í athugun:

## Gæti fengið 50 milljónir fyrir 4 mánuði

Starfslokasamningur Sparisjóðs Hafnarfjarðar við Björn Inga Sveinsson, fyrrum sparisjóðsstjóra, gæti numið 50 milljónum króna samkvæmt heimildamönnum Markaðarins en ekki hefur verið gengið endanlega frá honum. Þegar samið var við Björn Inga um kaup og kjör af fyrrverandi sparisjóðsstjórn var fallist á að hann fengi ríflegar bætur ef breytingar yrðu á yfirstjórn sparisjóðsins.

Björn Ingi lét af störfum skömmu eftir að ný stjórn náði völdum í sparisjóðnum í lok apríl síðastliðnum. Hann tók við af Þór Gunnarssyni um síðustu áramót og var því aðeins fjóra mánuði í starfi áður en til starfsloka kom.

Magnús Ægir Magnússon var ráðinn í stað Björns Inga.

Páll Pálsson, stjórnarformaður SPH, sagðist lítið geta tjáð sig um þessi mál nema að lögfræðingar sparisjóðsins væru að skoða málið. Björn Ingi Sveinsson vildi heldur ekki tjá sig um þessi mál að svo stöddu en sagði að málið yrði til lykta leitt á næstu vikum. **- eþa**




6,8%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 02.05.2005–01.06.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og úrdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 4% | 6% |
| Atorka | -1% | 0% |
| Bakkavör | 5% | 61% |
| Burðarás | 3% | 28% |
| Flaga Group | -8% | -36% |
| FL Group | -2% | 57% |
| Íslandsbanki | 1% | 19% |
| Kaupþing Bank | 2% | 20% |
| Kögun | -1% | 28% |
| Landsbankinn | 4% | 42% |
| Marel | 3% | 18% |
| Og Vodafone | 3% | 27% |
| Samherji | 0% | 9% |
| Straumur | 2% | 29% |
| Össur | -1% | 5% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Góð ávöxtun hjá stofnfjáreigendum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis:

# Stofnfjárbréf tvöfaldast í verði

Stofnfjárbréf í SPRON hafa hækkað um 114 prósent síðan þau voru sett á markað í október 2004.

Fyrstu viðskipti voru á genginu 5 en fóru hæst í 8,6 áður en stofnfjárútboð hófst snemma í maí. Í útboðinu gátu stofnfjáreigendur keypt tvo hluti fyrir hvern einn hlut sem þeir áttu. Útboðsgengið var einn.

Samkvæmt því hefði meðalkaupgengi þess, sem keypti bréf á genginu 5 þegar markaðurinn hóf starfsemi sína, verið 2,33 að útboðinu loknu en 3,5 hjá þeim sem keypti bréf á genginu 8,6. Fyrstu viðskipti með stofnfé í SPRON að loknu útboði eru á genginu fimm en mjög lítil viðskipti hafa þó orðið og mun vera lítið um að eigendur vilji selja bréfin á þessu verði þrátt fyrir góða ávöxtun.

Markaðsvirði stofnfjár í SPRON er því yfir níu milljarðar króna. - eþa




**GÓÐ ÁVÖXTUN** Þeir sem keyptu stofnfjárbréf í SPRON þegar þau fóru á markað hafa tvöfaldað eign sína á níu mánuðum.

## Novator framlengir tilboð

Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur framlengt yfirtökutilboð sitt í finnska farsímafyrirtækið Saunalahti Group Oyj.

Tilboðið stóð upphaflega til 1. júlí en hluthöfum gefst nú tími til 11. júlí til þess að taka tilboði Novators.

Tilboðið var sett fram 16. júní en þá hafði Novator yfir um 44 prósentum atkvæða hluthafa að ráða.

Markaðsvirði Saunalahti Group Oyj er um 280 milljónir evra, sem samsvarar um 25 milljörðum íslenskra króna. - þk

# Sala á léttvínum eykst

### Rauðvín og hvítvín seldist fyrir rúmlega þrjá milljarða króna í fyrra í verslunum ÁTVR.

Sala ÁTVR á rauðvíni og hvítvíni á síðasta ári nam rúmlega þremur milljörðum króna. Salan jókst um 12 prósent milli áranna 2003 og 2004. Sala rauðvíns og hvítvíns hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og er aukningin í lítrum talin á bilinu 10 til 20 prósent. Heildarandvirði sölu ÁTVR var 12 milljarðar á síðasta ári og er léttvínsala því orðin fjórðungur af heildarsölu ÁTVR. Miðað við þróun síðustu ára má gera ráð fyrir því að hlutfall léttvíns eigi eitthvað eftir að aukast.

Sala bjórs hefur staðið nokkuð í stað síðustu ár sem hlutfall af sölu en um 40 prósent af sölu ÁTVR er bjór. Selt magn bjórs eykst þó nokkuð á hverju ári. Á móti kemur að sala á sterkum vínum hefur dregist saman.

Stærsti hluti af andvirði hverrar léttvínsflösku rennur til ríkisins í formi áfengisgjalds, smásöluálagningar ÁTVR, skilagjalds og virðisaukaskatts.

Sjá síðu 12 – 13 -dh

# Nýtt veiðihús við Blöndu

Veiðifélag Blöndu og Svartár hefur ákveðið að byggja nýtt veiðihús. Áætlað er að húsið kosti yfir 100 milljónir króna og hefur því verið valinn staður í landi Hólabæjar í Langadal á bökkum Blöndu.



**ÞÆGINDI** Veiðihús við laxveiðiár landsins verða sífellt íburðarmeiri.

Ágúst Sigurðsson formaður veiðifélags Blöndu og Svartár segir húsið verða öllum kostum búið: „Við byggjum fyrir fólk sem getur borgað og því segir sig sjálft hvað verður í húsinu. Þarna verður allt sem prýða þarf fyrsta flokks veiðihús“.

Nýverið var veiðihúsið við Langdalsá stækkað fyrir tugi milljóna. Þróunin hefur verið sú að veiðihús verða sífellt íburðarmeiri og gera veiðimenn meiri kröfur en áður hvað varðar aðbúnað og gæði þjónustu á veiðistað.

Þykja nú þægindi á borð við uppábúin rúm, sér baðherbergi, heita potta, gufuböð og heitar máltíðir sjálfsagður hlutur að loknum veiðidegi í laxveiðiám landsins. -jsk

Samtök verslunar og þjónustu:

# Íslendingar fái ekki að versla í fríhöfninni

Samtök verslunar og þjónustu gagnrýna fyrirhugaða tvöföldun á verslunarrými í fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Samtökin benda á að verslunin sé í beinni samkeppni við innlenda verslun.

Í fréttabréfi samtakanna segir að eðlilegast væri að einungis útlendingar fái að versla í fríhöfninni. „Ælta má að þeir sem búa hér á landi myndu kaupa sambærilega vöru í öðrum verslunum landsins ef Fríhafnarverslunarinnar nyti ekki við,“ segir í fréttabréfinu. - þk



**VERSLAÐ Í FRÍHÖFNINNI** Samtök verslunar og þjónustu vilja ekki að Íslendingar fái að versla í fríhöfninni.

# Útsölur að hefjast

### Stóru verslunarmiðstöðvarnar setja verslunareigendum skorður er kemur að því að ákvarða hvenær útsölur hefjast. Verslunarstjórar segja útsölutímann of langan.

Jón Skaftason
skrifar

Útsölutíminn fer nú að ganga í garð og eru búðareigendur í óðaönn að undirbúa verslanir sínar fyrir allan þann hasar sem þeim fylgir.

Í Kringlunni er miðað við að útsölur hefjist 30. júlí en ákvörðun nákvæmrar tímasetningar er að öðru leyti í höndum kaupmanna.

Í Smáralind ber búðum að fara eftir fyrirmælum frá stjórn verslunarmiðstöðvarinnar. Útsölur í Smáralind hefjast á fimmtudag og hefur eitthvað borið á því að verslanir þjófstarti. Svanhildur Birgisdóttir, verslunarstjóri í Vero Moda í Smáralind, er að undirbúa útsölu í búðinni og hefur áhyggjur af því að útsölutíminn sé of langur: „Útsölur byrja nú á fimmtudag og standa fram yfir verslunarmannahelgi. Persónulega myndi ég vilja hafa styttra og snarpara tímabil. Við erum ekkert að selja meira, það teygist bara á sölunni“.

Samhliða útsölunum er verið að taka nýjar vörur inn og fara þær ekki á útsölur. Margir verslunareigendur telja að yrði útsölutími styttur fengist meiri tími til þess að auglýsa og selja þessar nýju sumarvörur.




Fréttablaðið/E.Ól.

**ÖRTRÖÐ OG VERÐLÆKKANIR** Útsölur eru að hefjast og standa fram yfir verslunarmannahelgi. Verslunarstjórar segja skynsamlegra að hafa útsölur stuttar og snarpar en að draga þær á langinn.

Olgeir Líndal verslunarstjóri í Gallerí sautján, Kringlunni er í þeim hóp: „Mér finnst að útsölur ættu að byrja í fyrsta lagi um miðjan júlí, helst um mánaðamótin júlí-ágúst. Maður er nýbúinn að fá nýjar vörur og þá byrja útsölur“.

Hermann Guðmundsson markaðsstjóri Kringlunnar segir yfirstjórn Kringlunnar einungis setja almennar reglur um útsölur: „Við sjáum um heildarmarkaðssetningu, skreytingar og annað í sambandi við útsölurnar. Það er gert í fullu samráði við kaupmenn og ekkert verið að agnúast út í þá kjósi þeir að haga þessu

# Hagnaður Eglu yfir 20 milljarðar

### Félagið seldi einu sinni og keypti tvisvar í KB banka í fyrra.

Hagnaður Eglu hefur verið rúmlega 20 milljarðar króna frá því að félagið var stofnað í lok árs 2002. Félagið hagnaðist um fimm milljarða á fyrsta ársfjórðungi. Egla var stofnað til kaupa á hlut í Búnaðarbanka Íslands í byrjun árs 2003. Egla á bréf í KB banka fyrir um 40 milljarða og er eignarhlutur félagsins rúm 10 prósent.

Óinnleystur gengishagnaður félagsins nemur 18 milljörðum króna frá stofnun.

Egla seldi hlut í KB banka á síðasta ári og innleysti hagnað af sölunni fyrir um 2,6 milljarða króna. Í framhaldi af því var hlutafé lækkað og voru rúmir fjórir milljarðar greiddir út arð.

Egla fjárfesti fyrir rúmlega 10 milljarða króna í KB banka í fyrra en félagið tók tvisvar þátt í hlutafjárútboði KB banka í fyrra.



**EGLA Á UM 40 MILLJARÐA Í KB BANKA** Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Eglu.

Eigendur Eglu eru Ker, sem er að hluta til í eigu Ólafs Ólafssonar og Kjalar, með 68 prósenta hlut, Kjalar með 28 prósenta hlut, sem einnig er í eigu Ólafs Ólafssonar og Grettir, með fjögur prósent. Stofnendur Eglu voru Ker, Vátryggingafélag Íslands og Hauck & Aufhaeuser. -dh

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# Nýjung hjá VISA – rafrænt í stað pappírs



## Viltu minnka pappírsflóðið?

Það er ódýrast að skoða VISA-yfirlitið í heimabankanum,
afþakka yfirlit í pósti og láta skuldfæra reikninginn.

| **Útskriftargjöld:** | **Kr.** |
|---|---|
| Netyfirlit og skuldfært af reikningi | 50 |
| Yfirlit í pósti og skuldfært af reikningi | 95 |
| Netyfirlit og rafrænn greiðsluseðill | 180 |
| Yfirlit í pósti og greitt með greiðsluseðli | 270 |

**Þú getur afþakkað pappírsyfirlitið á www.visa.is**

VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Sími 525 2000 www.visa.is

VISA

# Gengi Somerfield lækkar

## Lækkunin er rúm 10 prósent frá því að tilkynnt var um kaupáhuga.

Gengi Somerfield hefur lækkað mikið frá því að tilkynnt var um hugsanlegt yfirtökutilboð fjárfestahóps sem Baugur Group er hluti af.



Gengi bréfa í Somerfield er nú í kringum 190 pens á hlut en fór hæst í 215 pens á hlut. Gengi Somerfield var 107 pens á hlut þegar tilkynnt var um mögulegt kauptilboð og fór í 212 pens á hlut sama dag og tilkynnt var hverjir stæðu að fjárfestahópnum. Má ætla af þessari verðþróun að markaðurinn telji litlar líkur á að tilboðið í félagið, ef af verður, verði á hærra gengi en 190 pens á hlut.

Áreiðanleikakönnun stendur yfir en gert er ráð fyrir að hún taki lengri tíma en upphaflega var áætlað. -dh

Útboð Hafnarfjarðarbæjar á fjármálaþjónustu:

# Viðskiptin færast frá SPH til KB banka

Hafnarfjarðarbær hefur fært viðskipti sín úr Sparisjóði Hafnarfjarðar yfir til KB banka. Þetta var gert í kjölfar útboðs á bankaþjónustu fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Íslandsbanki, KB banki, Landsbankinn og SPH skiluðu inn tilboðum og var gengið til viðræðna við KB banka og Landsbankann. Tilboð beggja banka var upp á 54 milljónir króna sem var um fimm milljónum lægra en tilboð SPH og áætlun Hafnarfjarðarbæjar hljóðaði upp á. Gengið var að tilboði KB banka meðal annars á þeirri forsendu að það var lægst. - eþa

**ÚTBOÐ HAFNARFJARÐARBÆJAR Á BANKAÞJÓNUSTU**

| Banki | Upphæð |
|---|---|
| Íslandsbanki | 56,4 |
| KB banki | 54,2 |
| Landsbanki | 54,5 |
| SPH | 59,2 |
| **Áætlun Hf.bæjar** | **59,3** |



**BANKAÚTBOÐ** Hafnarfjarðarbær færði viðskiptin úr SPH í KB banka eftir að hafa fengið tilboð í bankaþjónustu frá nokkrum fjármálafyrirtækjum.

# Kaupsamningur afhentur

## Bjóðendur í Símann fá aukadaga til þess að viða að sér upplýsingum í gagnaherbergi í næstu viku.

Einkavæðingarnefnd hefur afhent þeim, sem ætla væntanlega að bjóða í Símann, drög að kaupsamningi. Jón Sveinsson, formaður nefndarinnar, segir þetta gert til þess að kaupsamningurinn verði í stórum dráttum tilbúinn þegar tilboð í Símann verða opnuð. Þangað til hafi bjóðendur frest til þess að senda inn athugasemdir við kaupsamninginn. Stefnt er að opnun tilboða um mánaðamót júlí og ágúst.

Jón segir þetta vera síðustu vikuna sem áætlað er að fjárfestar fái að viða að sér upplýsingum um rekstur Símans í svokölluðu gagnaherbergi. Þó verði bætt við dögum í næstu viku þar sem viðbótarupplýsingar, sem fjárfestar hafa óskað eftir, munu liggja fyrir. Einkavæðingarnefnd hafi hlustað á þær óskir og reyni að koma til móts við fjárfesta.



**JÓN SVEINSSON** Fjárfestum gefnir viðbótardagar í gagnaherbergi Símans.

Jón vill ekki staðfesta að einhver hópur fjárfesta hafi heltst úr lestinni og ætli ekki að skila inn bindandi tilboði. Vissulega sé mismikill áhugi á því að halda áfram. Þetta komi í ljós þegar hóparnir verði fullmyndaðir tveimur vikum áður en tilboðsfrestur rennur út. – bg

# Aukinn kaupmáttur

Launavísitalan hækkaði í maí um 0,6 prósent, segir á vef Hagstofunnar. Greiningardeild Íslandsbanka segir ástæðu hækkunarinnar vera samningsbundna launahækkun ríkisstarfsmanna. Að öðru leyti hafi laun nánast staðið í stað.

Laun hafa hækkað um tæp sjö prósent í landinu undanfarna tólf mánuði en verðbólgan var tæp þrjú prósent á tímabilinu og hefur því étið upp stórt hlutfall launahækkana. -jsk

# Stofnfjáreigendum færð verðmæti

## Sparisjóðir mega aðeins gefa út nýtt stofnfé á genginu einum. Raunverulegt verðmæti stofnfjárins er oft margfalt hærra.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Sparisjóðum er óheimilt að gefa út nýtt stofnfé á hærra gengi en einum. Stofnfé hækkar í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs. Sama gildir um innlausn sparisjóðs á eigin stofnfé.

Á sama tíma hefur markaðsverð myndast á stofnfé nokkurra sparisjóða sem er langt yfir genginu einum. Gengi á stofnfjárbréfum í SPRON hefur tvöfaldast í verði frá því þau voru sett á markað. Nýverið lauk stofnfjárútboði í SPRON og buðst stofnfjáreigendum að kaupa nýju hlutina á genginu einum þegar markaðsverð var á genginu sjö. Stór viðskipti hafa verið með bréf í Sparisjóðinum í Keflavík. Fleiri sparisjóðir munu líklega hefja viðskipti með stofnfé á næstu misserum.



Fréttablaðið/Stefán

**STOFNFJÁREIGENDUR** Samkvæmt lögum um sparisjóði má sparisjóður aðeins leysa til sín stofnfé á genginu einum. Sama gildir um sölu nýs stofnfjár. Á sama tíma er markaðsverð oft með stofnfé mun hærra.

Að mörgu leyti má segja að stofnfjáraðilar fái verðmæti í hendurnar sem endurspeglar ef til vill ekki ekki verðmæti endurmetins stofnfjár. Þetta virðist vera vilji löggjafans. Þessu má líkja við að ef hlutafélag seldi nýtt hlutafé á hálfvirði miðað við það gengi sem væri í Kauphöllinni.

Sparisjóður sem vill leysa til sín stofnfé getur ekki gert það á hærra verði en sem nemur endurmetnu stofnfé. Erlendis er mjög algengt að hlutafélög kaupi eigin hlutabréf þegar verðið er lágt og lækki þar með útistandandi hlutafé og hækki verð bréfanna. Þetta geta stærstu sparisjóðirnir ekki lengur gert þegar markaðsverð er hærra en endurmetið stofnfé.

Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu fyrir sparisjóð A að kaupa stofnfé í sparisjóði B á yfirverði.

„Þegar er verið að setja höft á viðskipti með stofnfé þá verður niðurstaðan svolítið skringileg á köflum. Þetta takmarkar til dæmis tækifæri sparisjóðsins til þess að leysa til sín stofnfé,“ segir Jóhannes Sigurðsson, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík.


SKAMMTÍMASJÓÐUR

9,1%*

Skammtímasjóður er góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu.
Enginn munur er á kaup-og sölugengi eftir 30 daga.
Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 31.05.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!


# Norski fiskurinn og mjölið í eina sæng?

Getgátur eru uppi í norskum fjölmiðlum um að risasameining fiskeldisfyrirtækjanna Fjord Seafood og Pan Fish og fóðurframleiðandans Cermaq sé í bígerð. Stærsti hluthafinn í fiskeldisfélögunum er John Fredriksen, ríkasti maður Noregs, sem sá sér leik á borði og hóf að fjárfesta í laxeldi þegar rekstarskilyrði hafa ekki verið betri um langa hríð. Gengi bréfa í Pan Fish hafa rokið upp síðan Fredriksen keypti um helmingshlut í félaginu fyrir átta milljarða króna.

Mikið hefur verið rætt um hugsanlega sameiningu Fjord og Pan Fish og sá fyrirtæki í Álasundi sér leik á borði og keypti lénið www.panfjord.no. Sameining Fjord og Cermaq var til umræðu fyrr á árinu en stjórn Cermaq dró sig út úr viðræðum stjórna félaganna.



**HUGSANLEG RISASAMEINING** Leiddar eru að því líkur í norskum fjölmiðlum að Cermaq, Fjord Seafood og Pan Fish renni saman í risafiskeldis- og fóðurframleiðanda.

Cermaq er að langstærstum hluta í eigu norska ríksins en Fjord á tólf prósent í félaginu. - eþa


Má bjóða þér einn?
“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

| ÚTRÁSARVÍSITALA | | | | 108,67 | -1,53% |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
| BTC | Búlgaría | 395,45 | Lev | 40,46 | -0,46% |
| Carnegie | Svíþjóð | 84,75 | SEK | 8,40 | -0,08% |
| deCode | Bandaríkin | 8,45 | USD | 64,64 | 1,16% |
| EasyJet | Bretland | 2,37 | Pund | 118,24 | -3,27% |
| Finnair | Finnland | 7,00 | EUR | 78,72 | -3,11% |
| French Connection | Bretland | 2,67 | Pund | 118,24 | -1,82% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 53,00 | SEK | 8,40 | -2,73% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,06 | Pund | 118,24 | 8,47% |
| NWF | Bretland | 5,35 | Pund | 118,24 | -1,12% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,60 | SEK | 8,40 | -3,40% |
| Singer & Friedlander | Bretland | 3,14 | Pund | 118,24 | -0,95% |
| Skandia | Svíþjóð | 42,60 | SEK | 8,40 | -1,11% |
| Somerfield | Bretland | 1,90 | Pund | 118,24 | -3,51% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 27. júní 2005

# Storkar Bandaríkjamönnum

Wen Jiabao forsætisráðherra Kína segir enga þörf á því að endurskoða gengi gjaldmiðils landsins, yuansins. Wen sagði stöðugt yuan þjóna hagsmunum Kína og umheimsins. Ummælin lét forsætisráðherrann falla á fundi evrópskra og asískra fjármálaráðherra, sem nú stendur yfir í Kína.

Bandaríkjastjórn hefur lengi þrýst á Kínverja að endurskoða gengið en þeir segja yuanið of lágt metið miðað við dal sem geri það að verkum að kínverskar vörur verða ódýrari en ella í Bandaríkjunum.




Bandaríkjamenn hafa miklar áhyggjur af því að þetta komi niður á innlendri framleiðslu og segja lágt gengi yuansins ógn við stöðugleika alþjóðamarkaða.

„Við endurmetum ekki gjaldmiðil okkar vegna utanaðkomandi þrýsings“, sagði Wen og bætti við: „Verði yuanið endurmetið verður það að eigin frumkvæði en ekki vegna skipana frá Washington“. -jsk

**WEN JIABAO FORSÆTISRÁÐHERRA KÍNA** Wen segir Kínverjum ekkert liggja á að láta endurmeta gjaldmiðil sinn og segir Kínverja ekki láta undan þrýstingi frá Bandaríkjamönnum.

# Yfirmenn Parmalat dregnir fyrir rétt

Sextán yfirmenn Parmalat ákærðir fyrir skjalafals og fjársvik. Ellefu játuðu sekt sína og hafa þegar hlotið dóm. Hinir fimm bíða réttarhalda sem haldin verða i haust.


Fréttablaðið/AP

**CALISTO TANZI STOFNANDI PARMALAT** Hefur verið ákærður fyrir stórfelld skattsvik og skjalafals. Alls eru 16 starfsmenn fyrirtækisins ákærðir, auk þriggja fjármálafyrirtækja.

Sextán yfirmenn fallna ítalska matvælarisans Parmalat hafa verið ákærðir fyrir skjalafals og fjársvik. Meðal ákærðu er Calisto Tanzi stofnandi fyrirtækisins.

Þá eru þrjú þekkt fjármálafyrirtæki; Bank of America, Deloitte et Touche og Grant Thornton, sökuð um að hafa hylmt yfir með Parmalat. Fyrirtækin þrjú segjast saklaus af öllum ásökunum.

Ellefu sakborninganna hafa játað sekt sína og fengu flestir skilorðsbundna dóma; frá tíu mánuðum til tveggja og hálfs árs, fyrir fjársvik og að hafa hindrað framgang réttvísinnar. Meðal þeirra sem dóma hlutu var Stefano Tanzi sonur eigandans, Calisto.

Fausto Tonna fyrrum fjármálastjóri og Giampaolo Zini lögmaður voru einu sakborningarnir sem ekki fengu skilorðsbundinn dóm og hyggjast þeir áfrýja.

Ljóst varð að ekki var allt með felldu hjá Parmalat árið 2003 þegar í ljós kom að engin innistæða var á bankareikningi fyrirtækisins sem sagður var innihalda 250 milljarða króna og að skuldir fyrirtækisins voru átta sinnum meiri en gefið hafði verið upp. Parmalat var í kjölfarið tekið til gjaldþrotaskipta.

Rannsókn hefur staðið yfir í átta mánuði og leitt ýmislegt vafasamt í ljós. Saksóknarar segja Parmalat hafa spunnið mikinn blekkingarvef og að allt hafi verið gert til þess að hylja slóð yfirmanna fyrirtækisins.

Calisto Tanzi var árið 1998 sakaður um fjársvik en kærunni var að loknum réttarhöldum vísað frá. Fundist hafa gögn sem sýna að dómarinn í málinu, Adriano Padula, fór í boðsferðir á vegum ferðaskrifstofu í eigu Tanzis.

Parmalat var upphaflega lítið matvælafyrirtæki í eigu Tanzi-fjölskyldunnar og hafði höfuðstöðvar í ítölsku borginni Parma. Á tímabili störfuðu 37 þúsund manns hjá fyrirtækinu í meira en þrjátíu löndum.

Réttarhöldin yfir þeim sem ekki hafa játað sekt sína hefjast 28. september næstkomandi og fara fram í Mílan.

- jsk





VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDIÐ

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbílsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16“ álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiöflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bættist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*






GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Vilja íslamskan risabanka

**Fjármálaráðherrar 57 múslimaríkja hafa í hyggju að setja á fót íslamskan risabanka. Þeir hvetja múslimaríki til að aflétta viðskiptahindrunum sín á milli.**

Íslamski þróunarbankinn, sem er viðskiptaarmur Alþjóðasamtaka múslimaríkja, OIC, hyggst stofna alþjóðlegan banka. Hann á að vera samkeppnishæfur við stærstu viðskiptabanka á Vesturlöndum. Var þetta tilkynnt í lok fundar þróunarbankans sem fjármálaráðherrar aðildarríkjanna sátu.

Fjármálaráðherrarnir hvöttu jafnframt aðildarríki samtakanna til að opna hagkerfi sín fyrir viðskiptum frá öðrum múslimaríkjum og til að fella niður viðskiptahindranir.

„Betri efnhagsleg frammistaða mun auka velferð fólks okkar og um leið áhrif íslamskra þjóða á alþjóðavettvangi,“ sagði Abdullah Ahmad Badawi, forsætisráðherra Malasíu, sem situr í forsæti OIC.



**SPJALLAÐ Á LÉTTU NÓTUNUM** Abdullah forsætisráðherra Malasíu og forseti Íslamska þróunarbankans Mohamed Ali ráða ráðum sínum á fundi þróunarbankans.

Abdullah sagði stefnt að því að auka hagvöxt í ríkjum samtakanna til muna á næstu tíu árum. Malasía hefur lengi verið leiðandi í OIC og þrýst á önnur aðildarríki að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Ekki eru allir jafn ánægðir og Abdullah. Fjármálaráðherra Afganistans, Anwar ul-Haq Ahady, sagði land sitt ekki hafa efni á að taka lán hjá OIC: „Hvað höfum við að gera við banka? Við þurfum styrki, ekki lán,“ sagði Ahady öskuillur. -jsk

# Roverar á spottprís

Rover-bílar seljast nú á spottprís í Bretlandi, en eins og kunnugt er fór bílaframleiðandinn á hausinn með braki og brestum fyrir nokkrum misserum.

Eftir gjaldþrotið stóðu heilu stæðurnar af nýframleiddum bifreiðum óhreyfðar í geymsluhúsum fyrirtækisins. Bílasalar gátu hins vegar ekki dregið pantanir sínar til baka og sitja því uppi með verðlausa mótorfákanna.

David Rovers bílasali segist fyrst og fremst vilja losna við bílana: „Flesta seljum við með tapi eða örlitlum gróða.“

Kaupendur telja sig hins vegar geta gert kjarakaup og sagðist hinn 75 ára gamli Graham Hibbert hæstánægður með nýja bílinn, en hann fjárfesti í Rover 75 bifreið og greiddi aðeins 65 prósent uppsetts verðs.

Sá galli fylgir þó kaupunum að engin ábyrgð er á bílunum og að Roverar ganga illa í endursölu. -jsk



Fréttablaðið/GettyImages

**ELÍSABET ENGLANDSDROTTNING BROSIR Í HLIÐARSPEGIL ROVER-BIFREIÐAR SINNAR** Elísabet getur nú fengið nýja Rover-bifreið með miklum afslætti því þær hafa fallið hratt í verði eftir gjaldþrot fyrirtækisins.

SÖGUHORNIÐ

# John Dillinger bankaræningi 102 ára

Bandaríski bankaræninginn John Dillinger var fæddur 22. júní 1903 og myndi því fagna 102 ára afmæli sínu um þessar mundir væri hann á lífi.

Dillinger var alræmdur bankaræningi á fjórða áratug síðustu aldar og um tíma efstur á lista Alríkislögreglunnar yfir eftirlýstustu menn veraldar. Dillinger var ekki alslæmur því stóran hluta ránsfengs síns lét hann renna til þeirra sem minna máttu sín.

Dillinger ólst upp í Indíanafylki í Bandaríkjunum en náði aldrei að festa þar rætur. Árið 1923 var hann dæmdur til fangelsisvistar fyrir að hafa í ölæði misþyrmt kunnum broddborgara í Indíana.

Í fangelsinu fann Dillinger loks fjölina sína. Hann vingaðist við þekkta bankaræninga og drakk úr viskubrunni þeirra. Þegar Dillinger slapp úr vistinni kunni hann því til verka og hafði þá þegar stofnað glæpaklíku í eigin nafni og skipulagt fjölda rána.

Dillinger-klíkan herjaði á næstu árum á Bandaríkin og fengu gríðarlega athygli í fjölmiðlum. Sérstaklega þótti almenningi mikið til Dillingers koma, sumir kölluðu hann ótýndan bófa en aðrir Hróa Hött. Flestir dáðust þó af honum fyrir íþróttamannslega framgöngu en Dillinger sýndi oft ótrúlega fimlega tilburði við rán sín og slapp á undraverðan hátt úr klóm laganna varða.




**25 ÞÚSUND DOLLARA VERÐLAUN** Dillinger var um tíma eftirlýstasti maður Bandaríkjanna. Hann naut þó töluverðra vinsælda meðal almennings enda lét Dillinger-klíkan stóran hluta ránsfjárins renna til þeirra er minna máttu sín.

Dillinger var nokkrum sinnum stungið í fangelsi en slapp ávallt út jafnóðum og hélt uppteknum hætti. Með tíð og tíma varð Dillinger þó nánast óþekkjanlegur enda gekkst hann undir fjölda lýtaaðgerða. Svo öruggur var Dillinger með nýja gervið að hann ákvað júlíkvöld eitt árið 1934 að skella sér í kvikmyndahús í Chicago-borg með unnustu sinni.

Hann hefði betur sleppt bíóferðinni, því er myndinni lauk sat lögreglan um Dillinger og skaut hann til bana. Mikil rekistefna myndaðist meðal sýningargesta sem allir vildu næla sér í minjagripi. Næstu ár gengu vasaklútar útataðir blóði, hárlokkar og fleira er sagt var tengjast Dillinger kaupum og sölum fyrir háar fjárhæðir. -jsk





VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

# Sony skerpir áherslurnar



**VILJA NÁ FYRRI HÆÐUM** Sony sló í gegn með Walkman snælduspilaranum og vill nú ná forystu í framleiðslu tækja sem spila stafræna tónlist.

Nýr forstjóri Sony-samteypunnar boðar að fyrirtækið muni leggja áherslu á færri vörur í framtíðinni í stað þess að taka þátt í samkeppni á mörgum ólíkum sviðum.

Töluvert tap hefur verið á rekstri Sony á síðustu misserum. Félagið hefur meðal annars verið gagnrýnt fyrir að beina sjónum sínum að of mörgum ólíkum vörum. Niðurstaðan hefur verið sú að flestar vörurnar skila ekki hagnaði til fyrirtækisins. Nýi forstjórinn, Howard Stringer, vill breyta þessu og leggja áherslu á DVD spilara, sjónvarpstæki og afspilunartæki fyrir stafræna tónlist. - þk

# Enginn áhugi á nýju Windows




**Microsoft hefur nú hlýtt samkeppnisyfirvöldum í Evrópusambandinu og sett á markað nýja útgáfu af Windows XP stýrikerfinu. Þessi útgáfa inniheldur ekki Windows Media Player.**

**Útlit er fyrir að sala á nýju útgáfunni verði mjög léleg og hafa tölvuverslanir hreinlega sleppt því að panta birgðir af þessari útgáfu. Media Player frá Windows hefur verið eitt helsta umkvörtunarefni keppinauta sem segja að með því að gefa Media Player með stýrikerfinu sé fótunum kippt undan rekstri þeirra sem vilja selja sína spilara.** - þk

# Microsoft og Toshiba í eina sæng

## Microsoft og Toshiba hyggjast vinna saman að þróun svokallaðrar Hd-dvd-tækni. Mikil samkeppni er í þróun næstu kynslóðar mynddiska og stefnir allt í stríð á borð við það sem framleiðendur VHS og Betamax myndbandstækja háðu á árum áður.

Jón Skaftason
skrifar




**HD-DVD DISKUR** Minni diskana er 30 gígabæt og eru þeir talsvert ódýrari í framleiðslu en svokallaðir Blu-ray diskar.

Microsoft tölvurisinn og raftækjaframleiðandinn Toshiba hafa skrifað undir samstarfssamning sem felur í sér samvinnu við þróun svokallaðra Hd-dvd-spilara og mynddiska.

Mikil samkeppni er í þróun næstu kynslóðar dvd-spilara en þar takast á tvær gerðir; annars vegar Hd-dvd og hins vegar Blu ray-tækni sem Sony styður og þróar.

Blu ray-diskar hafa meira minni, 50 gígabæta á meðan Hd-dvd hafa 30. Hd-dvd-diskarnir eru hins vegar mun ódýrari í framleiðslu enda framleiðsluferlið svipað og við þróun hefðbundinna dvd-diska.

Sony og Microsoft hafa árangurslaust reynt að komast að samkomulagi um hvora tæknina beri að nota og því stefnir allt í stríð á borð við það sem framleiðendur VHS og Betamax myndbandstækja háðu við lok áttunda áratugarins.

Komist fyrirtækin ekki að niðurstöðu um hvora gerðina beri að nota óttast sérfræðingar að ringulreið verði á markaðnum og að neytendur hiki við að taka í gagnið nýjar vörur.

„Herra Gates er gríðarlega öflugur bandamaður í baráttunni," sagði Atsutoshi Nishida forseti Toshiba en fyrirtækið er í útvarðasveit þeirra sem styðja Hd-dvd-tæknina.

Bill Gates sagði að þrátt fyrir samninginn væri Microsoft ekki að taka neina afstöðu: „Það að við tökum þátt í frekari þróun Hd-dvd tækninnar þýðir ekki að við séum að taka afstöðu með annarri hvorri fylkingunni".

Sony sendi í kjölfar samkomulagsins frá sér tilkynningu: ,"Microsoft ber við hlutleysi er kemur að Blu-ray og Hd-dvd, svo við höfum ekkert yfir samningnum að kvarta".

Samkomulagið náði einnig til annarra þátta á borð við samvinnu við þróun fartölva og fleira: „Enn og aftur höfum við sýnt fram á einarðan stuðning okkar við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi", sagði Gates ánægður með samninginn.




**LOGNIÐ Á UNDAN STORMINUM?** Bill Gates stjórnarformaður Microsoft og Atsutoshi Nishida forseti Toshiba handsala samning um þróun næstu kynslóðar dvd-tækni. Framleiðendur skiptast í tvær fylkingar og stefnir allt í harðvítugt viðskiptastríð.

# Sjónvarpið hefur forskot



**KÓSÍ STUND VIÐ SJÓNVARPIÐ** Ungmenni í Evrópu kjósa sjónvarpið helst allra afþreyingarmiðla.

Ungmenni í Evrópu eru enn hrifnari af bæði sjónvarpi og útvarpi heldur en internetinu. Þetta kemur fram í nýrri könnun þar sem mælt var hversu miklum tíma ungmenni verja í notkun ýmissa miðla.

Rannsóknin náði til fólks á aldrinum 15 til 24 ára og í ljós kom að af þeim tíma sem varið var við notkun afþreyingar- og fréttamiðla var 31 prósent fyrir framan sjónvarpið, 27 prósent við útvarpsviðtækið, 24 prósent á Internetinu en aðeins tíu prósent af tímanum fór í lestur dagblaða og tímarita. - þk

# i-Tunes á Motorola



Talið er að farsímaframleiðandinn Motorola muni í haust bjóða upp á nýja tegund af síma sem býður upp á að notandinn geti keypt tónlist í i-Tunes tónlistarbúð Apple.

Samningar Apple og Motorola við Cingular, stærsta farsímafyrirtæki Bandaríkjanna, munu vera langt á veg komnir en mikil leynd hvílir yfir samningunum.

Tæknilega stendur fátt í vegi fyrir því að hægt sé að bjóða upp á þjónustuna en samningar um skiptingu á tekjunum eru flóknari viðfangs. - þk

# Rifist um laumuforrit

## Deilt er um hvernig eigi að skilgreina hvers kyns forrit séu æskileg og óæskileg á netinu.



**SLEGIST Á NETINU** Fólk getur fengið ýmsar óværur inn á tölvuna sína þegar það heimsækir síður á netinu.

**Unnið er að því að hanna staðla til þess að skilja á milli illkynja og góðkynja hugbúnaðar sem vefsíður senda inn á tölvur.**

**Mörg fyrirtæki sem setja svokallaðar kökur (e. cookies) inn á tölvur telja að hreinsibúnaður sé forritaður til þess að taka of grimmilega á slíkum viðbótum og flokki saklausan hugbúnað sem hættulegan.**

**Forritin sem settar eru inn á síður gesta eru kölluð ýmist „spyware" eða „adware" en þótt nafngiftirnar séu neikvæðar bjóða slík forrit upp á ákveðin þægindi. Þau losa gestina undan því að þurfa í sífellu að skrifa inn lykilorð auk þess sem þau gera það mögulegt að vefsíður muni eftir notkun gestsins sem getur falið í sér þægindi.**

**Á hinn bóginn geta slík laumuforrit falið í sér að njósnað er um alla netnotkun og upplýsingar sendar til baka til geymslu í gagnabönkum og jafnvel til þjófnaðar á verðmætum upplýsingum. Þá er algengt að óprúttnir aðilar reyni að koma vírusum og annarri óáran í dreifingu með slíkum laumuforritum.** - þk

# Smáfuglarnir vita sínu viti

## Samskiptakerfi smáfugla er flóknara en talið var.



**GREINDUR SMÁFUGL** Hettumeisa gefur frá sér mismunandi hljóð eftir því hversu hættuleg rándýr nálgast.

Samskiptakerfi smáfugla virðast í ýmsum tilfellum vera miklu háþróaðri og flóknari en vísindamenn hafa hingað til gert sér grein fyrir.

Smáfuglinn hettumeisa gefur frá sér viðvörunarhljóð þegar rándýr nálgast og lætur þar með frændsystkin sín vita. Þetta eru ekki ný tíðindi fyrir vísindamenn en eftir að hafa fylgst betur með meisunni hefur komið í ljós að kerfið er mun flóknara en fyrst var talið.

Í rannsókninni voru gerðar upptökur á viðbrögðum meisunnar við návist þrettán ólíkra tegunda ránfugla og tveggja annarra rándýra. Í ljós kom að meisan lætur frá sér fleiri og hærri tíst eftir því sem meiri hætta stafar af rándýrinu. Návist smáuglu framkallaði því á þriðja tug tísta en stórir ránfuglar á borð við erni framkölluðu bara tvö tíst. Þetta skýrist af því að stóru ránfuglarnir eiga erfiðara með að veiða meisur heldur en þeir smærri. - þk

# Deilt um rafrænar kosningar

**Þingmenn í Bandaríkjunum rífast um hvort rafrænar kosningar séu nægilega öruggar. Til dæmis sé endurtalning atkvæða ekki möguleg.**

Á Bandaríkjaþingi er nú deilt um hvort óhætt sé að láta kosningar fara fram án þess að pappír komi nálægt ferlinu. Fyrir þinginu liggur frumvarp sem gerir að skyldu að einhvers konar pappírsslóð sé til staðar þegar kosið er á tölvu.

Stuðningsmenn frumvarpsins telja að hætta sé á svindli ef ekki sé hægt að sannreyna niðurstöður tölvukosningar. Það sé til að mynda ekki hægt að endurtelja atkvæði ef aðeins rafboð liggja til grundvallar talningunni.

Andstæðingar frumvarpsins telja hins vegar enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur af öryggi rafrænna kosninga og benda á að rafræn kosning auki mjög þægindin við atkvæðagreiðslur eins og sjáist á því að mjög lítið hlutfall atkvæðaseðla í slíkum kosningum eru ógildir. - þk



**ÞINGHÚSIÐ Í WASHINGTON** Þar er rifist um hvort treysta eigi tölvum í kosningum.

# Taugar til stórstjarna



**Ný rannsókn á mannsheilanum gefur til kynna að ákveðin hugtök og einstaklingar geti rutt sér rúms í heilanum á okkur og eignast eina heilafrumu. Þannig kviknar á tiltekinni heilafrumu hjá fólki sem þekkir vel til Sylvester Stallone þegar það sér mynd af honum.**

**Hugmyndin um að ákveðnar heilafrumur tengdust ákveðnum hugmyndum eða fólki kviknaði fyrst á sjöunda áratugnum en naut ekki mikils fylgis. Nú hafa rannsóknir hins vegar sýnt fram á að meira vit var í hugmyndinni en áður var talið. Vísindamennirnir sem unnu rannsóknina telja að með þessum niðurstöðum sé hægt að átta sig betur en áður á því hvernig heilinn vinnur úr upplýsingum og skipuleggur langtímaminni. - þk**

# Karlfermón geta breytt kauphegðun

**Karlmenn sem anda að sér karlfermóni eru líklegri til þess að kaupa tímarit fyrir karlmenn.**

Karlmenn eru líklegri til þess að laðast að karlmannlegum tímaritum þegar þeir hafa andað að sér karlkyns fermónum sem meðal annars eru í svita.

Fermón gegna hlutverki við að vekja kynlöngun hjá körlum og konum og er algengt að fermón úr svínum séu notuð í ilmvötn og rakspíra. Nú virðist hins vegar vera sannað að fermón karlmanna hafi einnig áhrif á þeirra eigin hegðun.

Gerð var tilraun þar sem tveir hópar voru látnir meta líkur á því að þeir keyptu tímarit. Þrjú tímarit voru í boði. Eitt kvenlegt, eitt hlutlaust og eitt sem sniðið var að karlmönnum. Í ljós kom að karlmenn sem höfðu andað að sér fermónum voru miklum mun líklegri til þess að kaupa karlablaðið heldur en hinir sem andað höfðu að sér hlutlausu efni.

Tímaritið Science sem greinir frá rannsókninni veltir því fyrir sér hvort vera megi að besti staðurinn til þess að selja blöð fyrir karlmenn sé í búningsklefum sem eru vel mettir af svitalykt. - þk





**KARLARITIÐ BOGB** Myndi eflaust seljast vel í svitamettuðum búningsherbergjum.

# Mikill vöxtur í stafrænni afþreyingu



Sala á tónlist, tölvuleikjum, kvikmyndum og annarri afþreyingu í gegnum netið fer sívaxandi þrátt fyrir miklar áhyggjur af hugverkaþjófnaði.

Í nýrri skýrslu á vegum Pricewaterhouse Cooper's er því spáð að tekjur af sölu afþreyingarefnis í gegnum netið muni sjöfaldast frá 2004 til 2009. Þetta er þó aðeins smár hluti af heildarsölu á afþreyingarefni en sá markaður er talinn munu verða 1.800 milljarða Bandaríkjadala virði árið 2009. Það samsvarar 117 þúsund milljörðum króna. - þk






**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Á morgun, fimmtudag kemur í ljós hver keypti stofnfjárbréf í SPH sem lögmenn á vegum stjórnar höfðu milligöngu fyrir.

# Kaupandinn í sjónmáli

**Tvær fylkingar deila um völdin í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Á morgun dregur sennilega til tíðinda þegar hugsanlegur kaupandi kemur í ljós. Ekkert gæti orðið af stofnfjárkaupum vegna innbyrðis deilna stofnfjáreigenda. *Eggert Þór Aðalsteinsson* fer yfir stöðu mála í þessum rótgróna sparisjóði.**

Átökin um völd og stofnfé, sem eiga sér stað innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar, eiga rætur sínar að rekja til óánægju margra stofnfjáreigenda með rekstur sjóðsins á undanförnum árum. Samstaða stofnfjáreigenda er lítil þessa stundina og berjast tvær fylkingar um völdin. Inn í þetta spilast svo að verðmæti stofnfjárbréfa hefur margfaldast eftir að fjármálayfirvöld féllust á að heimilt væri að versla með þau á yfirverði.

### SITUR EFTIR

Sparisjóður Hafnarfjarðar var rekin með 319 milljóna króna hagnaði á síðasta ári og var afkoman borin uppi af gengishagnaði af verðbréfaviðskiptum. Þrjú rekstrarár þar á undan var samanlagður hagnaður um 350 milljónir króna og arðsemi langtum minni en hjá SPRON, Sparisjóði vélstjóra og öðrum stórum sparisjóðum.

Þótt sparisjóðurinn hafi ekki átt við rekstrarvanda að stríða hefur hann tapað miklum fjármunum vegna útlánatapa. Hann hefur afskrifað 1,3 milljarða króna á síðustu fjórum rekstrarárum og lagt inn á afskriftarreikning tæpa tvo milljarða á sama tímabili til þess að mæta frekari töpum. Sparisjóðurinn tapaði miklum fjármunum vegna útlána sem veitt voru í góðærinu í kringum aldamótin.

Víst er að verðmæti sparisjóðsins aukast til muna með betri arðsemi og meiri hagnaði.

Miklar mannabreytingar hafa orðið í æðstu röðum. Þór Gunnarsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, lét af störfum um áramótin eftir langt starf. Eftirmaður hans, Björn Ingi Sveinsson, stoppaði ekki nema fjóra mánuði í starfi og Ingimar Haraldsson aðstoðarsparisjóðsstjóri kaus að skipta um lið þegar ný stjórn tók til starfa.

Skýra má þá hallarbyltinguna í vor út frá þessu: Margir stofnfjáreigendur voru orðnir þreyttir á getuleysi sjóðsins til þess að takast á við vandann á sama tíma og allar fjármálastofnanir hafa verið á mikilli siglingu og vildu því að eitthvað yrði gert. Einnig var vilji einhverja stofnfjáreigenda til að selja stofnfjárbréf sín og það yrði ekki gert nema með nýjum herrum. Skömmu fyrir aðalfund sparisjóðsins í apríl barst inn á skrifstofu sparisjóðsstjóra framboðslisti til stjórnar sem myndaður var gegn gömlu stjórninni. Gamla stjórnin féll svo í hnífjafnri stjórnarkosningu.

### KAUPANDINN KEMUR Í LJÓS

Á morgun, fimmtudag kemur í ljós hver keypti stofnfjárbréf í SPH sem lögmenn á vegum stjórnar höfðu milligöngu fyrir. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur kallað eftir upplýsingum frá öllum stofnfjáreigendum, hvort þeir hafi selt bréf sín eða fengið tilboð í þau og hvort virkur meirihluti hafi myndast utan um eignarhald í sjóðnum. Ekki er vitað til annars en að stofnfjáreigendur hafi almennt svarað bréfi FME, enda virðist eftirlitið hafa fullan rétt á því að kalla eftir þessum upplýsingum.

Fréttablaðið og DV sögðu frá því á fimmtudaginn í síðustu viku að viðskipti væru hafin með bréf í SPH að undirlagi nýrrar stjórnar. Fullyrt hefur verið að 30 stofnfjáraðilar hafi selt um 320.000 króna hluti sína fyrir 46 milljónir króna. Fjöldinn hefur ekki fengist staðfestur en vitað er að margir hafa gefið vilyrði fyrir sölu til þriðja aðila. DV fullyrti í gær að tilboð til stofnfjáreigenda hafi verið hækkað í tæpar 100 milljónir króna. Eru þá fjárfestar tilbúnir að kaupa stofnfé á sama virði og eigin fé SPH.

Viðskipti með stofnfjárbréf lúta allt öðrum lögmálum en viðskipti með hlutabréf því samþykki sparisjóðsstjórnar þarf fyrir framsali bréfanna. Samkvæmt þessu er ekki hægt að komast yfir sparisjóð nema að stjórn hans fallist á framkvæmdina.

Ef kaupandi ætlar sér að ná virkum eignarhluta þarf samþykki Fjármálaeftirlits að liggja fyrir. Virkur eignarhluti telst vera tíu prósent eða meira af hlutafé eða stofnfé. Því er ekki hægt að segja að einhver stofnfjáreigandi hafi selt bréf sín formlega.

### VIÐKVÆMT MÁL

Páll Pálsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar, hefur bent á að á sama tíma og allt leiki á reiðiskjálfi vegna áhuga margra stofnfjáreigenda í sparisjóðnum að selja stofnfé sitt, hafi yfir 60 prósent stofnfjár skipt um hendur í SPRON án þess að nokkuð hafi borið á gagnrýni.

Stofnfjármarkaður SPRON hóf göngu sína í október 2004 og fóru fyrstu viðskipti fram á genginu 5. Gengið hækkaði fljótlega upp í 6,5 og fór hæst í 8,6 rétt áður en stofnfjárútboði SPRON lauk í maí síðastliðinum. Þá hafði stofnfé SPRON verið þrefaldað, úr 600 milljónum í 1.800 milljónir.

Viðbrögð bæjarbúa í Hafnarfirði hafa verið mjög blendin, enda er SPH sterkur hluti af hafnfirsku samfélagi. Guðmundur Árni Stefánsson lýsti sölunni sem „ráni um hábjartan dag“. Á honum mátti skilja að stofnfjáreigendur væru að komast yfir SPH án þess að geta gert tilkall til hans. Viðbrögð margra annarra Hafnfirðinga hafa verið á sama veg og getur sú neikvæða umræða sem hefur orðið um sparisjóðinn rýrt verðmæti hans.

**Ljóst er að margir stofnfjáreigendur, sem rætt hefur verið við, selja ekki bréfin sín hvað sem tautar og raular. Verðmæti stofnfjárbréfa í SPH liggja að stærstum hluta í því að einn og sami aðilinn komist yfir öll bréfin.**

Ljóst er að margir stofnfjáreigendur, sem rætt hefur verið við, selja ekki bréfin sín hvað sem tautar og raular. Verðmæti stofnfjárbréfa í SPH liggja að stærstum hluta í því að einn og sami aðilinn komist yfir öll bréfin. Aðeins þrír stofnfjáreigendur sem eiga 6,6 prósent stofnfjár geta hindrað aðila sem á restina af bréfunum. Það er alveg sama hvað stofnfjáreigandi á með beinum eða óbeinum hætti, hámarksatkvæðisréttur miðast alltaf við fimm prósent.

Sérstaða Sparisjóðs Hafnarfjarðar er einnig mikil. Stofnfjáreigendur eru fáir í samanburði við aðra sparisjóði á suðvesturhorninu. Alls eru þeir 47 og voru útvaldir. Stefna nýrrar stjórnar var meðal annars að fjölga í röðum stofnfjáreigenda en hún telur sig ekki hafa tvo þriðju hluta eigenda á bak við sig til þess að breyta samþykktum sjóðsins. Margir hafa óskað eftir því að gerast stofnfjáreigendur, þar á meðal starfsmenn.

### TVÆR FYLKINGAR

Hálfgerð pattstaða er komin upp innan stofnfjáreigendahópsins í SPH. Eins og áður sagði vilja nokkrir ekki selja bréfin sín og geta því komið í veg fyrir að ráðandi aðili fari sínu fram. Minnihluti stofnfjáreigenda, sem kenndur er við Matthías Á. Mathiesen, fyrrverandi stjórnarformann, og eldri stjórn, er ósáttur við vinnubrögð núverandi stjórnar í tengslum við sölu stofnfjárbréfanna og breytingar á yfirstjórn bankans. Margir hafa ekki enn fengið tilboð í bréfin sín. Deilurnar um SPH verða varla leystar nema með því að báðar fylkingar sættist.

En hvað hyggst huldukaupandinn eða kaupendurnir gera við sparisjóðinn? Getur verið að hann vilji breyta sparisjóðnum í hlutafélag? Sá sem nær yfirtökunum í sparisjóðnum getur gefið út nýtt stofnfé fyrir nokkra milljarða og breytt honum í hlutafélag þannig að sjálfseignarstofnunin, sem verður til við breytinguna og fær hlutabréf sem falla ekki í skaut stofnfjáreigenda, verði í miklum minnihluta. Þar með er komið raunverulegt eignarhald á alla sjóði SPH sem auðveldar innri og ytri vöxt hans.

Aðeins tveir sparisjóðir eru hlutafélög, Netbankinn.is sem er í eigu SPRON, og Sparisjóður Kaupþings.

## Nokkrir af núverandi og fyrrverandi stjórnendum SPH



**INGIMAR HARALDSSON,** fyrrverandi aðstoðarsparisjóðsstjóri



**BJÖRN INGI SVEINSSON,** fyrrverandi sparisjóðsstjóri



**ÞÓR GUNNARSSON,** fyrrverandi sparisjóðsstjóri



**PÁLL PÁLSSON,** stjórnarformaður SPH



**MATTHÍAS Á. MATHIESEN,** fyrrverandi stjórnarformaður

Yfirlýsing

Pace
Á ÍSLANDI

# PACE PRODUCTS INTERNATIONAL

## gerir kunnugt að gefnu tilefni þar sem borið hefur á að aðilar sem **ekki** eru í viðskiptum við okkur auglýsa þakefni undir nafninu Pace

Almennir verktakar ehf. hafa einir einkaleyfi til að flytja inn og selja þakefni frá okkur ásamt því að hafa umsjón með verktakastarfsemi þar sem þessi efni eru notuð.

Þessi efni eru:
Aluma-Chron, SeamGuard, RivetGuard, Neoprene66, RustArrestor,
ConcretePlus, Bondit, FabronIII

Almennir verktakar ehf. hafa einir íslenskra fyrirtækja starfsmenn innan sinna raða sem viðurkenndir eru af Pace Products International og hafa sótt námskeið um sérhæfða notkun þessara efna.

Einungis með því að snúa sér til Almennra verktaka ehf. geta húseigendur verið öruggir um að verkin séu rétt unnin, með réttum efnum.

PACE PRODUCTS INTERNATIONAL
Á HEIMSMARKAÐI Í YFIR 40 ÁR

a v

ALMENNIR VERKTAKAR ehf.

Almennir verktakar ehf • Sími: 517 9177 / 696 7282 / 698 0979 • Fax: 517 9277 • pace@coat.is



# Léttvín – *best í hófi*

Léttvín seldist fyrir um þrjá milljarða króna á síðasta ári og eykst salan hratt milli ára. Íslendingum virðist ekki muna um að greiða hærra verð fyrir léttvínsflöskuna en víðast hvar annars staðar. Aðalástæða þessa háa verðs er óbein skattlagning ríksins og nemur hún um 60 prósentum af verði venjulegrar léttvínsflösku. *Dögg Hjaltalín* skoðaði nánar hvernig léttvínsmarkaðurinn er hér á landi.

**Margir eru fylgjandi því að selja eigi léttvín í matvöruverslunum en með óbreyttri álagningu ríkisins myndi verðið líklega ekkert lækka.**

Léttvínsdrykkja eykst á hverju ári og það þykja ekki lengur tíðindi til næsta bæjar ef vín er borið fram með soðnu ýsunni á mánudögum og kjötbollunum á þriðjudögum. Margir segja að vínmenning Íslendinga hafi batnað og siðir Suður-Evrópubúa séu í hávegum hafðir en þeir drekka vín nánast eins og vatn. Aðrir benda þó á að vínmenning felist ekki í því að drekka vín.

Þó er langt í frá að verð á vatni og víni sé nánast það sama hér eins og gerist víða í Suður-Evrópu. Verð á léttvíni hér á landi er mjög hátt miðað við hvað gengur og gerist erlendis og munar mestu um gjöld ríkisins. Um 60 prósent af verði venjulegrar léttvínsflösku rennur til ríkisins og munar þar mestu um áfengisgjaldið og virðisaukaskattinn.

Sölutölur ÁTVR sína svart á hvítu að neysla léttvíns stóreykst hér á landi á ári hverju. Aukning í sölu rauðvíns og hvítvíns hefur verið á milli 10 til 20 prósent síðustu ár og töldu viðmælendur Markaðarins að sú þróun héldi áfram. Milli áranna 2003 og 2004 jókst sala á rauðvíni um 11 prósent og sala á hvítvíni um 18 af hundraði.

Á árinu 2004 seldi ÁTVR rauðvín og hvítvín fyrir um þrjá milljarða króna hér á landi. Rauðvín seldist fyrir um 2,3 milljarða króna og hvítvín um 800 milljónir króna. Heildarandvirði sölu ÁTVR á því ári var um 12 milljarðar króna og er því um fjórðungur sölunnar léttvín. Til gamans má geta þess að tæpir tveir milljarðar renna til ríkisins í formi gjalda af þessum þremur milljörðum.



### VÍN Í KÖSSUM VINSÆLAST

Áhugi á góðum vínum hefur aukist síðustu ár og á sama tíma þekking á mismunandi tegundum léttvíns. Margir leggja áherslu á að bjóða upp á vín sem passar vel við þann mat sem er á borðum hverju sinni. Ferðalög og dvöl erlendis hefur einnig orðið til þess að fólk kynnist nýjum siðum og nýjum vínum.

Heilsufarssjónarmið hafa jafnframt sitt að segja þar sem víða telja sumir að hófleg drykkja léttra vína sé heilsusamleg. Aðrir segja þvert á móti að drykkja sé stór skaðleg og benda á tíðni lifrarsjúkdóma hjá Suður-Evrópubúum.

Mest er selt af þriggja lítra vínkössum eða um 40 prósent af seldu magni. Einnig eru vínkassarnir mest seldu einstöku vörutegundirnar. Af tíu mest seldu rauðvínunum eru átta kassavín og tvær 1,5 lítra flöskur. Af tíu mest seldu hvítvínunum eru fjórar 750 millilítra flöskur, tvær 1,5 lítra flöskur og fjórir vínkassar. Taka verður tillit til þess að í mannfögnuðum eru líklega keyptar stærri umbúðir þannig að sölutölurnar endurspegla ekki hefðbundna neyslu.

Nokkrar ástæður eru fyrir auknum vinsældum kassavínanna; framleiðendur eru farnir að setja fleiri og betri vín í kassa, vínið geymist lengur í þeim og oft er lítillega ódýrara að kaupa vín í kössum.

Einn viðmælenda Markaðarins benti á að margar hefðbundnar vínflöskur skörtuðu miðum með kastölum og húsum sem allar væru mjög áþekkar. Aftur á móti væri oft mynd af dýri á til að mynda á áströlsku vínunum og því líklegra að kaupandinn myndi eftir þeirri flösku og keypti hana aftur.

| MEST SELDU HVÍTVÍNIN Í ÁTVR |
|---|
| JCP Herault Blanc (3 lítra) |
| Carlo Rossi California White |
| Rosemount GTR |
| Drostdy-Hof Steen |
| Concha y Toro Sunrise Chardonnay |
| Guntrum Riesling Royal Blue |
| Lion d'Or |
| Ars Vitis Riesling |
| Barramundi Semillon Chardonnay |
| JCP Herault Blanc (5 lítra) |



**SALA HVÍTVÍNS Á ÍSLANDI EFTIR LÖNDUM**

| | |
|---|---|
| Suður – Afríka | 10% |
| Ástralía | 15% |
| Frakkland | 19% |
| Chile | 10% |
| Bandaríkin | 11% |
| Þýskaland | 16% |
| Ítalía | 11% |
| Spánn | 5% |
| Önnur lönd og sérpantanir | 3% |

### DRYKKJA EKKI MENNING

Oft heyrist að drykkjumenning Íslendinga hafi batnað mjög mikið. Í fyrsta lagi má deila um hvort vínmenning felist í því að drekka vínið en sumir segja vínmenninguna felast í ræktuninni, uppskerunni og brugguninni. Það sem Íslendingar stæri sig því af sé bara meiri drykkja ekki vínmenning.

Sölutölur ÁTVR sýna að neysla á sterku víni hefur minnkað þannig að neyslan hefur vissulega breyst. Sala léttvíns og bjórs hefur aukist mikið á kostnað sterkari vína.

Umboðin bjóða upp á vínsmökkunarnámskeið og er það fín leið til að koma vínum sínum á framfæri en bannað er að auglýsa áfengi. Einn viðmælenda Markaðarins taldi framboð of mikið af vínsmökkunarnámskeiðum. Eftirspurnin væri ekki svo mikil.

Léttvín er mjög dýrt hér á landi miðað við víðast hvar erlendis og getur mismunurinn numið margföldu verði. Ódýr vín kosta víða innan við hundrað krónur en hér á landi eru ódýrustu vínin rétt undir þúsund krónum. Skýrist þessi mikli verðmunur á álagningu sem ríkið setur á áfengi. Álagning ríkisins felst í nokkrum mismundi kostnaðarliðum. Fyrst ber að nefna áfengisgjald sem er lagt á hvern lítra af alkóhóli. Áfengisgjaldið er 52,8 krónur á hvern alkóhóllítra. Því leggjast 386 krónur á hverja rauðvínsflösku sem inniheldur 12 prósent vínanda. Rúmlega níu krónu skilagjald er lagt á hverja flösku. Að auki leggur ÁTVR álagningu á hverja flösku, 19 prósent ef flaskan er til reynslusölu en 13 prósent ef flaskan er á sölulista vínbúðanna. Að auki leggst 24,5 prósenta virðisaukaskattur ofan á verðið. Af 12 prósenta



**HUGAÐ AÐ ÞRÚGUNUM** Sölutölur ÁTVR sína svart á hvítu að neysla léttvíns stóreykst hér á landi á ári hverju. Aukning í sölu rauðvíns og hvítvíns hefur verið á milli 10 til 20 prósent síðustu ár og töldu viðmælendur Markaðarins að sú þróun héldi áfram. Milli áranna 2003 og 2004 jókst sala á rauðvíni um 11 prósent og sala á hvítvíni um 18 af hundraði.




**SAMSETNING VERÐS** Hér að ofan sést skipting á verði 12% rauðvíns sem kostar 1190 kr. út úr verlsunum ÁTVR.

rauðvínsflösku sem kostar 1.190 krónur renna því tæpar 740 krónur til ríkisins eða rúmlega 60 prósent. Afgangurinn er innkaupsverðs en álagning framleiðenda er oftast um 10 prósent af heildarverði.

Afleiðing af þessari háu álagninu ríkisins á vínverð er að hér á landi kosta ódýr vín hlutfallslega mikið. Fínni og betri vínin eru ekkert mikið dýrari hér en víða annars staðar. Ekki eru teikn á lofti um að gjald á léttvíni verði lækkað.

### ÞEIR HÆFUSTU LIFA AF

Í raun er öllum heimilt að flytja inn léttvín en mjög erfitt getur reynst fyrir umboðsaðila að koma vörum sínum inn á sölulista ÁTVR. Það sem fæst með því að vín fari inn á sölulista ÁTVR er að álagningin lækkar í 13 prósent en er 19 prósent í reynslusölu. Þegar vín nær inn á sölulista ÁTVR er það selt í vínbúðum þess og fer dreifingin í rauninni eftir því hversu mikið selt. Fjöldi vörutegunda í vínbúðum ÁTVR er fyrirfram ákveðinn og er misjafnt eftir stærð búðanna hversu margar vörutegundir eru í boði. Minnstu búðirnar selja 100 tegundir en svo fjölgar þeim ört eftir stærð búðanna. Í þeim búðunum eru flestar tegundir af bjór vegna þess að hann hefur selst í mestu magni að undanförnu. Léttvínin eiga því erfitt uppdráttar í útbreiðslu í smærri verslunum.

Veitingastaðir með vínveitingaleyfi geta keypt beint af umboðunum og fá þau þá oft afslátt af álagningu þeirra. Í kringum 30 prósent af seldu magni fer til vínveitingastaða. Veitingastaðirnir sleppa ekki við áfengisgjaldið og skilagjaldið. Veitingastaðirnir leggja svo margfalt ofan á innkaupsverðið. Fólk í ferðaþjónustu hefur barist fyrir því að verð á áfengi verði lækkað því ferðamenn kvarta sáran yfir háu verði á áfengi meðan annað verðlag þykir í lagi.

Stærstu umboðsaðilarnir eru meðal annars Karl K. Karlsson, Glóbus, Ölgerðin, Vífilfell, Austurbakki, Rolf Johansen & Co. og Eðalvín. ÁTVR býður einnig upp á sérpantanir á vínum gegn hærri álagningu.



**SALA RAUÐVÍNS Á ÍSLANDI EFTIR LÖNDUM**

| | |
|---|---|
| Suður – Afríka | 13% |
| Ástralía | 12% |
| Frakkland | 15% |
| Chile | 19% |
| Bandaríkin | 7% |
| Þýskaland | 2% |
| Ítalía | 17% |
| Spánn | 14% |
| Önnur lönd og sérpantanir | 1% |

### NÝI HEIMURINN

Þrír heimshlutar bera höfuð og herðar yfir aðra í neyslu léttvíns. Langmest er selt af léttvíni í Vestur-Evrópu eða fyrir um sex þúsund milljarða króna árið 2003. Þar á eftir kem Asía en þar var selt léttvín fyrir hátt í tvö þúsund milljarða árið 2003. Bandaríkin koma skammt á eftir. Aðrir heimshlutar á borð við Austur-Evrópu, Suður-Ameríku, Ástralíu, Afríku og Mið-Austurlönd selja mun minna af léttvíni.

Fleiri lönd og heimshlutar eru farnir að láta til sín taka í vínframleiðslunni en áður því þá voru vín frá Evrópu allsráðandi. Vín frá nýja heiminum hafa notið aukinna vinsælda á kostnað hinna hefðbundnu vína frá til dæmis Frakklandi og Ítalíu. Nýja heims vín koma frá löndum á borð við Ástralíu, Suður-Afríku og Argentínu. Einn af kostum nýja heimsins er að veðurfar þar er stöðugra en vínuppskeran veltur á veðráttunni. Þar með velta gæði vínsins á veðráttunni. Vín frá Nýja heiminum eru jafnframt gerð til þess að drekka strax og þurfa því ekki að lofta. Einnig eru þau ekki jafn viðkvæm og önnur vín þar sem þrúgan er harðgerðari.

Frakkland, Ítalía, Bandaríkin, Argentína, Ástralía og Þýskaland eru helstu framleiðslulöndin en væntanlega munu vín frá nýja heiminum saxa hratt á forskot hinna.

### EKKI ÓDÝRARA Í MATVÖRUVERSLUNUM

Margir eru fylgjandi því að selja eigi léttvín í matvöruverslunum en með óbreyttri álagningu ríkisins myndi verðið líklega ekkert lækka. Álagning umboðsaðilana er um tíu prósent af verðinu eins og er og þrátt fyrir að hún lækkaði töluvert væri söluverðið nánast það sama. Þjónusta ÁTVR hefur batnað að undanförnu og opnunartíminn lengdur. Verslunum ÁTVR hefur einnig fjölgað á undanförnum árum en á sama tíma lúta þær ákveðnum reglum ÁTVR um vöruúrval.

Lítil von er á lækkunum á áfengisgjaldinu á næstunni. Tekjur ríkisins eru miklar af gjöldum ríkisins á léttvín en verðið virðist ekki hafa mikil áhrif á neyslu léttvíns, að minnsta kosti ekki miðað við söluaukninguna á því á undanförnum árum.

Verðið á léttvíni verður til þess að um munaðarvöru er að ræða og því einhver takmörk fyrir því hversu mikið fólk drekkur. En háa verðið leiðir líka til þess að verslanir sem selja hráefni til víngerðar gera það gott. Hægt er að brugga sitt eigið vín með litlum tilkostnaði en að sama skapi með mikilli fyrirhöfn. Getur kostnaðurinn við hverja flösku þá farið niður í það sama og ódýr vín kosta erlendis.

Vínmarkaðurinn virðist vera í nokkuð föstum skorðum hér á landi og dafnar vel í þeirri blekkingu að um menningu sé að ræða. Hvort um er að ræða menningu eða ekki er ekki hægt annað en að líta þróunina jákvæðum augum. Í það minnsta fyrir þá sem trúa því að hófleg áfengisneysla sé meinholl.

**MEST SELDU RAUÐVÍNIN Í ÁTVR**

| |
|---|
| Drostdy-Hof Cape Red |
| Pasqua Cabernet Merlot Venezie |
| Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon |
| Le Cep Merlot |
| Le Cep Chilean Cabernet Sauvignon |
| Chardonnay |
| Bodegas Hijos de Alberto Gutierrez |
| Carlo Rossi California Red |
| Jean-Claude Pepin Herault |
| Pasqua Merlot delle Venezie |
| Gato Negro Cabernet Sauvignon |



## FÓLK Á FERLI



**THOMAS MÖLLER** hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra Aalborg Portland Íslandi ehf. Hann er hagverkfræðingur að mennt og hefur starfað við framkvæmdastjórn hjá nokkrum fyrirtækjum, síðast sem framkvæmdastjóri Thorarensen Lyfja ehf. Aalborg Portland Íslandi ehf. sem er í eigu Aalborg Portland AS í Danmörku hefur starfað hér á landi í fimm ár við markaðssetningu og dreifingu á hágæða sementi. Félagið rekur tvö sex þúsund tonna síló fyrir laust sement í Helguvík og dreifingarmiðstöð fyrir pakkað sement á sama svæði. Flutningabílar félagsins dreifa lausu sementi um allt land. Pakkað sement frá Aalborg Portland er selt í byggingavöruverslunum og múrbúðum víða um land. Aalborg Portland AS í Danmörku flytur út sement til um 70 landa. Félagið er meðal stærstu framleiðenda á sementi í Evrópu og rekur sementsverksmiðjur í Danmörku, Malasíu, Kína, Egyptalandi og í Bandaríkjunum.



**KRISTÍN RAFNAR** hefur hafið störf sem forstöðumaður skráningarsviðs Kauphallarinnar. Kristín er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og MA í þjóðhagfræði frá Ohio State University. Kristín starfaði um árabil í Landsbanka Íslands, meðal annars sem framkvæmdastjóri.

## Íslandsbanki opnar í Köben

### Styrkja viðskiptasambönd á Norðurlöndum.

Íslandsbanki opnar söluskrifstofu í Kaupmannahöfn í Danmörku í september. Meginhlutverk hennar verður að styrkja viðskiptasambönd Íslandsbanka við fyrirtæki og fjármálastofnanir á Norðurlöndunum einkum í Danmörku. -dh

RAYMOND WEIL
GENEVE



Parsifal
Dömuúr 18kt gull og eðalstál, sett alls 59 demöntum 26pt. VVS. Perluskel í úraskífu sett 12 demöntum.

# Alls staðar nema í Afríku

**Steinar Árnason á þrjátíu prósent hlut í sænska fyrirtækinu Audiopro sem sérhæfir sig í hönnun hljómtækja og velti á síðasta ári 14 milljónum Bandaríkjadala. Steinar spjallaði við *Jón Skaftason* og fræddi hann um fyrirtækið.**

Steinar Árnason er varaforseti sænska fyrirtækisins Audiopro. Steinar og félagi hans, Stefan Pantzar sem titlaður er forseti, komu að rekstrinum árið 1995 en fyrirtækið hafði þá starfað frá árinu 1978.

**Audiopro:**
Höfuðstöðvar: Helsingborgs, Svíþjóð
Forseti: Stefan Pantzer
Varaforseti: Steinar Árnason
Starfsmenn: Ellefu að eigendunum meðtöldum
Velta: 14 milljónir Bandaríkjadala árið 2004

Audiopro framleiddi upphaflega ýmsa aukahluti fyrir hljómtæki en hagur fyrirtækisins vænkaðist þegar hönnuðurinn Karl Erik-Stohl fann upp svokallaða A-Space tækni sem gerði mönnum kleift að minnka magnara sem fylgdu með tækjum fyrirtækisins án þess að það kæmi niður á gæðum.

**TUTTUGU ÁRUM Á UNDAN**

Steinar segir þessa uppfinningu hafa verið langt á undan sinni samtíð: „Þetta var tæpum tveimur áratugum á undan. Enda var einkaleyfið selt til japanska framleiðandans Yamaha árið 1991. Þeir höfðu þá fundið nákvæmlega sömu lausn og Audiopro rúmum fimmtán árum áður“.

Þegar Steinar og Pantzer tóku yfir reksturinn hafði fyrirtækið átt í basli í nokkurn tíma: „Það var svona upp úr 1992 sem fór að syrta í álinn. Smekkur fólks á hljómtækjum breyttist og Audiopro náði ekki að aðlagast“.

Steinar og Pantzer hafa verið viðskiptafélagar lengi og höfðu meðal annars umboð fyrir Kenwood-hljómtæki í Svíþjóð. Þeir komust að þeim möguleikum sem búa í Audiopro-vörumerkinu þegar þeir hjálpuðu við sölu á lager fyrirtækisins þegar hvað verst gekk: „Varan hreinlega rauk út. Við sáum strax að þetta var einstakt tækifæri. Nafnið sjálft er gríðarlega verðmætt“.

**PUTTINN Á PÚLSINUM**

Árið 1995 kaupa þeir félagar svo Audiopro. Steinar keypti þrjátíu prósenta hlut og Pantzer það sem eftir stóð. Þeir félagar náðu fljótlega að snúa blaðinu við og koma fyrirtækinu á réttan kjöl. Steinar segir lykilinn að viðsnúningnum hafa verið að fylgjast með breytingum á markaðnum: „Maður þarf að vera með puttann á púlsinum og fylgjast með breytingum á háttalagi fólks. Það sjáum við bara í dag með MP3 byltingunni. Þetta kallar allt saman á breyttar áherslur“.

Audiopro er með höfuðstöðvar í Helsingiborg og hjá fyrirtækinu vinna ellefu manns að eigendunum meðtöldum. Þessir ellefu sjá um allt; markaðssetningu, hönnun, bókhald og allt sem rekstrinum við kemur. Framleiðslan sjálf og lagerinn eru hins vegar boðin út: „Framleiðslan fer fram í Kína. Við segjum oft að við séum ekki með neinn bakpoka, það eru engar byrðar sem við þurfum að bera eða takmarkanir sem koma í veg fyrir að fyrirtækið vaxi og dafni“.

Upphaflega einblíndi Audiopro á markaði í nágrannalöndunum Danmörku og Noregi. Það var síðan árið 2000 sem ákveðið var að ráðast í frekari útrás: „Nú er Audiopro að finna í verslunum um allan heim. Í 35 löndum held ég. Afríka er eina heimsálfan þar sem ekki er hægt að nálgast vörur frá okkur“.

Steinar bætir við að útrásin hafi gengið vonum framar: „Við erum nýjasta fyrirtækið á alþjóðamarkaðnum og ég held ég fari með rétt mál þegar ég segi okkur eina fyrirtækið sem er að auka markaðshlutdeild sína. Við erum að keppa við gríðarlega rótgróin fyrirtæki“.

**HÁTALARI EKKI SVARTUR KASSI**

Á stefnuskrá Audiopro er að framleiða gæðavöru á góðu verði: „Þú færð ekki betri hljómgæði en í vörunum frá okkur“, segir Stefán og bætir við að fólk verði að hafa efni á á græjunum: „Við reynum að hafa vöruna á viðráðanlegu verði“.

Þegar tækjakostur Audiopro er skoðaður vekur strax athygli hversu litríkar og beinlínis óvenjulegar í útliti margar afurðanna eru: „Fyrir mörgum kann hátalari að vera einhver stór svartur kassi. En ekki fyrir okkur. Þeir geta komið í öllum stærðum og gerðum, óteljandi litum og formum“.

Aðspurður um fjárhag fyrirtækisins segir Steinar hann standa traustum fótum: „Á síðasta ári veltum við í kringum 14 milljónum Bandaríkjadala“. Hann vill þó ekki gefa upp hagnað fyrirtækisins en segir afganginn hafa verið talsverðan: „Við kvörtum ekki“, segir hann.

Steinar er greinilega ánægður með lífið og segir það forréttindi að fá að starfa við áhugamál sitt: „Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á tónlist, var meira segja í Íslendingabandi í Gautaborg í gamla daga. Hljómsveitin hét Vikivaki og kom einu sinni til Íslands og spilaði í Tónabæ og Stapa“.

Hann segir andann innan fyrirtæksins frábæran: „Við erum allir eins. Lifum allir fyrir tónlistina og erum í raun bara að vinna að hobbíinu“.



Fréttablaðið/Heiða

**STEINAR ÁRNASON VARAFORSETI AUDIOPRO** Segir Audiopro keppa við rótgróin fyrirtæki, en segir reksturinn ganga vel og að Audiopro sé eina fyrirtækið á markaði sem sé að auka markaðshlutdeild sína.

## BESTA RÁÐIÐ

# Betri er röng ákvörðun en engin

Erlendur Hjaltason, forstjóri fjárfestingarfélagsins Exista, segir gott ráð vera að hafa í huga að betra er að taka ranga ákvörðun en enga. Þetta segir hann eiga við bæði í einkalífinu og viðskiptum.

„Það er þannig að menn þurfa oft að vera snöggir og ekki láta hlutina drattast of lengi,“ segir Erlendur.

„Það gerist ekkert nema menn taki ákvarðanir og þótt menn taki vitlausar ákvarðanir þá þurfa menn bara að læra af því,“ segir hann. Þetta sé betra en að lifa í stöðugum ótta um að taka rangar ákvarðanir og fresta þeim af þeim sökum.

Erlendur segist alltaf hafa þetta ráð í huga og reyna að beita því sem oftast. „Það er alltaf betra að taka ákvörðun en að fresta henni,“ segir hann.

„Menn eiga ekki að vera hræddir við að taka ákvarðanir yfir höfuð. Það gerist aldrei neitt nema maður taki ákvarðanir,“ segir Erlendur. - þk



**ERLENDUR HJALTASON** Forstjóri Exista þarf eflaust að taka margar ákvarðanir í starfi sínu.

# Nike græðir og græðir

## Methagnaður hjá Nike. Aukin eftirspurn eftir skóm af dýrustu gerð og hagstætt gengi lykilgjaldmiðla skiptu sköpum.

Hagnaður Nike íþróttavöruframleiðandans var á fyrsta ársfjórðungi tæpir 25 milljarðar króna sem er mun meira en sérfræðingar gerðu ráð fyrir.

Forsvarsmenn fyrirtækisins þakka aukinni eftirspurn eftir íþróttaskóm af dýrustu gerð og hagstæðu gengi lykilgjaldmiðla: „Skórnir sem þeir hafa sett í hillurnar hafa selst. Svo einfalt er það“, sagði Jim Wright hjá Delaware Management, sem á stóran hlut í Nike, og bætti við: „Converse var gríðarlegur fengur og keypt á hárréttum tíma“.

Nike keypti fyrir skömmu Converse skófyrirtækið sem framleiðir klassísku Chuck Taylor skóna sem slá reglulega í gegn. Skórnir eru í dag geysiútbreiddir og vinsælir jafnt meðal rokkhljómsveita og íþróttamanna.

Nike var stofnað árið 1972 af Phil Knight og seldi hann upphaflega íþróttaskó út um skottið á skutbifreið sinni. Nike er í dag stærsti íþróttavöruframleiðandi veraldar. Knight hefur að mestu hætt afskiptum af rekstrinum en er þó enn titlaður stjórnarformaður. -jsk



**SKÓRNIR SEM LEBRON JAMES KLÆÐIST Í STJÖRNULEIKNUM** Nike hefur aldrei vegnað betur. Mikil aukning hefur orðið á sölu dýrari gerða af skóm og er það ekki síst að þakka mönnum á borð við Lebron sem þykja góðir fulltrúar fyrirtækisins út á við.



**VLADIMÍR PÚTÍN** Rússneski forsetinn hefur sett það markmið að tvöfalda landsframleiðsluna fyrir árið 2010. Viðskiptaráðherrann segir það hins vegar ekki raunhæft.

# Ráðherra andmælir

Viðskiptaráðherra Rússlands, German Gref, segir með öllu ómögulegt að tvöfalda landsframleiðslu fyrir árið 2010 en það er yfirlýst markmið Vladimírs Pútín forseta.

Hagvöxtur hefur minnkað í Rússlandi undanfarið og verður samkvæmt spám 5,5 prósent á þessu ári, en var 7,1 prósent í fyrra. Gref segir hins vegar að ómögulegt sé að gera þær endurbætur á iðnaði í landinu sem þurfi til að ná markmiðinu: „Þetta er ekki raunhæft markmið,“ sagði Gref á ríkisstjórnarfundi og bætti við: „Olíuvinnslan hefur drifið hagvöxtinn áfram of lengi til að hægt sé að innleiða breytingar á einni nóttu“.

Ekki er vitað hvernig Vladimír Pútín bregast við þessum ummælum Grefs en hann er ekki beinlínis þekktur fyrir að taka á málum með silkihönskum. - jsk

# Hennes & Mauritz vex áfram

## Sérfræðingar fullir efasemda á áframhaldandi velgengni.

Tekjur Hennes & Mauritz sem og hagnaður hafa vaxið hratt á undanförnum árum. Sérfræðingar telja að velgengni félagsins eigi eftir að minnka með tímanum. Reiknað er með því að tekjur félagsins hafi aukist um 13 prósent og hagnaður á hlut um 30 prósent. Sérfræðingar eru farnir að mæla með því að fjárfestar haldi eða selji bréf í Hennes & Mauritz. Hlutabréf í fyrirtækinu kosta nú 29 evrur og hafa hækkað um rúm 60 prósent frá áramótum. -dh



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Breyta þarf löggjöf um sparisjóði:

# *Sparisjóðir í kreppu*

**Hafliði Helgason**

Heit umræða um stofnfjárhluti í Sparisjóði Hafnarfjarðar þarf ekki að koma neinum á óvart. Vísasta leiðin til þess að skapa úlfúð er að kerfisbreytingar búi til tækifæri til þess að einstaklingar hagnist um tugi milljóna.

Sparisjóðirnir hafa verið mikilvæg fyrirtæki fyrir samfélög sín í gegnum tíðina og mikilvægt að þeir fái að breytast í takt við almenna þróun á fjármálamarkaði. Fjárfestar virðast hafa trú á því að fyrr eða síðar muni löggjafinn átta sig á því að núverandi lagaumhverfi hamlar framþróun þeirra og getur leitt til þess að þá dagi uppi á komandi misserum. Þess vegna eru menn tilbúnir að greiða hátt verð fyrir stofnfjárhluti í sparisjóðum. Menn veðja á breytt umhverfi og að sparisjóðir muni annað hvort sameinast innbyrðis eða öðrum fjármálafyrirtækjum.

Afkoma fjármálafyrirtækja hefur verið góð í því árferði sem verið hefur á fjármálamörkuðum. Gengishagnaður hefur sett svip sinn á uppgjör sparisjóðanna og án hans stendur harla lítið eftir. Hefðbundin viðskiptabankastarfsemi skilar einfaldlega of litlu til að þeir geti við það unað til lengri tíma.

Við þetta bætist að sífellt eru gerðar meiri kröfur til banka um dýr upplýsingakerfi og innleiðing Basel II reglna fyrir banka mun gera ríkari kröfur til fjármálafyrirtækja en áður. Allt þetta gerir samkeppnisstöðu lítilla sparisjóða við stærri fjármálafyrirtæki vonlausa þegar til lengri tíma er litið.

**Löggjöf kringum sparisjóðina hefur einkennst af upphlaupi og varnarbaráttu fyrir sérhagsmuni, en ekki af leit að leiðum til þess að leysa sparisjóðina úr núverandi kringumstæðum. Kringumstæðum sem líklegast munu draga úr þeim máttinn með tíð og tíma.**

Eins og staðan er núna hafa sparisjóðir einungis gefið út stofnfé á genginu einum. Þetta þýðið að sjóðirnir sjálfir geta ekki hagnast á útgáfu stofnfjár, meðan þeir sem fá hlutina gera það, að minnsta kosti meðan núverandi eftirspurn eftir stofnfé er á markaðnum.

Löggjöf kringum sparisjóðina hefur einkennst af upphlaupi og varnarbaráttu fyrir sérhagsmuni, en ekki af leit að leiðum til þess að leysa sparisjóðina úr núverandi kringumstæðum. Kringumstæðum sem líklegast munu draga úr þeim máttinn með tíð og tíma. Óttinn við að einhverjir hagnist óverðskuldað við það að sparisjóðirnir verði leystir úr ánauð ræður för og niðurstaðan getur vart orðið önnur en sú að samkeppnisaðilarnir hagnist með því að sigra þá í samkeppni.

Fyrirtæki sigra í samkeppni með því að bjóða bestu kjörin og þjónustuna. Sparisjóðirnir eru kaupmaðurinn á horninu í fjármálakerfinu og hafa hugsanlega möguleika á að lafa inni á markaðnum með sérhæfðri þjónustu við hóp sem af einhverjum ástæðum vill ekki skipta við stærri fjármálastofnanir. Viðskiptabankarnir þrír geta fjármagnað útlán sín með miklu hagkvæmari hætti en sparisjóðirnir og vöruverð þeirra mun því verða lægra. Almennir viðskiptavinir sparisjóðanna munu ekki sætta sig við að greiða hærra verð fyrir lán og aðrar vörur sparisjóðanna. Að minnsta kosti ekki þeir sem horfa stöku sinnum á niðurstöðu heimilisbókhaldsins. Alþingi verður að gefa sparisjóðunum tækifæri til þess að þróast með fjármálakerfinu, ef ekki mun verndunarárátta stjórnmálamanna kæfa þennan minnsta gróður á akri fjármálakerfisins.

bjorgvin@markadurinn.is I dogg@markadurinn.is I eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is I jsk@markaðurinn.is I thkjart@markadurinn.is




# Lífeyrir án sjóða

## ORÐ Í BELG



**Þórður Pálsson**
forstöðumaður greiningardeildar KB banka

Í mars síðastliðnum birti Standard & Poor's skýrslu um áhrif öldrunar á hagkerfi fimm af helstu iðnríkjum heims; Bandaríkjanna, Bretlands, Þýskalands, Frakklands og Ítalíu. Skýrslan var ekki spá heldur aðeins framreikningur á núverandi þróun í ríkisfjármálum. Samkvæmt honum verða skuldir ríkisins í Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum orðnar meira en 200% af landsframleiðslu um miðja öldina. Ennfremur verða ofannefnd ríki búin að missa fjárfestingahæfismat sitt undir lok fjórða áratugarins (orðin speculative grade eða junk bonds í stað investment grade). Með óbreyttri þróun kann því að lengjast í röð þeirra ríkja sem fara fram á niðurfellingu skulda eftir því sem líður á öldina.

Standard & Poor's telja þetta til marks um nauðsyn aðhalds af hálfu ríkja en í síðasta mánuði birtu þeir skýrslu yfir sveigjanleika í ríkisfjármálum. Norðurlöndin og það sem er í skýrslunni kallað gamla Evrópa koma verst út úr þeirri samantekt. Sem betur fer var Ísland ekki flokkað sem Norðurland heldur með því sem kallað er frjálslynda Evrópa. Ísland er í þriðja sæti á eftir Írlandi og Sviss hvað varðar sveigjanleika í ríkisfjármálum. Því er gjarnan haldið fram í umræðum hér á landi að flest það sem gott getur talist og hent hefur undanfarinn áratug eða svo sé EES-samningnum að þakka. Sú spurning hlýtur því að vakna hvers vegna Evrópa heldur sig ekki frekar við það hann en stjórnarskrána sem kjósendur keppast við að hafna um þessar mundir.

Um miðbik mánaðarins var haldin ráðstefna hjá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands um áhrif öldrunar og breyttrar aldurssamsetningar á hagkerfi heimsins. Í fjölmiðlum var varpað fram þeirri spurningu hvort við hefðum efni á ellinni? Svarið er vitanlega já! Spurningin er miklu fremur hvernig við sníðum okkur stakk eftir vexti í framtíðinni.

Fæst ríki hafa stöndug lífeyriskerfi eins og við Íslendingar. Í Evrópu og Bandaríkjunum hafa verið svokölluð gegnumstreymiskerfi þar sem innborganir eru greiddar jafn harðan út úr lífeyrissjóðum í stað þess að fjárfest hafi verið fyrir það sem greitt er inn í kerfin, líkt og gert er hér á landi. Þeir sem nú eru á vinnumarkaði halda þannig uppi þeim sem setjast í helgan stein. Þetta gegnumstreymiskerfi gekk ágætlega fyrir eftirstríðskynslóðina á meðan barneignir voru miklar og tiltölulega fátt fólk var á eftirlaunaaldri. Hins vegar eru nú að verða róttækar breytingar á aldurssamsetningu þjóða eftir því sem meðalaldur lengist og barneignum fækkar.

Einn frummælanda á ráðstefnunni við HÍ, Laurence J. Kotlikoff, hefur í bók sinni, The Coming Generational Storm, bent á að hlutfall þeirra sem fá greitt úr lífeyriskerfinu á móti þeim sem greiða í það muni hækka úr 20,6% nú í 35,5% árið 2030. Þetta þýðir annað af tvennu; annað hvort hækka skattar verulega frá því sem nú er, eða greiðslur sjóðanna verða minnkaðar með lægri greiðslum og/eða lengri vinnualdri.

Á Íslandi eru eignir lífeyrissjóða hins vegar um 100% af landsframleiðslu og kerfið svo gott sem að fullu fjármagnað. Til samanburðar má nefna að Olíusjóður Norðmanna er um 67% af landsframleiðslu Noregs. Á ráðstefnunni kom fram í máli Agnar Sandmo frá Viðskiptaháskóla Noregs að Noregur væri með gegnumstreymiskerfi. Samanborið við önnur lönd stöndum við Íslendingar hlutfallslega vel, þó ef til vill sé það vegna þess hversu illa aðrir standa.

Einungis hluti vandans er nefnilega vegna lífeyrisskuldbindinga, heilbrigðismál eru miklu stærri kostnaðarliður vegna öldrunar. Kotlikoff er frumherji í svokölluðum kynslóðareikningum, en í þeim er reynt að núvirða tekjur óbreytts skattkerfis í framtíðinni og draga frá núvirt gjöld óbreyttra laga. Hann segir halla Bandaríkjanna í kynslóðareikningum vegna heilbrigðismála um fjórum sinnum stærri en vegna lífeyriskerfisins. Það er málaflokkur með óendanlega fjárþörf, en fólk getur ekki komið sér saman um reglur um hvað eigi að ráða úthlutun.

**Á Íslandi eru eignir lífeyrissjóða hins vegar um 100% af landsframleiðslu og kerfið svo gott sem að fullu fjármagnað.**

### ÆSKA GEGN ELLI

Þetta ástand hefur vitanlega legið ljóst fyrir í langan tíma og vekur því furðu að ekki skuli verið búið að bregðast við aðsteðjandi vanda, eða hvað? Í flestum löndum er kosningaþátttaka einna mest á meðal eldri borgara og því nauðsynlegt að halda stuðningi þeirra til að ná kjöri. Stjórnmálamenn hafa því forðast að ræða vandann af ótta við að styggja kjósendur. Kjörtímabil eru að jafnaði til fjögurra ára en yfirvofandi þrot lífeyriskerfa er ekki fyrr en eftir áratugi. Að því marki sem stjórnmálamenn hafa því kynnt sér vandann hafa þeir ekki séð sér hag í að taka á honum. Þvert á móti má nefna að víða í Evrópu hafa stjórnmálamenn aukið á vandann, löngu eftir að þeim mátti vera hann ljós. Má þar sérstaklega nefna styttingu vinnuviku og vinnualdurs. Að hluta til hafa þessar aðgerðir verið undir því yfirskini að minnka atvinnuleysi, og er til marks um yfirburðasigur stjórnmálanna á skynseminni, þ.e. að halda að eftir að búið er að verðleggja um tíunda hluta vinnufærra manna út af markaðinum með ósveigjanlegum vinnumarkaði, liggi lausnin í að greiða þeim sem enn vinna fyrir að hætta því.

Ríkin eru búin að lofa kjósendum sínum lífeyri og fólk hefur gert ráð fyrir þessum lífeyri í áætlunum sínum. Að undanförnu höfum við séð hörð mótmæli víða í Evrópu þegar ríkisstjórnir hafa reynt að gera breytingar á lífeyrissjóðakerfum. Ástandið er e.t.v. ekki svo frábrugðið óeirðum vegna pýramídafyrirtækja í Albaníu fyrir nokkrum árum en í báðum tilfellum telur fólk sig eiga tilkall til innistæðulausra tékka. Vandamálið er þó alvarlegra í lífeyrismálum þar sem það er ríkið sem hefur gefið loforðið. Aðsteðjandi vandi ógnar pólitískum stöðugleika ef ríkin fara ekki að taka á honum.

### VIÐ ERUM LANGT Á EFTIR ....

Ísland hefur enn forskot á önnur lönd hvað varðar öldrun samfélagsins. Við erum með öflugt lífeyriskerfi, þjóðin er tiltölulega ung og ríkisfjármál eru sveigjanleg. Hins vegar er hætt við því að sjálfvirk útgjaldaaukning hafi sömu áhrif hér á landi og annars staðar ef við lærum ekki af mistökum annarra heldur öpum eftir þeim vitleysuna. Vart líður sá dagur að ekki heyrist viðkvæðið frá einhverjum þrýstihópum „Í ríkjunum sem við viljum helst bera okkur saman við ...“. Eru það einhver rök?

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Vilja leysa viðskiptadeilur*

**The Economist** I The Economist fjallar um viðskiptastríðið sem snýst um flugvélarisana tvo, Airbus og Boeing í leiðara. Horfur í flugiðnaði eru betri nú en þær hafa verið um langt árabil og bæði fyrirtækin keppast um að framleiða nóg til þess að standa skil á þeim pöntunum sem þau hafa fengið. Nýjar vélar á borð við Airbus 380 og Boeing „Dreamliner“-vélina hafa vakið mikla athygli og áhuga. Þetta bendir að mati The Economist til þess að nú sé lag til þess að leysa deilur fyrirtækjanna og ríkisstjórna í Bandaríkjunum og Evrópu um hvort fyrirtækin njóti ólöglegs stuðnings. The Economist telur öruggt að ríkisstjórnir beggja vegna Atlantshafsins séu sekar um að hygla sínum fyrirtækjum en ef haldið verður áfram að fara leið málaferla í deilunni kann það að hafa slæmar afleiðingar bæði fyrir fyrirtækin tvö og ekki síður neytendur í hvoru landi.

### *Líflína fyrir afþreyingariðnaðinn*

**Financial Times** I Leiðarahöfundur Financial Times fjallar um úrskurð Hæstaréttar Bandaríkjanna í máli sem snérist um það hvort unnt væri að lögsækja höfunda forrita sem gera notendum kleift að skipast ólöglega á höfundarréttarvörðu efni. Financial Times segir að úrskurðurinn hafi komið á óvart, sérstaklega í ljósi þess að rétturinn hafi hafnað kröfum um bann við vídeóspólunni á sínum tíma. Hins vegar sé þetta mál ólíkt þar sem hægt hafi verið að sýna fram á að forritin séu fyrst og fremst ætluð til þess að stuðla að ólöglegri starfsemi. Þrátt fyrir úrskurðinn telur Financial Times að afþreyingariðnaðurinn sjálfur þurfi að taka sér tak og vinna að því að bjóða upp á löglegan valkost við skráarskiptiforritin. Þar hefur tónlistariðnaðurinn náð ákveðnum áfanga, sérstaklega með tilkomu iTunes verslun Apple, en langt er í land hjá kvikmyndaiðnaðinum. Financial Times segir að úrskurður Hæstaréttar muni ekki skila iðnaðinum neinum ágóða til langs tíma nema gripið verði til slíkra aðgerða.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Lífeyrissjóðirnir og sala Símans

Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris nam 1.037 milljörðum króna í apríl og jókst um rúma 16 milljarða frá marsmánuði, að því er fram kemur í efnahagsyfirliti Seðlabanka Íslands. Hrein eign lífeyrissjóðanna hefur því aukist um rúma 157 milljarða króna síðastliðna tólf mánuði. Greiningardeild Landsbankans segir þróun í fjárfestingum lífeyrissjóðanna í samræmi við fyrri þróun. Lífeyrissjóðirnir hafa selt meira af innlendum hlutabréfum en þeir hafa keypt, en keypt meira af erlendum hlutabréfum en þeir hafa selt. Síðan segir greiningardeild Landsbankans:

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

„Í lok apríl var tæpur 161 milljarður af heildareignum lífeyrissjóðanna bundnir í innlendum hlutabréfum og sjóðum sem samsvarar 15,5 prósentum af heildareignum þeirra samanborið við 14 prósent í ársbyrjun. Ef tekið er mið af fjárfestingarstefnu stærstu lífeyrissjóðanna er það almennt stefna þeirra að vera með að jafnaði um 5-15 prósent í innlendum hlutabréfum og má því ætla að margir þeirra séu komnir upp fyrir langtímastefnu sína. Í þessu samhengi verður þó að hafa í huga að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er sífellt að aukast samhliða auknum iðgjöldum. Í dag má reikna með að nýtt ráðstöfunarfé á ári sé í kringum 60 milljarðar Til þess að viðhalda núverandi eignasamsetningu mega nettókaup lífeyrissjóðanna því nema um 9 milljörðum króna á ári miðað við óbreytt hlutabréfaverð. Komi hlutabréfaverð hins vegar til með að hækka um 5 prósent á næstu 12 mánuðum umfram aðrar eignir sjóðanna, verða þeir að vera nettókaupendur að fjárhæð 1,3 milljörðum króna til þess að viðhalda núverandi eignasamsetningu. Ef hlutabréfaverð hækkar hins vegar um 10 prósent verða sjóðirnir nettóseljendur að fjárhæð 7,0 milljarðar

Í þessu samhengi skiptir einkavæðing Landssímans gríðarlegu máli enda er ljóst að fjárfestingarstefna þeirra býður ekki upp á mikið svigrúm til kaupa á öðrum innlendum hlutabréfum verði þeir meðal stærstu kaupenda Landssímans. Yfirgnæfandi líkur eru þá á að lífeyrissjóðir verði nettóseljendur hlutabréfa á næstunni og er þetta í samræmi við þróunina í apríl enda voru lífeyrissjóðirnir nettóseljendur á íslenskum hlutabréfum að fjárhæð 4,9 milljörðum og það sem af er ári hafa lífeyrissjóðirnir því selt um 3,3 milljörðum meira af íslenskum hlutabréfum en þeir hafa keypt þegar búið er að leiðrétta fyrir hækkun Úrvalsvísitölunnar. Eftirspurn lífeyrissjóða skiptir miklu máli varðandi verðþróun á íslenska hlutabréfamarkaðinum,“ segir greiningardeildin.

**Í þessu samhengi skiptir einkavæðing Landssímans gríðarlegu máli enda er ljóst að fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna býður ekki upp á mikið svigrúm til kaupa á öðrum innlendum hlutabréfum verði þeir meðal stærstu kaupenda Landssímans.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

# Hlutabréf í Bubba

Ég eins og aðrir sem spá í markaðinn hef verið með Íslandsbanka á tékklista í nokkur ár. Þegar maður hittir einhvern sem hefur hundsvit á bisness, þá byrjar maður gjarnan á að spyrja hann: „Hvað heldurðu að eigi eftir að gerast í Íslandsbanka.“ Svo hefjast fjörugar umræður um hvaða strategía sé í gangi hjá hverri fylkingu fyrir sig.

Ég hélt reyndar á tímabili að Víglundur Þorsteinsson myndi sigra Bjarna Ármannsson í valdabaráttunni. Sérstaklega þegar maður heyrði að Víglundur hefði mætt niður í Stjórnarráð til að fá grænt ljós hjá Davíð og allir sem maður talaði við sögðu að Víglundur væri búinn að gera samkomulag við Björgólf. Þeir biðu hins vegar of lengi og Bjarni sneri á þá.

Um daginn hélt ég að Straumur væri á leiðinni að taka bankann með Landsbankanum og planið væri að skipta honum á milli sín. Nú held ég að Bjarni sé aftur búinn að snúa á þá. Straumur vildi ekki selja hlutinn sinn til Karls Wernerssonar og Jóns Ásgeirs. Ég held að Bjarni sé búinn að vinna Jón Ásgeir á sitt band og nú muni þeir í rólegheitunum safna hlutum í bankanum og að Straumur muni ekki geta styrkt sig verulega í framhaldinu.

Sagan sem ég heyri er sú að Þórður Már, forstjóri Straums hafi viljað selja, enda skynsamlegt af honum. Hins vegar er sagt að Landsbankamenn hafi stoppað það. Ég heyrði þetta frá náunga sem veit sínu viti, en hefur ekki alltaf gefið hárréttar upplýsingar. Ég held sjálfur að Straumur hafi viljað fá Sjóvá í sinn hlut. Sjóvá var selt á háu verði, en það eru örugglega ýmsir mögleikar til að gera sér mat úr því félagi. Þar fyrir utan held ég að hlutabréfin í Bubba Morthens hafi verið að hækka. Sjóvá fær tekjurnar af sölu Bubba og lætin í kringum fjölmiðlaumfjöllun um einkalíf hans verður klárlega til þess að nýja platan hans selst betur en nokkur önnur. Samúðin er hans megin og ef ég væri að gera stóran framvirkan samning þessa dagana, þá myndi ég gera hann í hlutabréfum í Bubba.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

Talstöðin
FM 90,9
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

PHILIPS GSM

SÍMAR MEÐ MEIRA EN 50% AFSLÆTTI

SMELLT RISSAÐ SENT

Smelltu af og taktu mynd, rissaðu á skjáinn með Tag-it pennanum og sendu persónulegt MMS póstkort.

Sendu áhrifameiri skilaboð
• Tag-it penni sem auðveldar MMS
• Stór 65K TFT snertiskjár

Gríptu og augnablikið og miðlaðu
• Innbyggð stafræn VGA myndavél
• Geymir mikið gagnamagn (7MB)

Hámarkaðu multimedia upplifunina
• Skapaðu eigin fjölradda hringitóna með BeDJ
• Gleymdu stund og stað í Java leikjunum



GSM MYNDAVÉL

SKRIFAÐU Á SKJÁINN

Philips CT755
Örþunnur GSM SÍMI með myndavél, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlaða endist 5klst í tali og 250klst í bið, hægt er að skrifa á skjáinn með penna sem fylgir, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjár með 65.000 liti, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, Low light mode: tekur góðar myndir í litlu ljósi, eða að 5 lux, getur tekið upp hreyfimynd með hljóði, MMS margmiðlunarskilaboð, WAP og JAVA 2.0, innrautt tengi, geisladiskur, 3 pennar, rafhlaða og hleðslutæki fylgir. Aðeins 89 gr.

TILBOÐ 14.995
Fullt verð kr. 27.995



GSM MYNDAVÉL

Philips CT859
Örþunnur GSM SÍMI MEÐ MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlöðu sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjá með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, tekur upp hreyfimynd með hljóði, með MMS margmiðlunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi og hleðslutæki. Aðeins 94 gr.

TILBOÐ 12.995
Fullt verð kr. 29.995



GSM MYNDAVÉL

Philips CT855
Örþunnur GSM SÍMI MEÐ MYNDAVÉL, 900/1800/1900 GSM kerfi, rafhlöðu sem endist 4klst í tali og 400klst í bið, GPRS Class 10 - allt að 54Kbps niðurhal, 128x160 punkta skjá með 65.000 litum, myndavél með 640x480 punkta upplausn og 4x digital zoom, hægt að tengja við sjónvarp og sýna ljósmyndir, tekur upp hreyfimynd með hljóði, með MMS margmiðlunarskilaboðum, WAP og JAVA 2.0, innrauðu tengi, þráðlausum búnaði og hleðslutæki. Aðeins 91 gr.

TILBOÐ 16.995
Fullt verð kr. 34.995

ÚTSÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

REYKJAVÍK OG NÁGRENNI HEIMILISTÆKI, Sætúni - SJÓNVARPSMIÐSTÖÐIN, Síðumúla - HAGKAUP, Raftækjadeild Smáralind - RAFMÆTTI, Hafnarfirði.

LANDIÐ VERSLUNIN KRÁKUR, Blönduósi - SKAGFIRÐINGABÚÐ, Sauðárkróki - LJÓSGJAFINN, Akureyri - SINDRI KHB, Egilsstöðum - HS-RAF, Eskifirði - MARTÖLVAN, Höfn - STRAX, Fáskrúðsfirði - SAMKAUP, Njarðvík - FOSSRAF, Selfossi - VERSLUNIN ÞRISTUR, Ísafirði - VERSLUNIN BLÓMSTURVELLIR, Hellissandi - VERSLUNIN HAMRAR, Grundarfirði - VERSLUNIN BRIMNES, Vestmanneyjum - VERSLUNIN GEISLI-FAXI, Vestmanneyjum - VERSLUNIN HLJÓMSÝN, Akranesi.

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

HUGVERKAsmiðja

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

AURASÁLIN

## Aurasálin er ekki til sölu

**Eftir að Aurasálin** byrjaði að skrifa pistla í Markaðinn hefur ekki vantað tækifæri til spillingar. Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa sett sig í samband við Aurasálina og boðið henni fúlgur fjár til þess að fá umfjöllun um sig. Óvandaðri sálir hefðu án ef látið undan þessum þrýstingi en Aurasálin var valin til þess að skrifa þessa pistla sökum þess að enginn efast um siðferðislegt upplag hennar.

**Þrátt fyrir** annálaðan heiðarleika og skapgerðarstyrk hefur borið á því að fólk hafi haldið því fram að Aurasálin sé til sölu og sakað hana um að ganga erinda tiltekinna viðskiptajöfra í íslensku atvinnulífi. Ekkert gæti verið fjær sanni. Aurasálin hefur ætíð gagnrýnt þá viðskiptajöfra sem farið hafa offari og bent þeim á að sýna nærgætni og tillitssemi í okkar litla og viðkvæma samfélagi.

**Vissulega er** það svo að flestir viðskiptajöfrar landins eru góðir vinir Aurasálarinnar. Aurasálinni er boðið í hinar ýmsu kynnisferðir og veislur þar sem hún fær tækifæri til að spjalla við hina og þessa mektarmenn í viðskiptalífinu um alla heima og geima. Aurasálin hefur gaman af því að vera vinur Bjögganna, Jóns Ásgeirs, Engeyinganna, Kalla Werners, Robba Wessmanns, Grjóna og Dóra í Lansanum, Hannesar Smára, Óla Óla og Pálma í Feng. Þetta eru allt góðir vinir Aurasálarinnar.

**En þessir** gaukar vita auðvitað mæta vel að vinátta Aurasálarinnar þýðir ekki að hún muni hlífa þeim við hárbeittum penna réttlætisins. Þess vegna hafa þeir vit á því að vera góðir við Aurasálina og bjóða henni í veislur og mannfagnaði þar sem boðið er upp á léttar veitingar og létt spjall. Með slíku samneyti er hægt að eyða tortryggni en á sama hátt getur tortryggnin blossað upp ef samskiptin milli Aurasálarinnar og viðskiptajöfranna súrna.

**Aurasálin gengur** ekki erinda einstaka auðmanna í skrifum sínum. Hún gengur aðeins erinda þeirra auðmanna sem hún hefur sérstaka velþóknun á og hafa sýnt að þeim sé treystandi til að fara með mikilvæg hlutverk í samfélaginu eða eru líklegir, sökum ætternis eða fjölskyldutengsla, til að fara vel með þau völd sem þeim eru falin.

**Hæfileikar Aurasálarinnar** til þess að greina sannleikann eru meðal mikilvægustu eiginleika hennar og er grundvöllur trúverðugleika hennar. Þeir vaða í villu sem halda því fram að ósamræmi sé á milli þess að Aurasálin sé annars vegar einn besti vinur íslenskra viðskiptajöfra og hins að hún gagnrýni þá harðlega. Í þessu felst ekki þversögn. Vinur er sá sem til vamms segir. Þá, sem halda því fram að Aurasálin sé ótrúverðug vegna vináttu við auðmenn landsins, skortir þá djúpstæðu þekkingu á íslensku viðskiptalífi, pólitík og sögu sem einkenna skrif og hugsanir Aurasálarinnar.

# Námið getur opnað ýmsar dyr

**Iðunn Eir Jónsdóttir** starfar hjá fjórða besta viðskiptaháskóla í heimi, IESE í Barcelona á Spáni. Iðunn fór fyrst út til MBA-náms við skólann en ílengdist og hóf störf við IESE eftir að námi lauk. Í dag hefur hún yfirumsjón með svokölluðum Management Programs og tjáði *Jóni Skaftasyni* í léttu spjalli að nám við skólann opnaði nemendum ýmsar dyr.



**IÐUNN JÓNSDÓTTIR** Mælir með því að fólk fari utan til framhaldsnáms. Ómetanlegt sé að kynnast og læra af nýju fólki. Hún segir ekki óalgengt að fólk sem numið hafi við skólann fari út í viðskipti saman.

Iðunn Eir Jónsdóttir er Íslendingur sem starfar hjá IESE-háskólanum á Spáni. IESE er mikilsvirtur skóli og er samkvæmt lista Financial Times fjórði besti viðskiptaháskóli í veröldinni.

Iðunn hefur verið viðloðandi skólann lengi en til Barcelona kom hún fyrst fyrir tíu árum til MBA náms við skólann. Iðunn fór ekki troðnar slóðir þegar hún ákvað að nema við skólann: „Það var nú ekki jafn mikil aðsókn í MBA nám þegar ég ákvað að fara. Nú er hins vegar raunin önnur, margir virðast sækja í þetta og framboðið af MBA-námi mikið“.

Iðunn mælir hiklaust með því að fólk læri erlendis: „Þar hittirðu fólki alls staðar að úr heiminum. Fólk kynnist og lærir hvert af öðru, auk þess sem það myndar viðskiptatengsl“.

Svo mikla athygli vakti Iðunn þegar hún nam við skólann að þegar námi lauk, árið 1997, var henni boðið að dvelja áfram og aðstoða einn kennaranna, Pedro Nueno, við rannsóknir.

### RÁÐGJAFARSTÖRF

Iðunn segir Nueno hafa gefið henni nokkuð frjálsar hendur. Hún hafi unnið mikið að því sem kallast „case-studies“, og felst í að fólk kynnir sér starfsemi tiltekins fyrirtækis og greinir hana í þaula. Iðunn greindi til að mynda danska leikfangarisann Lego og vakti greiningin slíka athygli að prófessor Nueno birti hana í einni bóka sinna: „Prófessor Nueno er einn af þekktari kennurum skólans og kann sitt fag svo sannarlega. Hann er eiginlega mentorinn minn“, segir Iðunn og greinilegt að hún kann prófessornum miklar þakkir.

**Iðunn Eir Jónsdóttir**
Stýrir almennum stjórnunarnámskeiðum við IESE háskólann í Barcelona, þar sem hún hefur búið og starfað í tíu ár.

Starf Iðunnar hefur þó ekki einskorðast við hið fræðilega því hún hefur einnig unnið ráðgjafarstörf á vegum skólans. Hún var meðal annars í hópi sem aðstoðaði Suður-Afríska fyrirtækið Barloworld við að ákveða hvar í Suður-Ameríku væri fýsilegast að setja upp starfsemi.

Barloworld er eitt af stærstu fyrirtækjum Suður-Afríku og er með starfsemi í 52 löndum; er meðal annars umboðsaðili fyrir Caterpillar vörumerkið og sér um rekstur bílaleigunnar Avis: „Við fengum 27 æðstu mennina hjá fyrirtækinu á okkar fund í Jóhannesarborg, flugum svo til Suður-Ameríku og áttum fundi með fólki úr viðskiptalífinu í Chile, Argentínu og Brasilíu. Þegar þangað kom heimsóttum við fyrirtæki, mynduðum viðskiptatengsl og síðan hjálpuðum við Barloworld við ákvarðanatöku. Það sem út úr þessu kom var að fýsilegast væri fyrir Barloworld að setja upp starfsemi í Mexíkó“.

### VINNA NÁIÐ MEÐ HARVARD

Fyrir tveimur árum tók Iðunn að sér að setja upp námskeið sem kallast Advanced Management Programs og Program for Management Development: „Þessi námskeið eru vel þekkt en áður var einungis boðið upp á kennslu á spænsku. Ég tók að mér að markaðssetja námskeiðin fyrir erlendan markað“.

Námskeiðin eru hugsuð fyrir yfirmenn fyrirtækja og annað fólk sem hefur náð langt í viðskiptalífinu. Alls er kennt í sex vikur, eina viku í mánuði, nemendur geta því flogið til síns heima á milli óski þeir þess: „Það eru gríðarlega ströng inntökuskilyrði. Við metum fyrirtækin sem fólk starfar hjá, hvort um stórfyrirtæki eða frumkvöðlastarfsemi er að ræða og svo framvegis. Fólk kemur alls staðar að, núna síðast vorum við með 29 nemendur frá 18 löndum“.

IESE vinnur náið með hinum virta bandaríska háskóla Harvard. Skólarnir hafa reglulega kennaraskipti, og eru flestir kennara IESE með doktorsgráðu frá Harvard Business School.

Aðferðafræði skólanna er líka sú sama: „Uppsetning námsins er svipuð í skólunum tveimur. Í stað þess að nemendur sitji bara og hlusti á kennara lesa upp af glærum er hvatt til virkrar þátttöku. Fólk er látið greina mál og niðurstöðurnar svo ræddar í tímum“.

### NÁMIÐ OPNAR DYR

Iðunn ber titilinn Director of Management Programs og undir henni starfa tólf manns. Fjórir við skrifstofustörf, auk kennaranna. Iðunn segir andann í skólanum frábæran: „Prófessorarnir koma allir utan frá, úr viðskiptalífinu, og eru því ekki jafn inngrónir og annars kynni að verða. Þeir eru líka mjög duglegir að umgangast nemendur utan skólatíma, fara með þeim út að borða og slíkt. Margir nemendur hafa sagst líta á prófessorana frekar sem vini en kennara eftir dvölina í skólanum“.

Hún segir námið gagnast nemendum á óteljandi vegu. Fólk styrki vináttubönd og myndi viðskiptastengsl: „Algengt er að fólk skipti um starf eftir námið, hvort sem það hækkar í tign innan fyrirtækis síns eða leitar á önnur mið. Það er raunar ekki óalgengt að nemendur við skólann fari út í viðskipti saman“.

Iðunn segir að skólinn reyni hvað hann geti til að halda tengslin við nemendur eftir að námi lýkur auk þess sem nemendum er hjálpað til að halda tengsl sín á milli: „Við erum í nánum tengslum við þá sem hafa lokið námi. Það eru 28 þúsund útskrifaðir nemendur dreifðir um allan heim og það eitt að geta sagst hafa numið við IESE getur opnað ýmsar dyr“.

**Algengt er að fólk skipti um starf eftir námið, hvort sem það hækkar í tign innan fyrirtækis síns eða leitar á önnur mið. Það er raunar ekki óalgengt að nemendur við skólann fari út í viðskipti saman**

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Iðunni Eir Jónsdóttur*
*Director of General Management Programs hjá IESE-háskóla*

*Hádegisverður fyrir tvo á Vegamótum*

*Saltfiskur á spænska vísu*
*Sesar salat a la Vegamót*

Drykkir:
*Sódavatn með sítrónu*
*Verð: kr. 3.280*




Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# Rekstrarstjóri

**Skóli Ísaks Jónssonar óskar að ráða rekstrarstjóra til starfa.**

*Skóli Ísaks Jónssonar (Ísaksskóli) er framsækinn einkaskóli fyrir nemendur á aldrinum 5-8 ára. Skólinn hefur á að skipa hæfu starfsfólki sem sinnir metnaðarfullu starfi í þágu ungra nemenda skólans og foreldra þeirra. Einkunnarorð skólans eru: starf – háttvísi – þroski – hamingja og gilda þau jafnt fyrir nemendur sem starfsfólk.*

**Rekstrarstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri skólans.**

**Verkefni rekstrastjóra eru m.a.:**
- Umsjón með fjármálum skólans.
- Yfirumsjón með bókhaldi og launum.
- Innheimta og greiðsla reikninga.
- Áætlanagerð.
- Samskipti við fjármálastofnanir og opinbera aðila.
- Samningagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun.
- Góð þekking á rekstri og fjármálum.
- Starfsreynsla er nauðsynleg.

**Persónulegir eiginleikar:**
- Geta til að vinna sjálfstætt.
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Rekstrarstjóri starfar náið með skólastjóra og skólanefnd og tekur virkan þátt í stefnumótun og vinnur auk þess að markaðs- og kynningarmálum.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. júlí nk.
Númer starfs er **4587**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Sævinsdóttir. Netfang: gudny@hagvangur.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is



# Lánstraust hf / Creditinfo Group hf óskar að ráða ráðgjafa / lánasérfræðing

Um er að ræða nýtt starf sem felst í þátttöku í þróun og sölu nýjunga á sviði ráðgjafar og tóla í tengslum við ákvarðanatöku tengda lánsviðskiptum. Ráðgjafi/lánasérfræðingur mun leiða þetta starf. Þjónusta þessi er veitt að hluta til á mörkuðum utan Íslands. Til greina kemur að viðkomandi taki einnig þátt í að koma sömu þjónustu af stað á völdum erlendum mörkuðum.

**Kröfur:**
Viðskipta- eða verkfræðimenntun eða sambærilegt
Reynsla úr svipuðu starfi er nauðsynleg
Reynsla af svipuðum vörum/þjónustu er æskileg
Reynsla af lánveitingum er kostur
Sjálfstæði, dugnaður og ákveðni ásamt lipurð í samskiptum

**Í boði eru:**
Miklir möguleikar á starfsþróun
Metnaðarfullt og líflegt vinnuumhverfi hjá framsæknu fyrirtæki

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 4. júlí n.k. Númer starfs er **4632**.

Upplýsingar veita Ari Eyberg og Guðný Sævinsdóttir.
Netföng: ari@hagvangur.is, gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR

Lánstraust hf. er dótturfélag Creditinfo Group á Íslandi. Creditinfo er að mestu í eigu íslenskra fjármálastofnana. Fyrirtækið sérhæfir sig í margs konar þjónustu í tengslum við mat á viðskiptavinum, einkum lánshæfimat. Creditinfo er með starfsemi í 23 löndum. Starfsmenn á Íslandi eru um 50 og um 150 erlendis. Creditinfo var valið eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu á árinu 2004. Sjá nánar á www.LT.is og www.creditinfo.com.

LÁNSTRAUST HF.
FORVARNIR Í FJÁRMÁLUM

CREDITINFO GROUP
HELPING BUSINESS MANAGE CREDIT

EUROPE'S 500



# Mannauður

**Við leitum að metnaðarfullum aðila til að starfa með okkar öfluga liðshópi**



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

**Marel óskar eftir ráðgjafa í fræðslu- og þjálfunarmálum. Um er að ræða nýtt starf á starfsmannasviði, þar sem viðkomandi mun hafa gott tækifæri til að móta starfið. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, mikla þverfaglega vinnu, símenntun og faglega þróun.**

## Helstu verkefni:
- Vinna með starfsþróunarstjóra í starfsmanna- og stjórnunartengdum verkum.
- Móta og samþætta stefnu í fræðslu og þjálfun.
- Tryggja að fræðslustefna styðji við framtíðarsýn fyrirtækisins.
- Umsjón með námskeiðum sem haldin eru hér á landi fyrir starfsmenn Marel, dótturfélög og umboðsaðila.
- Mat á árangri fræðslustarfs.
- Ábyrgð á nýliðaþjálfun og eftirfylgni starfsþróunaráætlana.

## Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun skilyrði og framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg.
- Reynsla á sviði mannauðsmála kostur.
- Jákvætt viðhorf til stöðugra umbóta og þróunar mannauðsverkefna.
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði, sveigjanleiki og framkvæmdagleði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og mikill faglegur metnaður.

**Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Hagvangs (www.hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk.**

**Nánari upplýsingar veita Albert Arnarson (albert@hagvangur.is) og Baldur G. Jónsson (baldur@hagvangur.is) í síma 520 4700. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

HAGVANGUR

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 800 starfsmenn í 5 heimsálfum.

**Marel hf.**
Austurhrauni 9
210 Garðabæ
Sími: 563 8000
www.marel.is

Marel




Markaðurinn/Valgarður

**HERMANN GUÐMUNDSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI BÍLANAUSTA** Hermann segir ekki lengur á hvers mann færi að halda uppi alhliða þjónustu við bílaeigendur og spáir því að einyrkjar heyri brátt sögunni til: „Menn þurfa þriggja milljóna króna tölvu til þess eins að skipta um bremsuklossa á nýlegum jeppa“.

# Stærstir á Norðurlöndum

Bílanaust flytur á næstu dögum í nýtt og glæsilegt 10 þúsund fermetra húsnæði að Bíldshöfða 9. Jón Skaftason fór og hitti Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóra og forvitnaðist um reksturinn.

Bílanaust er stofnað 1970 og er því rótgróin verslun og landsmönnum að góðu kunn. Höfuðstöðvarnar hafa verið til húsa í Borgartúni í tæp tuttugu ár, frá 1986. Fyrirtækið hafði áður verið að Síðumúla sjö til níu frá stofnun.

Alls verður nýja húsnæðið 10 þúsund fermetrar að stærð. Hermann Guðmundsson segir fyrirtækið hafa vaxið jafnt og þétt og að flutningarnir séu ef til vill besta dæmið um það: „Þegar við fluttum í Borgartúnið þreföldum við rýmið sem við höfðum til umráða og nú erum við að tvöfalda. Við segjum nú stundum í gamni að næst flytjum við árið 2025 og þá í 20 þúsund fermetra húsnæði“.

Verslun Bílanausta verður 3 þúsund fermetrar og segir Hermann hana þá stærstu sinnar tegundar á Norðurlöndum. Stækkun verslunarinnar sé í takt við þá þróun sem víðast hvar eigi sér stað: „Bílar verða sífellt flóknari fyrirbæri og ekki á hvers manns færi að halda uppi alhliða þjónustu. Menn þurfa til að mynda þriggja milljóna króna tölvu til að skipta um bremsuklossa í nýlegum jeppa. Ég held að þróunin verði sú að einingarnar verði sífellt stærri og öflugri og einyrkjarnir víki. Við erum mikið að sinna bílaverkstæðunum, og rekum hér til að mynda 800 milljóna króna vörulager“.

Nýju versluninni er ætlað að vera svokölluð „one stop shop“ þar sem á að vera hægt að ganga að öllu sem til þarf á einum og sama staðnum. Hermann segir Bílanaust byggja á þremur meginstoðum, sölu á bílavarahlutum, iðnaðarvörum og hjólbörðum: „Þarna verður allt til alls. Meira að segja kaffihús. Þetta er náttúrulega stórbætt þjónusta“.

Ein stærsta breytingin er líklega sú að í nýju versluninni verður mun meiri lífsstílsáhersla eins og Hermann kallar það: „Við ætlum að vera með alvöru, massíva grilldeild. Með því erum við að sinna aðilum eins og Skeljungi og Hagkaup. Svo verðum með margvíslegar útivistarvörur, sem er alveg nýtt hjá okkur“.

Markaðshlutdeild Bílanausta er um fjórtíu prósent í varahlutum og hjólbörðum en öllu minni í iðnaðarvörunni þar sem Byko og Húsasmiðjan bera höfuð og herðar yfir aðra.

Hluthafar í Bílanaustum eru tveir, Hafsilfur og Straxfast, og á hvort félag um sig helmingshlut. Velta fyrirtækisins er áætluð á þessu ári tveir og hálfur milljarður króna og rekstrarhagnaður tíu prósent.

Aðspurður segir Hermann mikla möguleika felast í framtíðinni: „Ný reglugerð frá Evrópusambandinu gerir aðilum sem ekki eru í neinum beinum eignatengslum við umboðin kleift að framlengja ábyrgð á bílum. Verkstæðin geta framlengt ábyrgðina að því gefnu að þau uppfylli tiltekin skilyrði og hafi tilskilinn búnað. Þetta er alveg nýtt tækifæri fyrir okkur og verkstæðin sem við þjónustum“.



**TEKUR VIÐ GÆÐAVOTTUN** Brynjar Bragason framkvæmdastjóri RTS tekur við skjali til staðfestingar á gæðavottun.

## RTS fær gæðavottun

RTS verkfræðistofan hefur fengið faggilta gæðavottun samkvæmt ISO 9001:2000 staðlinum fyrst íslenskra verkfræðistofa á rafmagnssviði. Það var breska vottunarfyrirtækið BSI (British Standard Institute) sem nú hefur opnað starfsstöð á Íslandi sem tók út og vottaði gæðakerfi RTS. Gæðakerfi RTS er ekki bundið við einstaka starfssvið heldur tekur það til allra þátta í starfsemi verkfræðistofunnar.

„Með því að fá faggilta vottun á gæðakerfi RTS er langþráðum áfanga náð sem mun styrkja fyrirtækið í þeirri útrás sem framundan er og höfum við einsett okkur að auka gæði þjónustunnar enn frekar,“ segir Brynjar Bragason framkvæmdastjóri RTS.

Brynjar bendir á að ISO 9001: 2000 staðallinn geri kröfu um að fyrirtækið mæli reglulega árangur og ánægju viðskiptavina með þjónustuna en það gefi þeim dýrmætar upplýsingar um frammistöðu RTS á hverjum tíma. -dh




Markaðurinn/GVA

**ÚTIBÚIÐ Í LÁGMÚLA** 10 afgreiðslustaðir SPRON eru á höfuðborgarsvæðinu.

## SPRON opnar nýtt útibú

SPRON hefur opnað nýtt útibú að Lágmúla 6, í sama húsi og Bræðurnir Ormsson eru til húsa. Aðaláhersla nýja útibúsins er að veita vandaða og persónulega fjármálaráðgjöf og þjónustu sem sniðin er að þörfum einstaklinga og fyrirtækja, að því er segir í tilkynningu frá SPRON. Að þessu nýja útibúi meðtöldu starfrækir SPRON nú tíu afgreiðslustaði víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Útibússtjóri er Lárus Sigurðsson sem jafnframt stýrir útibúi SPRON í Ármúla 13a. Arkitektar nýja útibúsins eru Heiða Elín Jóhannsdóttir og Dóra Hansen hjá Innanhúsarkitektum eitt A. -dh




**AFMÆLISTERTA FYRIR 2.500 MANNS** Páll Samúelsson stjórnarformaður P. Samúelssonar hf. og stofnandi fyrirtækisins sker fyrstu sneiðina af afmælistertunni fyrir konu sína, Elínu S. Jóhannesdóttur.

## Toyota 35 ára

Afmæliskaka fyrir 2.500 manns.

Þessa dagana er haldið upp á 35 ára afmæli Toyota umboðsins P. Samúelssonar hf. í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Nýbýlaveg í Kópavogi. Afmælisveislan stendur til morguns og eru allir velkomnir. Toyota Formúlu 1 kappakstursbíll er á staðnum, veitingar eru í boði og margvísleg afmælistilboð bíða þeirra gesta sem hafa hug á að kaupa sér bíl.

Við upphaf afmælisveislunnar síðastliðinn laugardag var boðið upp á afmælistertu sem nægði 2.500 gestum og veitti ekki af því tæplega 2.900 gestir mættu til veislunnar. -dh

# Lykillinn að árangri sprotafyrirtækja

Miðvikudaginn 22. júní var efnt til hádegisfundar í Háskólanum í Reykjavík. Yfirskrift fundarins var „Lykillinn að árangri sprotafyrirtækja og fram komu Jeff Ray framkvæmdastjóri SolidWorks, Kristinn G. Þórisson lektor í tölvunarfræði við HR og Frosti Bergsson einn stofnenda Opinna kerfa.

Jeff Ray fjallaði um það hvernig hönnunarforritið SolidWorks þróaðist frá því að vera góð hugmynd að útbreiddasta þrívíða hönnunarforriti veraldar. Sagði hann lykilinn að árangri þann að hugsa fram í tímann og fást við það sem maður hefur áhuga á að gera.

Kristinn Þórisson flutti fyrirlestur um óreynda tækni og hvaða lærdóm má draga af þróun slíkra sprotafyrirtækja.

Kristinn hefur unnið hjá fjölmörgum sprotafyrirtækjum og segir margar ástæður fyrir því að sprotafyrirtæki misheppnist. Hann segir að fólk dragi lærdóm af mistökum og að ekki eiga að hika við að ráða fólk sem hefur mistekist.

Frosti Bergsson talaði um uppbygginguna Opinna kerfa, sem byrjaði sem umboð fyrir Hewlett Packard árið 1984 en útvíkkaði starfsemina og var með 15 milljarða veltu árið 2004 þegar Frosti hætti störfum.

„Þegar fólk hefur ekki lengur sama áhuga og eldmóð fyrir starfinu er réttast að snúa sér að öðru“, sagði Frosti.

Fundarstjóri var Rögnvaldur Erlingsson forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.



Markaðurinn/Pjetur

**JEFF RAY, RÖGNVALDUR ERLINGSSON OG KRISTINN G. ÞÓRISSON** Voru greinilega hrifnir af fyrirlestri Frosta Bergssonar og leggja hér grannt við hlustir. Kristinn G. Þórisson hefur starfað hjá fjöldamörgum sprotafyrirtækjum og dregið af því margvíslegan lærdóm, hann er nú lektor í tölvunarfræði hjá HR.



**JEFF RAY FRAMKVÆMDASTJÓRI SOLIDWORKS** Segir að framtíðarsýn stofnenda SolidWorks hafi verið að gera hönnunarforritið að staðalbúnaði fyrir verkfræðinga.



**FROSTI BERGSSON Í PONTU** Frosti sagði viljann til að skapa eitthvað til að vera stoltur af reka menn áfram. Hann sagði persónueinkenni og ódrepandi baráttuþrek mikilvæga þætti ætluðu menn sér að ná árangri.




**LÍTIÐ FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI**

Vörurnar eru fyrir ferðamannamarkaðinn, hentar vel til sameiningar við annað fyrirtæki í minjagripasölu.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag - Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

**INNRÖMMUN**

Innrömmun sem staðsett er í 105 Reykjavík, mikið af föstum verkefnum.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag - Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

**VANTAR Á SKRÁ**

Vantar heildsölu og eða framleiðslufyrirtæki með veltu allt að 70 milljónum fyrir ákveðinn kaupanda

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag - Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

**VERSLUN MEÐ HJÓLABRETTI OG BRETTAFATNAÐ**

Mjög vel staðsett verslun með mörg góð merki, lág leiga og miklir möguleikar.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag - Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

# Aukin samvinna um eftirlit í Evrópu

**TÖLVUPÓSTURINN**

*Til Valgerðar Sverrisdóttur*

*viðskiptaráðherra*



**Hvernig horfir það við stjórnvöldum að eignarhald á innlendum fyrirtækjum færist í auknum mæli til erlendra eignarhaldsfélaga?**

Fyrst er þar til að taka að ráðuneytið hefur ekki haft tækifæri til þess að kanna hvort sú fullyrðing sé rétt að að eignarhald á innlendum fyrirtækjum færist í auknum mæli til erlendra eignarhaldsfélaga.

Almennt fagna stjórnvöld erlendri fjárfestingu. Hefur talsverðum fjármunum enda verið varið til þess að laða til landsins erlent fjármagn; bæði til stóriðju sem og til almennra fjárfestinga. Aukin erlend fjárfesting þýðir að árangur hefur orðið af starfi þessu og að innlent rekstrarumhverfi er aðlaðandi fyrir fjárfesta. Í þessu samhengi skiptir litlu hvort fjárfestir er svokallað eignarhaldsfélag eða einstaklingur. Það sem máli skiptir er hvort aukinn erlendur áhugi á fjárfestingum hér á landi leiði til styrkari efnahags og aukinnar velmegunar.

**Hvaða skýringu telur þú vera á þessari þróun?**

Sé það hins vegar rétt, eins og fullyrt er, að eignarhald á innlendum fyrirtækjum færist í auknum mæli til erlendra eignarhaldsfélaga eru skýringarnar eflaust margar og samþættar. Má hér nefna aukin viðskipti á milli landa og samþættingu markaða; frjálsa og síaukna fjármagnsflutninga og tækniþróun. Ekki er að sjá að eitthvað sérstakt í innlendu laga- og reglugerðaumhverfi hafi ýtt á eftir þessari þróun þar sem Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og sem slíkt tekur það meðal annars yfir regluverk Evrópusambandsins á sviði fjármagnsflutninga, verðbréfaþjónustu og bankaviðskipta.

Þá kunna í sumum tilvikum skattalegar ástæður að liggja að baki og eins kann hugsanlega verið að fela hið raunverulega eignarhald. Innan EES hafa borgarar mikið svigrúm til að stofna félög í aðildarríkjum og ætti ekki að skipta máli í hvaða ríki fyrirtækið er skráð. Utan EES kann annað að eiga við þar sem upplýsingagjöf kann að vera mjög takmörkuð.

**Er eitthvað jákvætt við þessar breytingar?**

Segja má að sama svar sé við þessari spurningu og þeirri fyrstu. Ef erlendir aðilar eru í auknum mæli að öðlast trú á íslensku atvinnulífi hlýtur það að vera jákvætt. Slíkt bendir til þess að árangur hefur náðst í að skapa hér trúverðugan og þróttmikinn markað.

Aukin umsvif íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum eru jákvæð þróun svo lengi sem varlega er farið og áhættur t.d. banka eru innan marka. Hins vegar er flutningur eignarhalds úr landi til málamynda ekki til góðs þó að vandséð er hvernig hægt sé að sporna við slíku.

**Hefur þetta óæskileg áhrif á gagnsæi markaðarins?**

Sú hætta er vissulega fyrir hendi að menn notfæri sér skráningar erlendis í því skyni að dylja eignarhald sitt. Þetta er ekki séríslenskt vandamál, og er unnið markvisst að því á evrópskum vettvangi að bregðast við vandanum með auknu samstarfi eftirlitsaðila.

Gagnsæi markaðarins er vinsælt og oft ofnotað hugtak og oft óljóst við hvað er átt. Eignarhaldsfélög draga almennt úr gagnsæi eignarhalds hvort sem félag er innlent eða erlent þar sem ekki er alltaf ljóst hvaða einstaklingar eru að lokum á bak við hlut í félagi.

**Er einhver ástæða til að sporna við þessari þróun?**

Aukið samstarf eftirlitsaðila er sú leið sem farin er í Evrópu, m.a. hert ákvæði um upplýsingagjöf. Takmörkun á eignarhaldi erlendra aðila kæmi vart til greina. Má hér benda á það að stjórnvöldum væri það beinlínis óheimilt vegna skuldbindinga sem leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og vegna skuldbindinga sem leiða af gjaldeyrissamþykkt OECD, að auka frekari hömlur við því að erlendir aðilar fjárfesti hér á landi.

# Ofvaxið ættartré

**„Ég tel að ekki síður sé mikilvægt fyrir ykkur, forkólfa atvinnulífsins, að fá þarna tækifæri til þess að auka gagnsæi á markaðnum og eyða tortryggni sem getur og hefur skapast þegar upp spretta erlend eignarhaldsfélög eins og gorkúlur og eignarhald á venjulegu meðalstóru fyrirtæki er farið að minna á ofvaxið ættartré í Íslendingabókinni hans Kára Stefánssonar," sagði Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, á Viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands í febrúar síðastliðinn.**

Fréttablaðið/GVA



# Gagnsæi markaðarins minnkar

Margir hafa ekki undan við að fylgjast með breytingum á erlendum eignarhaldsfélögum sem eiga í skráðum fyrirtækjum á Íslandi. Tilkoma slíkra félaga hefur gert eignarhald fyrirtækja ógagnsærra og erfiðara er að kortleggja breytingar í hópi hluthafa. *Björgvin Guðmundsson* segir dæmi um að sömu aðilarnir eigi fleiri en eitt félag sem haldi utan um hlutabréf í sama fyrirtækinu.



Fréttablaðið/Pjetur

**HLUTHAFAR MÆTA TIL LEIKS** Gagnsæi markaðarins er mikilvægt fyrir hluthafa sem kjósa að fjárfesta á íslenska hlutabréfamarkaðnum.

Íslensk stjórnvöld geta ekki fengið upplýsingar um raunverulega eigendur eignarhaldsfélaga erlendis nema með talsverðri fyrirhöfn og samstarfi við eftirlitsaðila ytra samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Þar gegnir Fjármálaeftirlitið mikilvægu hlutverki og getur óskað eftir upplýsingum ef þær nýtist í fjárhagslegu eftirliti með íslenskum fyrirtækjum. Óskýrleikinn er samt að aukast í gegnum þessi erlendu eignarhaldsfélög, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, og erfitt að átta sig hverjir séu raunverulegir eigendur fyrirtækja.

Þetta er í samræmi við það sem blaðamenn Markaðarins finna fyrir. Nýlegt dæmi er félag sem heitir Serafin Shipping og eignaðist yfir sex prósent í Icelandic Group við sameiningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sjóvík. Fékk Serafin hlutinn í skiptum fyrir um nítján prósent hlut í Sjóvík. Fyrirtækið var einkahlutafélag og því ekki skylt að gefa upplýsingar um eigendur þess. Hins vegar er Icelandic Group almenningshlutafélag skráð í Kauphöll Íslands. Hluthafar, fjárfestar og aðrir landsmenn hafa ekki fengið að vita hver varð sjötti stærsti hluthafinn í Icelandic Group eftir sameininguna við Sjóvík. Þó var forsvarsmönnum félagsins skylt að gera það samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Fjármálaeftirlitið er með málið nú til skoðunar.

**MÁLIÐ ER**

*Gagnsæi markaðarins*

**EIGNARHALD SKIPTIR MÁLI**

Það er viðurkennt að á skipulegum verðbréfamarkaði eins og í Kauphöllinni felist neytendavernd í því að miðla ákveðnum upplýsingum til þeirra sem fylgjast með markaðnum. Á það við upplýsingar sem geta haft áhrif á verð bréfanna. Eignarhald getur skipt verulegu máli fyrir framtíð fyrirtækja að mati sérfræðinga sem Markaðurinn ræddi við. Því felast mikilvægar upplýsingar í því hver eigi hvað þegar fyrirtæki eru skoðuð.

Árni Harðarsson hjá Deloitte á Íslandi segir að erlendum eignarhaldsfélögum á Íslandi fjölgi ekki eins hratt og áður. Lögum hafi verið breytt sem geri það ekki eins hagstætt og áður að stofna erlent félag um hlutabréfaeign í fyrirtækjum. Eignarhaldsfélög sem slík séu þó þægilegt form utan um eignir sem fleiri en einn eigi. Þá kaupi og selji félagið sjálft eignir í stað þess að þeir sem fjárfesti saman séu hver og einn í slíkum viðskiptum. Töluvert hagræði geti skapast af því.

**LÚXEMBORG VINSÆL**

Viðskiptabankarnir þrír, KB banki, Landsbankinn og Íslandsbanki, hafa allir starfstöð í Lúxemborg sem veitir Íslendingum og öðrum víðtæka fjármálaþjónustu. Þar eru erlend eignarhaldsfélög, mörg í eigu Íslendingar, skráð. Árni segir Lúxemborg verða fyrir valinu vegna þess að skattlagning þar sé hagfelld og umgjörð atvinnulífsins traust. Í svokölluðum skattaparadísum, þar sem engir eða litlir skattar eru greiddir, ríki ekki eins mikið traust, t.d. ef sækja þurfi mál fyrir dómstóla.

Árni bendir á að það þurfi ekkert endilega að vera erfiðara fyrir raunverulega eigendur eignarhaldsfélaga að fela sig séu félögin skráð á Íslandi. Hann bendir á að lengi vel vissu fáir hverjir nýir eigendur félagsins, sem gefur út Fréttablaðið, voru. Innan landa Evrópusambandins og á Evrópska efnahagssvæðinu vinna eftirlitsaðilar saman eftir þeim lögum og reglum sem ríkja. Löggjöfin á Íslandi sé sambærileg og í Evrópu. Menn fari eftir lögum í þessu eins og öðru. Ef ekki sé það lögbrot sem stjórnvöldum beri að uppræta.

**SAFNREIKNINGAR VAXA**

En það er ekki bara á stundum erfitt að upplýsa hverjir eru eigendur erlendra eignarhaldsfélaga. Bankarnir bjóða upp á svokallaða safnreikninga þar sem fjárfest er fyrir tiltekinn aðila í fyrirtæki en hlutabréfin skráð á safnreikning fjármálastofnana. Þá liggur ekki ljóst fyrir hver er raunverulegur eigandi hlutarins, sem oft er þó tiltölulega lítill miðað við heildarhlutafé félagsins. Í samantekt Markaðarins kemur fram, að þau félög sem skráð eru í Kauphöllina og gefa upp tuttugu stærstu hluthafana eru hlutabréf að verðmæti 107 milljarða skráð á safnreikninga.

Guðrún Blöndal, forstöðumaður hjá Arion verðbréfamiðlun, tekur sem dæmi að þrettán alþjóðlegar fjármálastofnanir séu í viðskiptum við hennar fyrirtæki. Viðskiptavinir þessara fjármálafyrirtækja, hvort sem þeir séu erlendir eða innlendir, geta beðið um að keypt séu hlutabréf í fyrirtækjum og þau geymd á safnreikningi. Þá þurfi ekki að sækja sérstaklega um kennitölu fyrir hvern og einn í því landi sem fjárfest sé í. Þetta geti því haft mikið hagræði í för með sér fyrir fjárfesta. Starfsfólk Arion verðbréfamiðlun hafi hins vegar ekki alltaf upplýsingar um hver sé hinn raunverulegi kaupandi. Það geti þess vegna verið Íslendingur sem sé að kaupa í íslensku félagi.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins á svokölluð flöggunarskylda, það er þegar aðili eignast eða selur verulegan hlut í félagi, að tryggja gagnsæi eignarhalds fyrirtækja. Brot sé á lögunum að flagga ekki vegna eignar í gegnum safnreikning eða erlends eignarhaldsfélags. Mikil áhætta sé að flagga ekki því það kemst líklega upp síðar. Ekki sé furðulegt að ákveðin tortryggni ríki ef hlutirnir eru ekki uppi á borðunum.

**Það er viðurkennt að á skipulegum verðbréfamarkaði eins og í Kauphöllinni felist neytendavernd í því að miðla ákveðnum upplýsingum til þeirra sem fylgjast með markaðnum. Á það við upplýsingar sem geta haft áhrif á verð bréfanna.**

# Milljarðar á safnreikningi

Eigendur hlutabréfa geta farið huldu höfði með því að geyma hlutabréf sín erlendis eða á safnreikningum.

Í Kauphöll Íslands eru hlutabréf að verðmæti 107 milljarða króna geymd á safnreikningum. Hluthafar og stjórnendur fyrirtækjanna hafa oft ekki upplýsingar um hver sé skráður eigandi þessara bréfa. Ef einhver eignast meira en fimm prósent í íslensku félagi, hvort sem sá hlutur er geymdur á erlendum reikningi eða innlendu eignarhaldsfélagi, þá er viðkomandi skylt að tilkynna það til kauphallarinnar samkvæmt íslenskum lögum.

Fyrirtækin sem geyma þessi bréf sem skráð eru í kauphöllinni eru Landsbankinn í Lúxemborg og Arion verðbréfavarsla. Í Burðarás og Össuri eru meira en 25 prósent geymd á safnreikningum. í Actavis eru rúmlega tíu prósent hlutabréfa geymd á safnreikningi. Stærstu eigendur þessara hluta eru þekktir. Aðrir hlutir eru tiltölulega smáir og skipta ekki höfuðmáli í atkvæðagreiðslu á aðalfundi. Þó getur komið upp sú staða, eins og til dæmis í Íslandsbanka þar sem eignaraðild er dreifð, að litlu hlutir skipta sköpum. Í slíkum tilvikum getur skipt miklu máli að vita hver fer með atkvæði hlutanna.



**FRÁ LÚXEMBORG** Vinsælt er hjá fjárfestum að kaupa hlutabréf í gegnum félög í Lúxemborg.



FM 98,9
BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
GOTT FÓLK McCANN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**13%** aukning dagvöruverslunar í maí.

**16** dæmdir fyrir aðild að Parmalat-hneykslinu.

**60%** hækkun á gengi Bakkavarar frá áramótum.

BANKAHÓLFIÐ

## Baráttan minnkar um Somerfield

Samkeppnin um Somerfield hefur minnkað því United Co-operatives dró í land áhuga sinn á félaginu. Viðræður halda nú áfram milli Somerfield og tveggja hópa. Annar hópurinn samanstendur af Baugi, Apax og Barclays Capital ásamt Tchenguiz bræðrum. Hinir eru Livingstone bræður.

Ef af kauptilboði í Somerfield verður nær það líklega ekki 1,1 milljarði punda eins og fyrst var gert ráð fyrir. Gengi Somerfield hefur lækkað nokkuð frá því að fyrst var tilkynnt um viðræður um kaup.

Gengi Somerfield er nú 190 pens á hlut. Það er sama gengi og kauptilboð Baugs hljómaði upp á áður en núverandi viðræður áttu sér stað en kauptilboðinu var hafnað af stjórn Somerfield.



## 365 greiðslumiðlar

Úti á markaðnum eru flestir þeirrar skoðunar að Jón Ásgeir sé á bak við kaup á stórum hlut í Íslandsbanka. Líklegt er að nýtt félag verði stofnað utan um eignina í bankanumn. Baugur er stærsti eigandi Og Vodafone sem á 365 ljósvakamiðla og 365 prentmiðla. Nöfnin hafa vanist vel og spurningin er hvort nöfn verði sótt í þá smiðju fyrir félag utan um eignarhlut í bankanum. Þá væri líklegasta niðurstaðan að eignarhaldsfélagið 365 greiðslumiðlar myndi halda utan um eign Baugsmanna í Íslandsbanka.

## Skilvirkni markaðarins

Útgáfa jöfnunarhlutabréfa var töluvert sport fyrr á árum en minna fer fyrir því núna. Eimskipafélagið beitti þessari aðferð lengi vel til þess að geta aukið arðgreiðslur milli ára þar sem aðeins var heimilt að greiða ákveðið hlutfall í arð. Voru þá gefin út ný bréf og nafnverð hlutafjár aukið. Skilaði þetta hluthöfum góðri ávöxtun þar sem bréfin leituðu oft í fyrra horf. Í dag gefa félög einkum út jöfnunarhlutabréf til þess að minnka nafnverð hlutafjár, til dæmis þegar gengi á hlutabréfum er orðið mjög hátt.

SPRON seldi nýtt stofnfé á dögunum. Nýju bréfin voru seld á genginu einn en markaðsverð var um átta. Þrátt fyrir að hlutum hafi verið fjölgað þrefalt er nýja markaðsverðið farið að stefna í átt til þess sem það var í fyrir útboðið.





Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

**Kynntu þér málið á www.landsbanki.is**





Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í s. 893 1030.



Bobcat 322 notuð 1240 klst. Vél í toppstandi. Verð 1.550 þús. +vsk. Lán á 1.300 þús. getur fylgt. Uppl. í síma 555 2271 e. kl. 19.

## Lyftarar






Allar gerðir af vinnulyftum til leigu. Góð tæki & betra verð. Armar ehf s. 565 4646 & 660 1700.

## Bátar



Til sölu ál-kanó léttir og meðfærilegir, aðeins 32 kg. Stöðugir og viðhaldsfriir, þola geymslu útivið allan ársins hring. S. 895 1826 & 566 7887. hjakrissa@simnet.is

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira. Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is

Utanborðsmótor, 40 hö Johnson, gamall en í góðu lagi. Einn eigandi frá upphafi. Skiptibox og barkar fylgja. Verðtilboð. Uppl. í s. 897 0908.

Óska eftir plastbát alltað 6 m, má kosta 400-500 þús. Uppl. í s. 696 4236.

## Flug

Nú er rétti tíminn til að læra flug! Skoðaðu www.geirfugl.is - Sími 511 5511.

Einkaflugmannspakki á 630.000 kr. Upplýsingar í s. 562 2100 & 696 8447. Flugskóli Reykjavíkur, Flugörðum 26.

## Bílaþjónusta



Chipsaway frábærar rispuviðgerðir. Sparar tíma og peninga. Varanlegt. Lögum einnig ryðbletti. S. 557 7200, Hjólko, Smiðjuvegur 26.

## Varahlutir







Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**AB-VARAHLUTIR**
Bílavarahlutir í flestar gerðir Evrópu og Asíubíla, t.d. boddíhlutir, ljós, kúplingar, stýrishlutir, bremsuhlutir, handbremsubarkar, vatnsdælur, öxulliðir og hosur ljóskastarar, tímareimar, viftureimar, spirnur, spindilkúlur. Og allir varahlutir fyrir Toyota. Eingöngu ný vara. **Opið frá 08.00-18.00 mánudaga-föstudaga. Betri vara, betra verð. Sími 567 6020. Bíldshöfði 18**

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

**Ópel partar**
Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553-9900, 845-2996.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Kia Rio, Kia Sephia, Kia Shuma. Varahlutir í miklu úrvali. Uppl. í s. 895 0530.

Er að rífa Musso '98 og '99 2,9 TDI. Kaupi bíla til niðurrifs. S 864-0984.

Er að rífa Landrover Discovery og Deefender. S. 893 1030

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

## Viðgerðir

Túrbínur, varahl. & viðg.þj. Vélaviðg., allar almennar viðgerðir. Sérpöntunarþj. Varahl. í flestar gerðir bíla og vinnuvéla. Túrbo ehf. s. 544 2004.

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

## Bílaleiga

Hertz

Ertu að fá gesti frá útlöndum? Smáir og stórir bílar við allra hæfi. Afgreiðsla um allt land. Upplýsingar og bókun á www.hertz.is eða í síma 5050600.

Hertz

Er hópurinn að fara saman á ættarmót eða bara í dagsferð? Stórir bílar, allt að 15 manna Ford Econoline til leigu. Upplýsingar og bókun á www.hertz.is eða í síma 5050600.

Hertz

Bíll í útlöndum. Frábær tilboð á bílaleigubílum. Ford Mustang á Florida frá 9.300 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Spáni frá 6.250 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Opel Corsa í Danmörku frá 10.500 kr vikan. á mann. m.v. 2 í bíl. Renault Clio í Frakklandi frá 9.400 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Fiat Punto á Ítalíu frá 8.700 kr. vikan á mann m.v. 2 í bíl. Mismunandi skilmálar gilda eftir löndum. Vildarpunktar við hverja bókun. Sjá einnig www.hertz.is Bókið á hertzerlendis@hertz.is eða í síma 5050600.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Öðruvísi vörur - öðruvísi búð, fallegar tækifærisgjafir. NÝTT. Eve Taylor frá toppi til táar. Glæsilegt úrval. Opnum í dag nýja vefverslun www.Loi.is Opið mán.-fös. 10-18 lau. 12-16. Ljós og Ilmur ehf Bíldshöfði 12. S. 517 2440



Ný sending komin af vinsælu viðarkaminunum á aðeins 43.900kr Norme-x Auðbrekku 6 sími 565-8899 og 821-6920. Söluaðilar Ísafjörður s. 456 3345 og Hornafjörður sími 691 0231.




Eigum tilbúna stiga, hringstiga og handriðaefni á lager. Fura, Beyki og Eik. Handlistar,plast, ryðfrítt, festingar og margt fleira. Stigalagerinn, Dalbrekku 26 Kópavogi.




**1000.-kr. Tilboð!**
Allar pizzur á matseðli á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga, einnig er opið í hádeginu á föstudögum. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.



Ótrúlegt verð t.d. stakir jakkar kr. 2.000. Buxur 1.000. Lagersala, Auðbrekku 1. Opið 12-18. S. 564 3477, Jóna.



**Vinsælasta leiktækið í dag Trampolín**
Gerðu samanburð gæðanna og öryggisins vegna. S. 565 0313 & 848 7632. Trampolinsalan.



**Ódýrir Ódýrir!**
Rafmagnshitaðir nuddpottar, ný sending komin, seinasta seldist upp strax, alvöru nuddpottar með 3ja ára verksmiðjuábyrgð, Verð frá 450 þ. Hringdu núna í s. 699 8195 og 660 6091.



Einstaklingar - félagasamtök. Eigum til afgreiðslu trausta og góða borðbekki. Gagnvarið efni og þeir fjúka ekki. Verð kr. 15.000,- stk. Uppl. í s. 822 4200.

**Geymslusala**
Gamlar hurðir, ofnar, dekk með felgum, ljós, aldamótagereft, skápar, gluggakarmar með gleri, símkerfi, snjósleði, barskraut, steinull, coca cola ísskápur, grillborð með háfi, 2 nýjir sturtuklefar með botni, klósett, gamlar tröppur með kopar handriði, rúm, húsgögn og marg margt fleira. Sóltún 24, kjallari. Milli klukkan 13 og 17 þriðjud, miðvikudag og fimmtudag.

Rauður hornsófi 2x2 m. 20 þús., eldhúsb. + 4 stólar 8 þús., sjónvarpsskápur 6 þús., skrifborð 3 þús., nýl. svefnsófi, þarfnast viðgerðar 5 þús., amerískt rúm 153x203 20 þús. Uppl. í síma 897 2323 eft. kl. 17.

Til sölu tungusófi frá Tekk-húsinu og 4 eldhússtólar frá línunni. Selst ódýrt. S 861-7880.

Óska eftir notuðum hárgreiðsluvaskastól. Á sama stað fæst Blár hornsófi frá Ikea. Verð 45 þús. Uppl. í síma 692 3666 & 481 3233.

Hjallþurrkaður ekta vestfirskur harðfiskur til sölu. Alveg beinlaus eðal ýsa sem þeir þurrka og berja á ekta vestfirskan máta þarna í Bolungarvík. Kílóið kostar kr. 3.500.- Tek við pöntunum og fæ fiskinn svo sendan úr Bolungarvík 2 dögum síðar. Upplýsingar, Hans, í síma 696 9335 eftir kl. 13.00 á daginn.

**Útsölumarkaður**
Veiðivörur: Stangir, spoonar ofl. Ljós, perur, DVD myndir, tónlist, VHS myndir, tölvuleikir, stýripinnar, tölvuúr, fjöltengi, herðatré, músagildrur, plastkassar, fótboltatreyjur, boxernærur, bolir ofl. ofl. B17 Laugavegi 51. Sími 551 2020.

## Hljómtæki




## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

IBM Thinkpad ferðatölva til sölu. Rúmlega 2ja ára gömul enn í ábyrgð. Intel 1.1 Ghz örgjörvi, 256 mb innra minni, 40 Gb Harður diskur. Tölvan er í toppstandi og taska fylgir. Upplýsingar gefur Helgi, í síma 516 6319.

## Vélar og verkfæri

Steinsteypusög fyrir götur eða gólf með 13 hp. Honda mótor. Kjarnabovél Fein 1800 w. Kjarnaborvél Eibenstock 2800 w. Kjarnaborir frá 60 til 250 mm. Uppl. í s. 894 1541 Alli.

## Til bygginga




## Verslun







**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Rafvirkjun




## Viðgerðir

**PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.**
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
**Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.**




Vatn getur skemmt !! Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

# HEILSA

## Líkamsrækt




Stórlækkað verð. www.trikke-iceland.com Kennsla - Íslandsmót pöntunars. 660 7747 & 660 7707.

## Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. 557 5446 & 891 8902, Ásta.

Viltu léttast? Auka orku? ShapeWorks er lausnin. www.321.is s. 577 2777.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is www.dagamunur.is s.891 8902, Ásta

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

## Nudd

Glæsilegir ferðanuddbekkir frá 45.000 kr. Nálastungur Íslands ehf. S. 520 0120 og 863 0180 www.simnet.is/nalastungur

# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Leðursófasett 3+1+1. Sófasett úr svartri nautshúð til sölu. Fjögurra ára gamalt úr Habitat. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 868 1223. Verðtilboð.

Til sölu er nýlegt skrifborð með lausu skúffuborði á hjólum og hillum á borðplötu. Uppl. í síma 421 2325.

Ólífugrænt sófasett 3+2+1 upprunal. áklæði, selst ódýrt - tilboð. Uppl. í síma 663 2147.

Amerískt king size hjónarúm til sölu. Pífulak, dýnuhlíf og 3 lök fylgja. Uppl. í síma 848 3757.

Til sölu Palesander rúm frá '73, st. 1,5x2,0m., náttborð og hillur fylgja en ekki dýnur. Verð 9. þús. Uppl. í síma 863 3739.

## Heimilistæki

Til sölu 2ja ára Ariston ísskápur með frystihólfi. H. 1.84, b. 70. Ryðfrítt stál. Verð 25 þús. Uppl. eftir kl. 16 í s. 697 3524.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



20% afsl. á kattavörum. Dýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. op. mán-fös. 13-18 lau. 11-15 sími 553-3062

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Ein Stóra Dan stelpa til sölu. Uppl. í síma 848 6567.

Til sölu 6 mán. Chihuahua strákur. Ættbók frá íshundum fylgir. Uppl. í síma 897 4619.

## Ýmislegt



Góðir trefjaplast pottar á tilboðsverði. Eigum til afgreiðslu af lager 8 - 10 manna potta á kr. 90.000,- stgr. Upplýsingar í s. 822 4200.



# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta



**Fjölskylduparadís**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting og veitingar. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi www.hoteleldborg.is & s. 435 6602.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

Laxveiðileyfi í Hvítá fyrir landi Gíslastaða, Grímsnesi (efra svæðið) nokkrir dagar lausir. Uppl. í s. 581 2412 & 0031 625 045 988.

Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.



















Voli / Baugstaðaós. Eigum nokkra lausa daga í ágúst í Ósnum og einnig á besta tíma í Vola og á miðsvæði. Innan við klukkustundar akstur frá Reykjavík. Upplýsingar hjá Veiðisporti á Selfossi sími 482 1506.

## Hestamennska

**Fáksfélagar.**
Skráning á íslandsmót fullorðina í hestaíþróttum fer fram í félagsheimili Fáks, miðvikudaginn 29. júní, frá kl. 17-20. Stjórnin.

## Ýmislegt




## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Eigum enn eftir eitthvað af lausum dögum í sumar. Sími 567 0790 & 864 4020.

Til leigu góð 3ja herbergja íbúð við Laugarnesveg. 70 þús. á mán + hússjóður. Skilvísar greiðslur skilyrði, laus strax. Uppl. í s. 866 2820 & 478 1257.

2ja herb íbúð + stæði í bílgeymslu í Krummahólum. 70 þús. á mán. 2 mán. ffr. Tryggvi S. 893 9048.

2ja herbergja nýleg íbúð til leigu í Garðabæ. Uppl. í s. 899 5901.

New York - 3ja herbergja íbúð til leigu í ágústmánuði med öllu. Vel staðsett. Upplýsingar hjá Halldóru í s. 562 8689 og 694 6745 og hjá Jóhönnu og Paul 1-718 369 1681 eda johanna@thelastthingtheysaidwas.com

2ja herb. íbúð í miðbænum til leigu frá 1. júlí. 67.000 kr. mán. Uppl. í síma 697 9954.

105 fm. íbúð í Mosfellsfæ til leigu frá 1 júlí. Langtímaleiga. 95.000 kr. á mánuði + hússjóður og 2 mánuðir fyrirfram. Íbúðin verður sýnd kvöld 29/6. Uppl. í síma 690 7978.

Einstaklingsíbúð í bílskúr til leigu á svæði 104. Reglusemi áskilin. S. 588 1120 e. 17.

Herb. í miðbænum til leigu. Sameiginl. eldh/baðh. Laust. S. 866 2745 e. kl. 17.

3ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Langtímaleiga. Uppl. í s. 892 0699.

## Húsnæði óskast

**4ra manna fjölskylda utan af landi**
óskar eftir 4ra-5 herbergja íbúð, einbýlishúsi eða raðhúsi á stór Reykjavíkursvæðinu frá 01. ágúst.
**Uppl. í s. 898 9880.**

35 ára karlmaður óskar eftir að leigja einstaklingsíbúð á svæði 105 eða 220. Greiðslugeta 60-70 þús. Uppl. í s. 659 2542.

Bráðvantar 3ja herb. íbúð á höfuðb. sv. sem fyrst, helst í Hfj. Öruggar greiðslur. S. 866 7899.

Stúdíóíb. / 2ja.hb. íb. óskast miðsv. í R.vík. Skilv. gr. lofað. Hafið samb. v/ Jóhönnu s. 696 3851.

Óska eftir 3ja -4ra herbergja íbúð frá 1. júlí. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 823 7977, Guðríður.

## Fasteignir

Til sölu 2 fallegar ný standsettar íbúðir með nýjum innréttingum á besta stað á Akranesi. Einnig til sölu verslunarhúsnæði á besta stað. Gott verð ef samið er strax. Maggi s. 660 7750.

## Sumarbústaðir



**Hreinsum gráma af sólpöllum!**
Sólpallaeigendur, ódýr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.
**Anton í síma 866 5262.**



Tilbúinn til flutnings. 70 ferm. heilsárshús, selst tilbúið að utan og einangrað og með gólfi að innan, tilbúinn til innri vinnu. Ásett verð 6.500.000.-, tilboð óskast, skipti möguleg á nýlegum jeppa. Uppl. í s. 822 4200.

Til leigu sumarhús við Laugavatn. Vikuleiga. Uppl. í s. 861 0205

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast undir smáiðnað 40-50fm. Upplýsingar staðsetningu, verð sendist á smaar@frettabladid.is merkt “87” fyrir 01/07/05.

## Geymsluhúsnæði







Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:
Þjónar í sal - kvöld og helgarvinna.
Um er að ræða sumar- og framtíðarstörf, ekki yngri en 18 ára.
Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17.
**Veitingahúsið Ítalía**
**Laugavegi 11**




# pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**
**101-12** Klapparstígur
Njálsgata
**101-13** Laugavegur
Snorrabraut
**101-21** Blómvallagata
Brávallagata
Hringbraut
Ljósvallagata
Ásvallagata
**101-29** Fossagata
Hörpugata
Reykjavíkurv.
Skerplugata
Þjórsárgata O.fl.
**101-44** Bræðraborgarst.
Drafnarstígur
**101-45** Blómvallagata
Brávallagata
Hofsvallagata
Hringbraut
Ásvallagata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti
Lækjargata
Pósthússtræti
Tryggvagata
**105-04** Háteigsvegur
**105-22** Drápuhlíð
**105-40** Hamrahlíð
Stigahlíð
**107-01** Hringbraut
**107-02** Reynimelur
**107-07** Birkimelur
Reynimelur
Víðimelur
**107-08** Tómasarhagi
**108-33** Búland
Dalaland
Efstaland
**109-27** Stafnasel
Stallasel
Stapasel
Staðarsel
Steinasel O.fl.
**109-28** Brekkusel
Dalsel
**110-17** Urriðakvísl
Álakvísl
**110-18** Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Stangarhylur
**110-25** Hraunbær
**112-36** Bakkastaðir
**112-37** Bakkastaðir
Barðastaðir
**112-39** Garðsstaðir
**113-02** Maríubaugur
**113-09** Grænlandsleið
Jónsgeisli
**170-02** Lambastaðabr.
Nesvegur
Tjarnarból
Tjarnarstígur
**200-30** Fagrihjalli
Hlíðarhjalli
**200-32** Bakkahjalli
Blikahjalli
Brekkuhjalli
**200-58** Auðbrekka
**210-01** Haukanes
Þrastanes
**210-06** Marargrund
Sjávargrund
Ægisgrund
**210-31** Brekkubyggð
**220-42** Brattholt
Bæjarholt
Háholt
Suðurholt
**221-18** Blómvellir
Burknavellir
**225-07** Brekkuskógar
Bæjarbrekka
Lambhagi
Miðskógar
Ásbrekka
**300-17** Bjarkargrund
Espigrund
Furugrund
**800-01** Austurmýri
Fagramýri
Fossvegur
Kringlumýri
Langamýri
Sóltún
Árbakki

**Um helgar:**
**101-03** Fjölnisvegur
Mímisvegur
Sjafnargata
**101-04** Bragagata
Nönnugata
**101-11** Frakkastígur
Skúlagata
**101-14** Hverfisgata
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata
Brávallagata
Hringbraut
Ljósvallagata
Ásvallagata
**101-22** Hávallagata
Túngata
**101-34** Aðalstræti
Garðastræti
Grjótagata
Mjóstræti
Vesturgata
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata
Hringbraut
Suðurgata
Tjarnargata
**101-45** Blómvallagata
Brávallagata
Hofsvallagata
Hringbraut
Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-50** Vesturgata
**104-02** Brúnavegur
Dyngjuvegur
Kleifarvegur
Kleppsvegur
Vesturbrún
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-04** Laugarásvegur
**104-05** Austurbrún
**104-10** Kleppsvegur
**104-12** Skipasund
**104-14** Drekavogur
Hlunnavogur
Njörvasund
Sigluvogur
**104-26** Dalbraut
Selvogsgrunn
Sporðagrunn
**104-29** Kambsvegur
Ásvegur
**104-31** Langholtsvegur
**104-32** Kleppsvegur
**104-34** Dragavegur
Kleppsvegur
Norðurbrún
**105-04** Háteigsvegur
**105-07** Flókagata
**105-09** Nóatún
Skipholt
Stangarholt
Stúfholt
**105-19** Drápuhlíð
Mávahlíð
**105-22** Drápuhlíð
**105-24** Miðtún
Samtún
**105-28** Hofteigur
Laugateigur
**105-38** Gullteigur
Hraunteigur
Sundlaugavegur
**105-40** Hamrahlíð
Stigahlíð
**105-45** Mávahlíð
**107-04** Einimelur
Hofsvallagata
Melhagi
**107-06** Grenimelur
**107-10** Dunhagi
Fálkagata
Smyrilsvegur
Þrastargata
**107-12** Fornhagi
Kvisthagi
Neshagi
**107-14** Faxaskjól
Sörlaskjól
**107-23** Kaplaskjólsvegur
Reynimelur
**107-28** Nesvegur
Sörlaskjól
**108-06** Grensásvegur
Heiðargerði
Hvammsgerði
**108-29** Kelduland
Kjalarland
Kvistaland
Kúrland
**108-41** Kjarrvegur
Markarvegur
**109-10** Engjasel
**109-18** Kaldasel
Kleifarsel
**109-19** Klyfjasel
Kögursel
**109-23** Vaðlasel
Vogasel
Ystasel
**109-30** Hnjúkasel
Hálsasel
**110-01** Fagribær
Glæsibær
Heiðarbær
Ystibær
**110-03** Hraunbær
**110-04** Hraunbær
**110-06** Brautarás
Hraunbær
Rofabær
**110-16** Silungakvísl
Sílakvísl
**110-18** Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Stangarhylur
**110-20** Hraunbær
**110-22** Deildarás
Eyktarás
**110-23** Fjarðarás
Heiðarás
Norðurás
**110-26** Seiðakvísl
Árkvörn
**111-05** Torfufell
**112-09** Fannafold
**112-20** Flétturimi
Hrísrimi
**112-22** Mosarimi
**112-26** Dofraborgir
Dvergaborgir
Goðaborgir
**112-40** Naustabryggja
**112-41** Fannafold
**112-46** Laufrimi
**112-50** Logafold
Reykjafold
**112-55** Básbryggja
**113-02** Maríubaugur
**113-03** Kristnibraut
**113-05** Ólafsgeisli
**113-07** Andrésbrunnur
**113-11** Þorláksgeisli
**113-12** Þórðarsveigur
**170-01** Eiðismýri
Grænamýri
Suðurmýri O.fl.
**170-02** Lambastaðabr.
Nesvegur
Tjarnarból O.fl.
**170-42** Kirkjubraut
Skólabraut
**190-01** Hafnargata
Hólagata
Mýrargata O.fl.
**190-02** Aragerði
Heiðargerði
Kirkjugerði
Vogagerði O.fl.
**200-01** Kópavogsbraut
Mánabraut
Sunnubraut
Þinghólsbraut
**200-02** Kópavogsbraut
**200-03** Kópavogsbraut
Meðalbraut
Skjólbraut
**200-05** Borgarholtsbr.
Hlégerði
Suðurbraut
**200-07** Kópavogsbraut
Sunnubraut
Þinghólsbraut
**200-10** Holtagerði
**200-11** Hraunbraut
Kársnesbraut
**200-13** Helgubraut
Sæbólsbraut
**200-14** Huldubraut
Marbakkabraut
**200-18** Álfhólsvegur
**200-19** Fagrabrekka
Álfabrekka
**200-36** Skálaheiði
Álfaheiði
**200-40** Hlíðarhvammur
Hlíðarvegur
Vogatunga
**200-41** Álfhólsvegur
**200-47** Brekkuhvarf
Dimmuhvarf
Grundarhvarf O.fl.
**200-50** Hlaðbrekka
Nýbýlavegur
Þverbrekka
**200-54** Álfhólsvegur
**200-56** Þinghólsbraut
**200-57** Bakkabraut
Hafnarbraut
Vesturvör
**200-59** Melaheiði
Tunguheiði
Álfhólsvegur
**201-06** Funalind
Fífulind
**203-01** Andarhvarf
Ennishvarf
Álfahvarf
Álfkonuhvarf
**203-02** Breiðahvarf
Fannahvarf
Fellahvarf
**210-02** Hegranes
Tjaldanes
**210-15** Garðaflöt
Smáraflöt
Stekkjarflöt
**210-18** Garðaflöt
Lindarflöt
**210-20** Brúarflöt
Móaflöt
**210-26** Dalsbyggð
Hæðarbyggð
**210-30** Hlíðarbyggð
Lyngmóar
**210-33** Ásbúð
**210-34** Bæjargil
Urðarhæð
**210-37** Eskiholt
Hrísholt
Háholt
**210-38** Krókamýri
Langamýri
**210-39** Langamýri
**210-40** Aratún
Faxatún
**220-01** Flókagata
Herjólfsgata
Klettagata
Langeyrarvegur
Skerseyrarvegur
**220-03** Austurgata
Fjarðargata
Reykjavíkurv.
Strandgata
**220-04** Austurgata
Hverfisgata
Mjósund
Mánastígur
Sunnuvegur
Tjarnarbraut O.fl.
**220-05** Austurgata
Gunnarssund
Hraunstígur
Hverfisgata O.fl.
**220-06** Hraunbrún
**220-11** Smyrlahraun
Vitastígur
Álfaskeið
**220-13** Flatahraun
Mávahraun
Svöluhraun
Álfaskeið
**220-31** Brekkugata
Lækjargata
Suðurgata
**220-32** Hamarsbraut
Hellubraut
Hlíðarbraut O.fl.
**220-33** Hringbraut
Reynihvammur
Strandgata
**220-34** Hringbraut
Selvogsgata
**220-37** Smárahvammur
Suðurhvammur
**220-38** Mosabarð
Vallarbarð
Þúfubarð
**220-39** Háabarð
Móabarð
Svalbarð
**220-43** Dvergholt
Eyrarholt
Klapparholt
**220-55** Suðurgata
**225-01** Austurtún
Blátún
Hátún
Skólatún O.fl.
**225-07** Brekkuskógar
Bæjarbrekka
Lambhagi
Miðskógar O.fl.
**230-09** Aðalgata
Hafnargata
Kirkjuvegur
Túngata O.fl.
**230-11** Faxabraut
Háholt
Lyngholt
Skólavegur
**230-13** Hafnargata
Hringbraut
Suðurgata
**230-15** Austurbraut
Faxabraut
Hringbraut
Hólabraut O.fl.
**230-21** Aðalgata
Hringbraut
Kirkjuteigur
Melteigur
**230-23** Heiðargarður
Hólmgarður
Miðgarður
Norðurgarður O.fl.
**230-24** Baldursgata
Hafnargata
Heiðarvegur O.fl.
**230-25** Vatnsholt
**230-26** Bergvegur
Kirkjuvegur
Vesturbraut O.fl.
**240-02** Heiðarhraun
Hvassahraun
Leynisbraut
Staðarhraun
**240-05** Blómsturvellir
Efstahraun
Gerðavellir
Hólavellir O.fl.
**240-06** Arnarhraun
Borgarhraun
Leynisbraut
Leynisbrún O.fl.
**240-07** Hellubraut
Laut
Sunnubraut
Vesturbraut
Víkurbraut
**245-01** Bjarmaland
Brekkustígur
Klapparstígur
Tjarnargata O.fl.
**245-04** Miðtún
Norðurtún
Stafnesvegur
**270-05** Arnartangi
**270-10** Skeljatangi
**270-16** Klapparhlíð
**270-17** Hamarsteigur
Jónsteigur
Stóriteigur O.fl.
**300-16** Brekkuflöt
Brúarflöt
Smáraflöt O.fl.
**310-05** Brattagata
Egilsgata
Gunnlaugsgata
Helgugata O.fl.
**600-14** Engimýri
Hrafnabjörg
Kringlumýri O.fl.
**800-01** Austurmýri
Fagramýri
Fossvegur O.fl.
**800-03** Jórutún
Miðtún O.fl.
**800-18** Engjavegur
Mánavegur
Seljavegur O.fl.
**810-03** Brattahlíð
Dynskógar O.fl.
**810-04** Bláskógar
Frumskógar O.fl.
**810-05** Breiðamörk
Heiðmörk O.fl.
**810-08** Borgarhraun
Kjarrheiði O.fl.

### Starfsfólk óskast
Óskum eftir að ráða starfskraft með grafík þekkingu í framleiðsludeild okkar. Starfið felst í því að hafa umsjón með forvinnslu fyrir myndsaum en einnig uppsetningu vegna nýrrar gerðar prentunar og að hluta framkvæmd hennar. Einnig óskum við eftir að ráða saumakonur með góða verkþekkingu.
**Upplýsingar í síma 562 6464 einnig á henson@henson.is Henson hf Brautarholti 24.**

### Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

### Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

### Bakstur.
Bakarmeistarinn Suðurveri óskar eftir starsfmanni í verslun okkar. Starfssvið: umsjón með bakstri í verslun auk aðstoðar í sa. vinnutími frá 05-12 auk önnur hver helgi. Viðkomandi þarf að vera á bíl.
**Upplýsingar í síma 897 5470.**

### Verkstjóri
Vanan verkstjóra vantar í jarðvinnuframkvæmdir.
**Upplýsingar í síma 822 2660.**

### Vélamenn og verkamenn.
Vana gröfumenn vantar með vinnuvélaréttindi eins verkamenn og menn í hellulagnir, einnig vörubílstjóra með meirapróf.
**Uppl. í s. 822 2661.**

Heildsala á svæði 210 óskar eftir duglegum lagermanni í fullt starf við pökkun, útkeyrslu, áfyllingar og önnur tilfallandi verkefni. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Leitum að röskum og samviskusömum einstaklingi með bílpróf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merktar L-21012.

### Nonnabiti
Starfskraft vantar í fullt starf og hlutastarf, reyklaus. Uppl. í s. 551 2312 (milli 14-18, ekki svarað í hád.), 899 1670 & 898 5956.

### Hrói Höttur
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki á grill. Fólk eldri en 35 ára sérstaklega velkomið. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á staðnum milli kl. 13-16 í dag eða í síma 849 4756.

Óskum eftir starfsfólki í kvöld og helgarstörf, eingöngu fólk með bílpróf kemur til greina. Umsóknir eru á staðnum Rizzo Pizzeria Hraunbæ 121.

### Ræstingar
Vantar fólk í 50-100% vinnu. Allar upplýsingar um störfin eru í s. 578 1450. Nostra ehf.

Starfskraft vantar aðrahvora helgi í söluturn í Kópavogi. Ekki yngri en 18 ára. Því eldri því betra, reyklaus. Upplýsingar í síma 554 5350.

### Háseta vantar
Háseta vantar á línubát frá Suðurnesjum. Uppl. í síma 862 2591.

Vantar smiði og verkamenn vana viðhaldsvinnu. Uppl. í s. 894 0031.

Óskum eftir starfsfólki í hlutastörf. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum. Bíógrill, Laugarásvegi 1. Sími 517 9000.

Maður á miðju aldri óskar eftir að leigja herbergi, helst með sérinngangi. Upplýsingar í síma 697 4049.

Vantar menn vönum byggingavinnu. Mikil vinna og góð laun fyrir rétta aðilla. Uppl. í s. 869 9633.

Óskum eftir starfsfólki í öll almenn hótelstörf. Upplýsingar í síma 868 5922.

Röskan bílstjóra vantar hjá Lystadún-Marco. Upplýsingar gefur Grímur í s. 660 4948.

Háseta vantar á 115 tonna bát á Suðurnesjunum. Uppl. í s. 854 8764 & 420 8000.

Óska eftir starfsmanni í söluturn í Kópavogi á kvöldin og um helgar, ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 554 0925 milli kl. 10 og 17.

Eldhús, aðhlynning. Óska eftir að ráða einstakling á Dvalarheimili, þarf að geta leyst af matráðskonu. Starfshlutfall samkomulag. Uppl. síma 562 1671.

Óska eftir smiðum og verkamönnum í ýmis störf á höfuðborgarsvæðinu. KA ehf. s. 660 4060. kaehf@simnet.is

### Hlöllabátar Ingólfstorgi
óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, líka á staðnum.

Háseta vantar á 140 tonna dragnótarbát. Upplýsingar í síma 894 3026, 854 3026 eða 894 1638.

Starfsfólk óskast á Bónstöð. Uppl. í s. 861 3335.

Starfsmaður óskast í útkeyrslu og pökkun. Vinnutími 6.00 til 13.00 S. 860 7222

### Smiður Óskast
Smiður óskast til starfa í Noregi á Osló svæðinu í fast starf. Góð laun í boði. Uppl. í s. 0047 934 67159 Ragnar.

## Atvinna óskast

Vantar fasta vinnu á sendibíl eftir kl. 10 á daginn. Allir minni flutningar koma til greina, snyrtilegur bíll + reyklaus bílstjóri. S. 847 0405.

Vanur rútubílstjóri óskar eftir verkefnum í sumar. Er vanur öllum gerðum ferða og bíla. Get farið sjálfstætt með hópa. S. 698 8975.

## ATVINNA

# Vélamenn og bílstjórar

**Suðurverk hf óskar eftir að ráða vana bílstjóra og vélamenn.**

Um er að ræða vaktavinnu í úthöldum í Kárahnjúkum við uppbyggingu Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu.

Við bjóðum mjög góðan aðbúnað fyrir starfsmenn, frítt uppihald og milliferðir samkvæmt kjarasamningi.

Upplýsingar veittar í síma 892-0067

Umsóknir berist skrifstofu Drangahrauni 7 eða á heimasíðu **www.sudurverk.is**

SUÐURVERK HF.
Verktakar - vélaleiga

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Kranamenn

Vegna aukinna verkefna í Höfðatúni vantar strax kranamenn til starfa.

Upplýsingar veitir Baldvin í síma **822-4431**

## Múrarar/nemar

Getum bætt við okkur múrurum til starfa, einnig óskum við eftir nemum á samning.
Upplýsingar veitir Sigurbjörn í síma **822-4438**

## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að deiliskipulagi í Reykjavík.

**Ægisíða.**
Tillaga að deiliskipulagi reits sem markast af Ægisíðu, Hofsvallagötu, lóðarmörkum austan Ægisíðu og Lynghaga.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir byggingarreit á hverri lóð til skilgreiningar á byggingarmöguleikum til framtíðar auk ákvæðum um fjölda íbúða og bílastæði á lóðum. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir verndun 20 aldar bygginga og verndun götumyndar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sundin, Efstasund og Skipasund.**
Tillaga að deiliskipulagi reits sem markast af Kleppsvegi til norðurs, byggð við Sæviðarund til austurs, Drekavogi til suðurs og Langholtsvegi og Kambsvegi til vesturs.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir byggingarreitum til þess að hægt sé að stækka, byggja ofan á eða reisa ný hús á lóðum. Einnig eru ákvæði um fjölda íbúða og bílastæði á lóðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 29. júní til og með 10. ágúst 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 17. ágúst 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 29. júní 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

# Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í grunnskólum

**Áslandsskóli** (s. 664 5501 *leifur@aslandsskoli.is*)
Enskukennsla
Heimilisfræðikennsla
Textílkennsla
Skólaliði
Stuðningsfulltrúi

**Hraunvallaskóli** (s. 664 5872 *einar@hraunvallaskoli.is*)
Almenn kennsla

**Setbergsskóli** (s. 664 5880 *lofturm@setbergsskoli.is*)

**Staða aðstoðarskólastjóra er laus til umsóknar.**

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf um-sækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi. sjá nánar á hafnarfjordur.is

Skólaliði (60%)
Deildarstjóri í sérkennslu
Enskukennsla
Þýskukennsla
Umsjón með heimasíðu

**Víðistaðaskóli** (s: 6645890 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Enskukennsla
Dönskukennsla
Heimilisfræðikennsla
Heimspeki
Náttúrufræðikennsla
Deildarstjóri sérkennslu

**Öldutúnsskóli**
(s. 664 5896/860 7472 *herla@oldutunsskoli.is*)
Sérkennsla
Kennari eða þroskaþjálfi í sérdeild fyrir unglinga
Skólaliði

**Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar en umsóknarfrestur er til 10. júlí.**

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



## SJÓNARHORN



Náttúrufegurðin við Jökulsárlón er engu lík. Bátar með forvitna ferðamenn virðast agnarsmáir við hliðina á jökunum sem gnæfa yfir allt. / Ljósmynd: Valli





allt

Allt um tísku og ferðir
á fimmtudögum í Fréttablaðinu.



ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond

STRÖND EHF.

Lokað í dag
Útsalan hefst á morgun kl. 11.00

adams

Smáralind • sími 517 5330 • www.adams.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.154 **+0,67%** **Fjöldi viðskipta:** 314 **Velta:** 11.891 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 4,62% | **Jarðboranir** | -1,43% |
| **Grandi** | 1,80% | **Marel** | -1,21% |
| **Bakkavör** | 1,54% | **Atlantic Petroleum** | -0,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,70 -0,49% ... Atorka 5,87 +0,34% ... Bakkavör 39,50 +1,54% ... Burðarás 15,30 – ... FL Group 15,50 – ... Flaga 4,08 +4,62% ... Íslandsbanki 13,35 – ... KB banki 538,00 +1,13% ... Kögun 60,00 +0,67% ... Landsbankinn 17,40 +1,16% ... Marel 57,30 -1,21% ... Og fjarskipti 4,05 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,45 +1,22% ... Össur 80,00 +0,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Velta Mosaic eykst

**Sala Karen Millen dregst saman en hún eykst hjá Oasis, Whistles og Coast.**

Hagnaður Mosaic fashion eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi var 0,6 milljónir punda eða 71 milljón króna. Hagnaður fyrirtækisins eftir skatta á sama tíma í fyrra var 0,9 milljónir punda eða 107 milljónir króna.

Velta Mosaic jókst um 13 prósent milli ára og á árinu í heild er gert ráð fyrir að 18 prósenta aukning verði á sölu ársins.

Mosaic fashion samanstendur af fjórum mismunandi keðjum, Oasis, Whistles, Coast og Oasis. Salan jókst um meira en tíu prósent hjá Oasis, Whistles og Coast. Sala Karen Millen dróst aftur á móti saman.

Í lok tímabilsins, 30 apríl 2005 voru skuldir félagins 300 milljónir punda eða tæpa 36 milljarða króna. Eiginfjárhlutfall félagsins var tæp níu prósent á sama tíma.

Efnahagsreikningur Mosaic hefur tekið breytingum síðan í apríl, bæði vegna hlutafjárútboðs og skuldabréfaútboðs.

-dh



**HAGNAST UM 71 MILLJÓN** Hlutafjárútboði Mosaic lauk með glæsilegri tískusýningu í Skautahöllinni.



**ENGAR SÖLUBEIÐNIR** Stjórn SPH hafði ekki fengið beiðni um framsal stofnfjárhluta í gær. Hún hittist á fundi í dag.

Sparisjóður Hafnarfjarðar:

# Engar beiðnir borist

Engar beiðnir höfðu borist í gær frá stofnfjáreigendum til stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar um framsal á stofnfjárhlutum. Stjórn sparisjóðsins hittist í dag og tekur fyrir óskir um framsal á bréfum hafi þær borist.

Víst þykir að á fimmtudaginn komi í ljós hver standi á bak við hugsanleg kaup á stofnfjárbréfum í SPH en þá rennur út sá frestur sem stofnfjáreigendur hafa til þess að skila inn svörum til Fjármálaeftirlitsins um hvort viðskipti hafi átt sér stað með stofnfjárbréf eða tilboð borist í hlutina.

- eþa



**HJÖRLEIFUR JAKOBSSON** Tekur sæti í stjórn Eglu.

Tekur sæti Peter Gatti.

# Ný stjórn Eglu

Hjörleifur Jakobsson hefur tekið sæti í stjórn Eglu í stað Peter Gatti. Þetta var ákveðið á stjórnarfundi í Eglu í gær. Peter Gatti sat í stjórn Eglu fyrir þýska bankann Hauck & Aufhaeuser sem hefur selt sinn hlut til Kjalar. Aðrir í stjórn Eglu eru Ólafur Ólafsson og Kristján Loftsson. Hluthafar í Eglu eru Ker, Kjalar og Grettir.

-dh

# Meira fé milli handa

Meðalráðstöfunartekjur heimilis á Íslandi hafa hækkað um 71 prósent á milli áranna 1995 og 2003 samkvæmt rannsókn Hagstofunnar, sem birt var í gær. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 72 prósent og vísitala neysluverðs um rúmt 31 prósent.

Í hálffimm fréttum KB banka segir að þar sem fjöldi heimilismanna hafi dregist saman jafngildi þessi hækkun ráðstöfunartekna heimilanna 82 prósent hækkun ráðstöfunartekna á mann. Ráðstöfunartekjur á mann, sem teljast allar tekjur einstaklings að frádregnum álögðum sköttum, hafi því hækkað meira en launavísitalan og atvinnutekjur á mann. ■



**ELISABETH BARRETT BROWNING**
(1806-1861) lést þennan dag.



*„Kona er ávallt yngri en maður á sama aldri.“*

***Elisabeth Barrett Browning var mikilsvirt skáldkona á Viktoríutímanum. Hún gaf út fyrsta ljóð sitt undir dulnefni fjórtán ára gömul.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Isabelita verður forseti Argentínu*

Þennan dag árið 1974 var Maria Estela Isabel Martinez de Peron svarin í embætti sem leiðtogi Argentínu. Þar með varð frú Peron, sem var fyrrverandi kabarettdansari, fyrsti kvenforseti landsins. Eiginmaður hennar, forsetinn Juan Peron, hafði afsalað sér völdum vegna alvarlegra veikinda en hinn 78 ára gamli Peron hafði þá ekki sést opinberlega í tvær vikur.

Frú Peron, sem almenningur kallaði ávallt Isabelitu, var þriðja eiginkona Juan Peron og varð varaforseti þegar hann snéri aftur til valda í september 1973 en hann hafði verið í útlegð frá árinu 1955 eftir valdarán í landinu. Þau kynntust á næturklúbbi í Panama meðan Peron var í útlegð. Eftir að Juan Peron snéri úr útlegðinni árið 1973 vann hann stórsigur í kosningum og kom á næstu mánuðum á nokkrum stöðugleika í Argentínu. Hann dó 1. júní árið 1974 en Isabel varð forseti til ársins 1976. Þá var henni steypt af stóli af herforingjastjórn Jorge Rafael Videla.

Isabelitu tókst aldrei að vinna hjörtu argentínsku þjóðarinnar. Hún lifði ætíð í skugga Evu Peron sem var önnur eiginkona Juan Peron. Evita var dáð af stórum hluta þjóðarinnar en varð aldrei forseti og dó úr krabbameini árið 1952.



**29. JÚNÍ 1974**

## MERKISATBURÐIR

1941 Þýski kafbáturinn U 564 sökkvir flutningaskipinu Heklu suður af Grænlandi. Þrettán farast en sjö er bjargað af fleka eftir rúma tíu sólarhringa.

1951 Ríkharður Jónsson skorar fjögur mörk í landsleik gegn Svíum, þar sem Íslendingar unnu með fjórum mörkum gegn þremur.

1952 Ásgeir Ásgeirsson er kjörinn forseti Íslands.

1980 Vigdís Finnbogadóttir er kjörin forseti Íslands. Hún var fyrsta konan í heiminum sem kosin var þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.

1995 Bandaríska geimskutlan Atlantis kemur til geimstöðvarinnar MIR.

1996 Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn fimmti forseti Íslands.

---



*Áskær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Þórarinn Sigurgeirsson**

pípulagningarmeistari, Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést 17. júní á Borgarspítalnum verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Júlíus Már Þórarinsson** — **Jóna Kristrún Sigurðardóttir**
**María Þórarinsdóttir** — **Örn Þorsteinsson**
**Sigurgeir Þórarinsson** — **Charlotta Ingadóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Páll Ingólfsson**

Uppsölum, Eyjafjarðarsveit,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri föstudaginn 17. júní. Jarðsungið verður frá Munkaþverárkirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.30.

**Lilja Jóhannsdóttir** — **Örn Tryggvason**
**Ásdís Jóhannsdóttir** — **Örn Arason**
**Inga Jóhannsdóttir** — **Rúnar Arason**
**Jóhann Jóhannsson** — **Hjördís Henriksen**
**Halla Jóhannsdóttir** — **Ragnar Torfi Geirsson**
**Ingólfur Jóhannsson** — **Matthildur Ásta Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, sonar, bróður og afa,*

**Hjálmars Rúnar Hjálmarssonar**

Vélastjóra, Lóulandi 2, Garði.

Sérstakar þakkir til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, Björgunarsveitanna Ægis í Garði og Sigurvonar Sandgerði, áhafnar á B.B. Hannesi Þ. Hafstein og Kvennfélagsins Gefnar í Garði, guð blessi ykkur og störf ykkar.

**Guðrún Eyvindsdóttir**
**Helga Hjálmarsdóttir** — **Óliwer Keller**
**Herbjörg Hjálmarsdóttir** — **Sveinn Ólafur Jónasson**
**Dóra Sigrún Hjálmarsdóttir**
**Sigrún Oddsdóttir**
**systkini og barnabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför, ástkærar systur okkar, mágkonu og frænku,*

**Öldu Steinunnar Jensdóttir,**

Faxabraut 36. a. Keflavík

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Fjölbrautarskóla Suðurnesja og Soroptimistaklúbbi Keflavíkur. Guð blessi ykkur öll.

**Halldór Á. Jensson** — **María Valdimarsdóttir**
**Kristinn Þ. Jensson**
**Sævar Þorkell Jensson** — **Julie Price**
**og frændsystkyni.**

---



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**PÁLL SAMÚELSSON** Stofnandi og núverandi stjórnarformaður Toyota umboðsins P. Samúelsson hf. Hann segir mestu breytinguna á 35 árum vera aukið frjálsfæði í viðskiptaháttum.

TOYOTAUMBOÐIÐ P. SAMÚELSSON ER 35 ÁRA

# Barðist við almenningsálitið

Það var aldrei ætlun Páls Samúelssonar, stofnanda Toyota umboðsins, að gera bílaviðskipti að ævistarfi. Hann setti stefnuna á nám í fiskiðnaði enda fæddur og uppalinn á Siglufirði.

Síðan bauðst honum að kaupa umboð sem hafði reynt innflutning á Toyotabílum en merkið var lítið þekkt á þeim tíma. „Ég ákvað að slá til og sjá hvað væri hægt að gera,“ segir Páll sem telur að hann hafi rennt blint í sjóinn.

Hann segir samfélagið á þessum tíma hafa verið mun einfaldara en nú og bifreiðamarkaðurinn var smár. „Mest voru Ford, Volvo og Fiat seldir á þessum árum og eins bílar frá Ameríku en það fór dvínandi,“ segir Páll en markaðssetning japanskra bíla hafði ekki gengið sem skyldi.

„Hugarfarið gagnvart japönskum vörum var neikvætt,“ segir Páll og því hafi margir tekið bílunum með varúð. Á þessum tíma voru að koma á markað ýmsar vörur frá Japan sem voru oft á tíðum eftirlíkingar og mun ódýrari en hinar upprunalegu vörur. Páll varð því að berjast við almenningsálitið en viðkvæðið var oft að fólk vildi ekki kaupa japanskt drasl þegar það gat fengið annars konar bíl ódýrari.

Þegar reynsla fór að komast á bílana jókst hróður Toyota. „Auglýsingar höfðu ekki svo mikið að segja á þessum tíma. Það virkaði bara hvað náunginn sagði,“ segir Páll sem telur helstu breytinguna á þessum 35 árum vera aukið frjálsræði. Til dæmis hafi álagning verið skömmtuð árið 1970 og ekki var hægt að vera með bíla til sýnis vegna hárra tollagjalda. Síðar var hægt að fá leyfi til að taka nokkra bíla úr tollinum í eina viku en síðan þurfti að skila þeim og endurnýja svokallað sýningarleyfi. „Manni finnst þetta grátbroslegt í dag,“ segir Páll sem telur hina gífurlegu tæknilegu þróun á síðustu tíu árum af hinu góða.

Páll hefur sjálfur lengst af átt Land Cruiser jeppa. Hann reynir þó einnig að kynna aðra bíla og hefur því keyrt um á Yaris í einhvern tíma. Hann segist vera töluverður bíladellukarl en sé þó sáttur við að hafa bíl sem kemst frá a til b.

---

## JARÐARFARIR

13.00 **Guðmundur Ottesen Gunnarsson**, Skólabraut 5, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju.

13.00 **Páll Marel Jónsson**, Lækjasmára 4, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

15.00 **Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir** frá Ytri-Veðrará verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

15.00 **Ólína Jörundsdóttir**, Eikjuvogi 17, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Pála Elínborg Michelsen** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.




## ANDLÁT

**Ingólfur Jóhannsson**, Iðu, Biskupstungum, andaðist mánudaginn 20. júní.

**Konráð Gíslason** frá Frostastöðum, Furulundi 4, Varmahlíð, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 24. júní.

**Rakel Sæmundsdóttir** hárgreiðslumeistari, Stangarholti 28, Reykjavík, lést á heimili sínu að morgni föstudagsins 24. júní.

**Ásta Laufey Haraldsdóttir** frá Reyni, Krókatúni 18, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 25. júní.

**Bergþóra G. Jónsdóttir**, Hjálmholti 9, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 25. júní.

**Geirmundur Guðmundsson**, Bexhill on Sea, Englandi, áður á Laugarnesvegi 51, Reykjavík, lést á sjúkrahúsi í Englandi laugardaginn 25. júní.

**Guðmundur Skagfjörð Friðþjófsson** frá Siglufirði andaðist á Sjúkrahúsi Siglufjarðar 26. júní.

## AFMÆLI

Hákon Waage leikari er 59 ára.



**Ágúst Guðmundsson** leikstjóri er 58 ára.

**Sigurjón Þórðarson** alþingismaður er 41 árs.





**Sesselja Magnúsdóttir** (Sessý) söngkona er 28 ára.


Ótrúlegt úrval
af sófasettum á vaxtalausu tilboði
Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa
Óseyri 1 Akureyri
Ekta leður
Ekta leður
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 9.990* kr á mán. í 17 mánuði
Verð nú 169.830,-
Vaxtalaus verðsprengja! aðeins 9.990 kr á mán. í 15 mánuði
Verð nú 149.850,-
Vaxtalaus verðsprengja! á mán. í 12 mánuði 8.325 kr
Verð nú 99.900,-
Verð áður 149.900,-
Vaxtalaus verðsprengja! á mán. í 12 mánuði 8.325 kr
Verð nú 99.900,-
Verð áður 149.900,-
Vaxtalaus verðsprengja! á mán. í 12 mánuði 8.325 kr
Verð nú 99.900,-
Verð áður 149.900,-
Leðursófasett 3+1+1 3167
Hornsófi tau áklæði Paris
Hornsófi leður áklæði
Aðeins 4 sett til!
Sérsmíðum eftir þínum þörfum. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.
Ítalskt leðursófasett 3+1+1
Leðursófasett 3+1+1 3002
Leðursófasett 3+1+1 3171
Leðursófasett 3+1+1 3130
Leðursófasett 3+1+1 3058
Leðursófasett 3+1+1 3004
Bycast sófasett 3+1+1 Roma
Leðursófasett 3+1+1 Nice
Stóll 1, 2 eða 3 sæta 601
Gildir til 4. júlí eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## Heyrst hefur ...

... að hinir íslensku eigendur Stoke hafi hafnað tilboði frá Peter Coates, einum af meðeigendum sínum, um að kaupa meirihlutann í félaginu. Þess í stað ætla fjárfestarnir að snúa vörn í sókn og undir forystu nýs knattspyrnustjóra ætlar félagið að gera eina tilraun enn til að koma liðinu í deild hinna bestu á Englandi.

# sport

sport@frettabladid.is

**SIGÞÓR JÚLÍUSSON HARKAÐI AF SÉR:** LÉK SÍÐARI HÁLFLEIK GEGN KR HANDARBROTINN

# *Ætlaði ekki að missa af þessum leik*



Valsarinn Sigþór Júlíusson komst í hann krappan í leik gegn KR í fyrrakvöld er hann braut bein í handarbaki í fyrri hálfleik. „Ég datt illa á höndina eftir návígi í lok fyrri hálfleiks og braut bein. Ég fór í skoðun í dag og fékk spelku sem ég vonast til að geta leikið með. En ég lét lækninn skoða þetta í hálfleiknum og hann batt fast um höndina þannig að ég gat klárað leikinn. Það er vissulega erfitt að spila með aðra höndina brotna en það er samt ekkert sem maður hugsar um meðan á leiknum stendur. Ég hefði látið Willum vita ef ég hefði ekki treyst mér áfram en það gekk allt vel og ég þurfti aldrei að biðja um skiptingu,“ segir Sigþór, sem ætlar að láta það ráðast á morgun hvort hann treysti sér til að leika gegn Þrótti annað kvöld.

Sigþór segir að hann hefði örugglega haldið áfram sama hver andstæðingurinn var. „En það skemmdi ekkert fyrir að það var KR. Ég vildi alls ekki fara út af í svona leik. Leikir þessara liða eru líka alltaf stórir og maður vill ekki missa af þeim,“ segir Sigþór sem lék í sjö ár með KR áður en hann skipti yfir í Val fyrir núverandi tímabil. Hann reyndar lék með Val í tvö ár áður en hann gekk til liðs við KR. En hann segir að það hafi verið gott að vinna sigur á gömlu félögunum. „En það er auðvitað gott að vinna alla leiki. Við urðum líka að fá sigurleik nú eftir að hafa tapað síðustu tveimur leikjum til að koma okkur aftur af stað.“

Forysta FH í Landsbankadeildinni er því enn sex stig en hefði verið níu ef Valur hefði ekki unnið KR í gær. „Jú, það var auðvitað gott að forskot þeirra skyldi ekki aukast en við þurfum fyrst og fremst að hugsa um okkar leik. Ef við höldum áfram að hala inn stigin verðum við ánægðir og það væri ekki verra ef FH-ingar misstíga sig. Það segir sig sjálft að mótið er ónýtt ef þeir fá að komast upp með að vinna alla leiki.“

## > Við samgleðjumst ...

... Þórði Guðjónssyni, eina íslenska leikmanninum í herbúðum Stoke, sem væntanlega horfir fram á nýja tíma með liðinu á næstu leiktíð. Þórður, sem var sveltur af tækifærum með Stoke í fyrra, starfaði með Johan Boscamp, væntanlegum stjóra félagsins, hjá Genk fyrir nokkrum árum og kom þeim mjög vel saman.



## > Við skiljum ekki ...

.... vinnubrögðin sem eru í hávegum höfð hjá forráðamönnum Stoke. Að gera samning við knattspyrnustjóra og reka hann tveimur mánuðum síðar er ekki aðeins furðulegt heldur einnig vandræðalegt fyrir alla þá sem eiga hlut að máli. Í kjölfarið hefur Stoke tvo stjóra á launaskrá næsta árið með tilheyrandi kostnaði.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

26 27 28 **29** 30 31 1

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

☐ 19.15 **ÍA** fær **ÍBV** í heimsókn í Landsbankadeild Karla.

### SJÓNVARP

☐ 17.15 **Olíssport** á Sýn.

☐ 18.30 **Álfukeppnin – úrslitaleikur** á Sýn.

☐ 21.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.

☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.

☐ 22.20 **Formúlukvöld** á RÚV.

☐ 23.15 **Álfukeppnin – úrslitaleikur** á Sýn.

# Tony Pulis rekinn frá Stoke City

**Hin íslenska stjórn knattspyrnufélagsins Stoke City rak í gær þjálfara sinn til síðustu þriggja ára, Tony Pulis, aðeins tveimur mánuðum eftir að hafa skrifað undir nýjan samning við hann.**

**FÓTBOLTI** „Hann stóð sig ágætlega en hann virtist einhverja hluta vegna ekki geta fylgt þeirri stefnu okkar að leita á erlenda markaði eftir liðsstyrk. Því fórum við þá leið að láta hann fara,“ sagði Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke, við Fréttablaðið í gær spurður um ástæðu þeirrar ákvörðunar að reka Pulis.

Fréttir af brottvikningu Pulis vöktu mikla athygli í knattspyrnuheiminum í Bretlandi í gær, sérstaklega í ljósi þess að ekki eru liðnir nema rétt um tveir mánuðir síðan stjórnin framlengdi samning sinn við Pulis og lýsti yfir mikilli ánægju með hans störf.

„Þegar hann skrifaði undir samninginn fyrr á árinu stóð til að hann myndi leita meira til Evrópu að nýjum leikmönnum en hugur hans virðist ekki fylgja máli í þeim efnum,“ segir Gunnar Þór.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að brottvikning Pulis eigi sér töluverðan aðdraganda og að ákvörðun um að reka hann hafi legið fyrir í upphafi mánaðarins. Er það helst fyrir tilstuðlan Magnúsar Kristinssonar, stjórnarformanns Stoke Holding, sem Pulis er látinn fara, en Stoke Holding er fjárfestingarfyrirtækið sem stóð á bak við yfirtöku íslensku fjárfestanna á félaginu árið 1999.

Magnús hefur ekki farið leynt með mislíkan sína á starfsaðferðum Pulis í gegnum tíðina en honum virðist vera fyrirmunað að nota íslenska leikmenn í sínu liði. Skemmst er að minnast orða Magnúsar í samtali við Fréttablaðið 29. apríl sl. „Ég mun ekki eyða meiri pening í þetta félag á meðan Tony Pulis er við stjórn.“

Gunnar Þór vildi ekkert segja til um hvort brotthvarf Pulis yrði til þess að Magnús myndi setja pening í félagið á nýjan leik og vísaði á Magnús sjálfan til að svara því. Ekki náðist í Magnús vegna málsins í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Gunnar Þór hefur boðað til blaðamannafundar í dag þar sem búist er við að arftaki Pulis verði kynntur til sögunar. Gunnar Þór vildi ekkert segja um hver sá maður væri en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun það vera Hollendingurinn Johan Boscamp, sem meðal annars hefur þjálfað belgísku liðin Anderlecht og Genk. **vignir@frettabladid.is**



**TONY PULIS** Náði góðum árangri hjá Stoke þrátt fyrir að hafa verið með lítið fjármagn á milli handanna á þeim tæplega þremur árum sem hann var hjá félaginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




# MasterCard Open

**2. - 3. júlí, Jaðarsvelli, Akureyri**

***Leikfyrirkomulag***
Leikinn verður punktaleikur, 7/8 forgjöf.

***Glæsileg verðlaun***
Verðlaun fyrir 1.-3. sæti, bæði með og án forgjafar. Einnig lengsta teighögg, nándarverðlaun og dregið úr skorkortum.

100.000 kr. MasterCard ferðaávísun fyrir holu í höggi.

***Mótsgjald***
Mótsgjald kr. 3.500. 50% afsláttur ef greitt er með MasterCard.

***Skráning***
Skráning á www.golf.is og í síma **462 2974** til kl. 18, föstudaginn 1. júlí. Mótið hefst laugardaginn 2. júlí kl. 9.

Frekari upplýsingar á www.kreditkort.is/klubbar og www.golf.is.

MasterCard


Toppslagurinn í Landsbankadeild kvenna:

## Rakel tryggði Val öll stigin

**FÓTBOLTI** Ótrúlegt mark Rakelar Logadóttur beint úr hornspyrnu þremur mínútum fyrir leikslok tryggði Valsstúlkum þrjú dýrmæt stig í toppslagnum gegn KR í Landsbankadeild kvenna.

Valur sýndi gríðarlegan karakter með því að koma til baka eftir að Hrefna Jóhannesdóttir hafði komið KR-ingum yfir í upphafi síðari hálfleiks. Laufey Ólafsdóttir jafnaði metin skömmu síðar og eins og áður segir var það Rakel sem reyndist hetja liðsins á lokamínútunum. **-vig**



**HETJAN** Rakel skoraði ótrúlegt mark undir lok leiksins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Jackie Stewart, þrefaldur heimsmeistari í formúlu 1:

## Vill að Max Mosley segi upp

**FORMÚLA** Uppákoman í Formúlu 1 kappakstrinum í Indianapolis um þar síðustu helgi ætlar heldur betur að draga dilk á eftir sér og nú hefur Jackie Stewart, fyrrum heimsmeistari í greininni, lagt til að Max Mosley, forseti alþjóða akstursambandsins, segi af sér vegna málsins.

„Ég hef aldrei orðið vitni að öðru eins klúðri og því sem varð á brautinni í Indianapolis síðan ég hóf að fylgjast með akstursíþróttum,“ segir Stewart. „Mosley hefur misst allt traust og hann verður að átta sig á stöðunni sem hann er kominn í. Þeir sem stjórna liðunum verða að bera trausts til yfirmanns íþróttarinnar. Svo er ekki nú.“ **-vig**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild kvenna:*

| | |
|---|---|
| STJARNAN–ÍBV | 2–3 |
| FH–BREIÐABLIK | 0–7 |
| KR–VALUR | 1–2 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BREIÐABLIK | 7 | 7 | 0 | 0 | 28–5 | 21 |
| **VALUR** | **7** | **6** | **0** | **1** | **33–9** | **18** |
| KR | 7 | 4 | 0 | 3 | 23–13 | 12 |
| **ÍBV** | **7** | **4** | **0** | **3** | **25–17** | **12** |
| KEFLAVÍK | 7 | 3 | 0 | 4 | 16–23 | 9 |
| **STJARNAN** | **7** | **2** | **0** | **5** | **8–20** | **6** |
| FH | 7 | 2 | 0 | 5 | 6–21 | 6 |
| **ÍA** | **7** | **0** | **0** | **7** | **6–37** | **0** |

*1. deild karla:*

| | |
|---|---|
| VÍKINGUR Ó.–KA | 0–3 |

## ÚR SPORTINU

**Mateja Kezman**, serbneski sóknarmaðurinn sem eyddi stærstum hluta síðustu leiktíðar sitjandi á varamannabekk **Chelsea**, er genginn til liðs við **Atletico Madrid** á Spáni. Hinn 26 ára gamli Kezman skoraði aðeins fjögur deildarmörk í 24 leikjum fyrir **Chelsea** á síðustu leiktíð eftir að hafa komið frá **PSV** fyrir fimm milljónir punda síðasta sumar.



Með brotthvarfi **Kezman** er ekki hægt að segja annað en að sóknarlína Chelsea sé afar þunnskipuð. Í dag skipa hana aðeins tveir leikmenn, **Eiður Smári Guðjohnsen** og **Didier Drogba**, en forráðamenn félagsins eru í leit að nýjum sóknarmanni. Nafn **Fernando Torres** hjá Atletico hefur helst verið nefnt í því samhengi en forseti félagsins, Enrique Cerezo, var fljótur að binda enda á þær vangaveltur. „**Roman Abramovich** getur gleymt því að fá Torres,“ sagði hann í gær.

Rætt hefur verið um að **Chelsea** gæti farið þá leið að selja **Hernan Crespo** ekki til **AC Milan** eins og til stóð, en þar var hann á láni allt síðasta tímabil og sló í gegn á Ítalíu. Að sögn Ariedo Braida, stjórnarformanns AC Milan, hafa félögin náð samkomulagi um framlengingu lánssamningsins en það sé ekki komið á hreint hvort skrifað verði undir þá samninga. „Chelsea er að reyna að sannfæra Crespo um að koma aftur til London,“ segir Braida.

**Jóhann Hreiðarsson**, miðjumaðurinn sem hefur verið í láni hjá **Víking** frá **Val** síðasta mánuðinn, hefur náð munnlegu samkomulagi um að verða áfram í láni hjá félaginu út sumarið. Eru þetta mjög góð tíðindi fyrir Víking þar sem Jóhann hefur verið fastamaður í liðinu frá því að hann kom og spilað mjög vel.

**Newcastle** hefur sektað franska vængmanninn **Lauren Robert** um tveggja vikna laun, jafnvel þó að sala hans til **Portsmouth** sé nánast frágengin. Robert fær sektina fyrir að láta ærumeiðandi orð falla um stjóra Newcastle, **Graeme Souness**. „Við höfðum orðið Evrópumeistarar á síðustu leiktíð hefði hann haft vit á að átta sig á hvað var í gangi. Hann er bara barn. Ef hann heldur svona áfram verður hann rekinn og það á hann skilið,“ sagði **Robert** um **Souness**, sem var í kjölfarið ekki lengi að losa sig við franska ólátabelginn.



Aðstoðarþjálfari Man.Utd, **Carlos Queiroz**, lýsti því yfir í gær að portúgalski miðjumaðurinn **Cristiano Ronaldo** sé fjarri því að vera á leið burt frá félaginu. **Barcelona** og **Real Madrid** eru sögð mjög áhugasöm um það að fá **Ronaldo** í sínar raðir fyrir næstu leiktíð en hann hefur áður lýst því yfir að hann vilji fá nýjan og bættan samning hjá Man. Utd. „Ronaldo er einn af leikmönnum sem liðið mun verða byggt í kringum á næsta ári og það væri fráleitt af okkur að láta hann fara. Hann er leikmaður í þeim gæðaflokki sem við verðum að hafa í liðinu, svo einfalt er það,“ segir **Queiroz**.



Úrslitaleikur Álfukeppninnar fer fram í kvöld:

# Ronaldinho lofar mögnuðum úrslitaleik

**FÓTBOLTI** Brasilíumenn mæta Argentínumönnum í úrslitaleik Álfukeppninnar í Þýskalandi í dag.

Búast má við fjörugum leik, en landslið beggja þjóða hafa ávallt spilað skemmtilega knattspyrnu. Ronaldinho, leikstjórnandinn frábæri í liði Brasilíumanna, lofaði skemmtilegum leik þegar hann ræddi við fréttamenn í gær.

„Þetta verður magnaður leikur. Argentínumenn eru með marga góða leikmenn sem við verðum að passa vel. Við eigum þó að hugsa um að hafa gaman af leiknum, því svona leikir fara ekki fram á hverjum degi. Ef við náum að spila fótbolta eins og við viljum spila hann þá eigum við að vinna þennan leik.“

Leikurinn fer fram í Frankfurt og hefst bein útsending frá leiknum klukkan hálfsjö á Sýn.

-mh



**RONALDINHO Í LEIK MEÐ BARCELONA.** Ronaldinho verður í eldlínunni með landsliði Brasilíu, sem þykir sigurstranglegra í úrslitum Álfukeppninnar gegn Argentínu í dag.

Intersport-deildin:

# Jón aftur á heimaslóðir

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn Jón Ólafur Jónsson hefur snúið aftur á kunnuglegar slóðir í úrvalsdeildinni í körfubolta, en í gær var staðfest að hann færi frá KR og gengi til liðs við sitt gamla félag Snæfell í Stykkishólmi. Jón fékk lítið að spreyta sig með Vesturbæjarliðinu í fyrra, en hefur nú lokið námi sem hann stundaði í Reykjavík að mestu og ákvað því að snúa aftur.

„Þar er líka mun meiri spilatími í boði eftir að Fannar kom í KR, þannig að beinast lá við að fara í Hólminn aftur,“ sagði Jón Ólafur í samtali við Fréttablaðið í gær.

-bb



# BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**KALLI Á ÞAKINU**

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14




Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

# Helsinki bjálkahús



Gullfalleg bjálkahús ca. 54 fm með 13 fm verönd á ótrúlegu verði. Hægt að fá á ýmsum byggingarstigum.

**Upplýsingar: Goddi ehf.**

Auðbrekku 19, 200 Kópavogur. sími 544 55 50

**KERRA LCI-880**



392x134cm, galv.
Burðarg. 270 kg.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



**BÁTAKERRA LCI-887**

548x170cm. galv. með spili. Burðarg. 545 kg.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

**KERRA LCI-830**



Fáanleg einnig með bátastandi og vélhjólastandi

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

**KERRA LCI-850**



Burðarg. 530 kg.
Samanbrjótanleg og hægt að keyra upp á af götu.

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550



FM 98,9 BYLGJAN

**Lífsaugað**

Þriðjudagskvöld 22-24

Þórhallur miðill


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Erfitt að vera mjóna

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ER ORÐIN ÞREYTT Á HOLDAFARSFORDÓMUM



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Hæ, ég heiti Hilda og ég er mjóna. Ég hef verið mjóna frá því að ég fæddist og allar líkur benda til þess að ég haldi áfram að vera mjóna. Í samfélagi eins og okkar er erfitt að vera grannholda. Ég veit að þetta hljómar fáránlega því það að vera mjór og spengilegur virðist vera æðsti draumur hvers einstaklings. Allir eru í megrun! Þrátt fyrir megrunar- og líkamsræktaræði sem herjar á landann þá virðist sem Íslendingar séu að verða feitari og feitari. Þetta segja allavega rannsóknirnar, við erum jafnvel að verða feitari en Kaninn og þá er nú mikið sagt!

Ég held að þetta sé rétt. Það er allavega farið að þykja svo eðlilegt að vera feitlaginn eða að minnsta kosti að vera með nokkur aukakíló utan á sér að við mjóa fólkið erum að verða útdauð. Ég veit að feitt fólk þarf að berjast við fordóma og áreiti en það sem fæstir vita er að við mjónurnar gerum það líka, bara á annan hátt. Í sífellu fáum við að heyra athugasemdir eins og „Hrikalega ertu mjó!" eða „Borðarðu ekki örugglega nóg??" Aldrei myndi fólk hreyta því í feitlagna manneskju hversu feit hún væri og hvort hún borðaði ekki alveg hrikalega mikið nammi. Nei, það virðist vera allt annað mál.

Ég verð að viðurkenna að þessi þröngsýni gerir mig ansi reiða. Fólk heldur að það sé hægt að segja hvað sem er við okkur granna fólkið en tiplar svo á tánum í kringum feitara fólk. Flestir eru þannig gerðir að þeir fíla illa að minnst sé á holdafar þeirra. „Heyrðu, þú ert nú bara með frekar flatan rass!" eða „Vá, þú ert með svo stórar mjaðmir að þú ert eins og pera í laginu!," eru setningar sem ég hugsa að fáir myndu taka svona: „Haha! Finnst þér það? Eins og pera? En fyndið!" Þetta snýst allt um að bera virðingu fyrir tilfinningum náungans og asnast til að sleppa þessum leiðindakommentum, það ætti ekki að vera svo erfitt. Verum nú góð hvort við annað.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Einleikir á Ísafirði

**Leiklistarhátíð verður haldin á Ísafirði dagana 30. júní til 3. júlí þar sem settar verða upp tíu sýningar með einungis einum leikara. Þekktir leikarar munu halda á Vestfirði og taka þátt í hátíðinni, sem er bæði þjóðleg og alþjóðleg.**

„Hátíðin er dálítið sérstæð því á henni verða eingöngu sýndir einleikir. Sýndir verða tíu einleikir sem allir eru atvinnusýningar og kemur einn þeirra alla leið frá Króatíu en sá sem stendur fyrir honum flúði Júgóslavíu þegar stríðið geisaði þar og bjó hér á Flateyri um tveggja ára skeið,“ segir Elfar Logi Hannesson leikari, sem stendur fyrir leiklistarhátíðinni Act Alone á Ísafirði frá 30. júní til 3. júlí. Auk þess að skipuleggja hátíðina sýnir Elfar Logi einleik sinn um Gísla Súrsson sem hann frumsýndi fyrr á árinu.

„Ég hef verið að fást við þetta leikhúsform síðustu fjögur árin, mér fannst það við hæfi að slík hátíð væri haldin hér á Ísafirði þar sem Komedíuleikhúsið, sem er eina atvinnuleikhúsið hér á Vestfjörðum, hefur eingöngu sett upp slíka einleiki frá árinu 2001. Einleiksformið hefur smátt og smátt verið að hasla sér völl hér á Íslandi og sum hafa gengið afskaplega vel svo sem eins og Hellisbúinn. Ég held að við séum rétt að byrja að snerta á þessu merkilega leikhúsformi og við eigum eftir að kanna margar leiðir hvað það varðar. Það er ofboðslega mikil ögrun fyrir leikara að standa einn á sviðinu,“ segir Elfar.

Elfar segir að líkja megi einleikhúsforminu við það þegar menn á Íslandi flökkuðu á milli bæja fyrr á öldum, sögðu sögur og léku og fengu að éta í staðinn. „Fæstir þessara manna hafa auðgast af fé en flestir hafa þeir auðgast á sálinni fyrir vikið,“ segir Elfar um þessa íslensku einleikara fortíðarinnar.

„Þetta er erfitt, en þetta er besta tilfinning í heimi eins og einhver sagði og verðlaunin eru góð því maður þroskast mikið á því að fást við þetta,“ segir Elfar um einleiksformið.

Þekktir leikarar munu leggja leið sína vestur á hátíðina. Ilmur Kristjánsdóttir mun setja upp einleik sinn Ausa sem sýndur var í Borgarleikhúsinu, Hörður Torfason mun sýna einleik sem hann kallar Sögur og söngvar frá eyjunni æ og Hallveig Thorlacius setur upp Egilssögu. Á hátíðinni verður frumflutt nýtt útvarpsleikrit eftir Guðmund Oddsson sem heitir Síðasta segulband Hrapps og svo rekur hver einleikurinn annan á hátíðinni.

Ókeypis er inn á dagskrárliði hátíðarinnar. ■



**ELFAR LOGI HANNESSON** Í hlutverki sínu í einleiknum um Gísla Súrsson sem hann frumsýndi 18. febrúar í félagsheimilinu á Þingeyri. Elfar mun sýna einleikinn á hátíðinni sem fram fer á Ísafirði dagana 30. júní til 3. júlí.



**IFE TOLENTINO OG FÉLAGAR** Brasilíski gítarleikarinn og söngvarinn Ife Tolentino heldur tvenna tónleika í Reykjavík í ásamt þekktum íslenskum jassistum.

## Heit brasilísk tónlist

Brasilíski söngvarinn og gítarleikarinn, Ife Tolentino er staddur á Íslandi og heldur tvenna tónleika í vikunni ásamt nokkrum þekktum íslenskum jassistum. Þeir fyrri verða á Grand Rokk á miðvikudagskvöldið 29. júní kl 22:00 og þeir seinni í Iðnó, föstudagskvöldið 1. júlí, kl 21:30. Með Ife spila þeir Óskar Guðjónsson á saxófón, Ómar Guðjónsson á gítar og Matthías Hemstock og Þorvaldur Þór Þorvaldsson á slagverk.

„Þetta er ósvikin samba-og bossanova-tónlist. Brasilíumaðurinn er að kenna okkur nýja takta því þetta er efni sem heyrist ekki oft hér á landi. Þetta er efni í anda gömlu meistaranna, Carlos Jobim, Stan Getz og Joao Gilberto og við erum að reyna að flytja þessa tónlist eins og þetta á að vera gert,“ segir Þorvaldur Þorvaldsson slagverksleikari og bætir því við að mikið verði á efnisskránni af brasilískum þjóðlögum sem Ife Tolentino hefur spilað alla sína tíð, allt frá því að hann var barn á götunum í Sao Paulo en Ife býr núna í London þar sem hann matreiðir sjóðheitt samba ofan í Englendinga. ■


GERÐUBERG

**Stefnumót við safnara II**
Stefnumót við safnara II
Brotajárnsverk, stríðsminjar, innkaupapokar og margt fleira!
Ókeypis aðgangur!

**Lóa Guðjónsdóttir**
sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum

**Menningarmiðstöðin Gerðuberg verður lokuð vegna sumarleyfa starfsfólks frá 1. júlí - 15. ágúst.**

www.gerduberg.is

Keramik fyrir alla

**Sumarnámskeið**



**Ennþá laust á vinsælu barnanámskeiðin.**
Ein vika, allt innifalið kr. 8900.-
Bókið núna.
**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is







# Angelia sögð bera barn Brads



Bandarísk tímarit sem sérhæfa sig í sögum og slúðri af fræga fólkinu telja sig hafa traustar heimildir fyrir því að leikkonan Angelina Jolie beri barn undir belti og að faðir þess sé enginn annar en sjálfur erkisjarmörinn Brad Pitt. Þessi kynþokkafullu skötuhjú sem gera það gott saman í grín- og spennumyndinni Mr. and Mrs. Smith um þessar mundir hafa verið treg til þess að gangast við því að ástin kraumi á milli þeirra en slúðurblaðamenn ytra telja víst að þeim gæti reynst erfitt að halda því leyndu öllu lengur að Angeline sé ófrísk.

„Þau hafa pukrast með svo mörg leyndarmál undanfarið að það kæmi engum á óvart ef þau lumuðu á einu til viðbótar; að þau séu að hugsa um að eignast barn saman og jafnvel að Angelina sé nú þegar þunguð,“ segir einn heimildarmanna Star Magazine en blaðið heldur því fram að Jolie sé gengin þrjá mánuði.

Angelina og Brad hafa ekki farið leynt með það að bæði eigi þau sér drauma um að stofna stóra fjölskyldu þó þau vilji ekki viðurkenna að þau hafi í hyggju að láta drauminn rætast í sameiningu.

Angelina sem er 30 ára hefur ekki farið í grafgötur með það að hún sé barnelsk en hún ættleiddi drenginn Maddox frá Kambódíu fyrir þremur árum. „Ég laðast að fæddum börnum. Ég trúi því að mér sé ætlað að finna börnin mín um víða veröld en ekki endilega að fæða þau sjálf,“ sagði Angelina á sínum tíma en tilfinningar hennar í garð Pitts gætu hafa breytt þessu en leikarinn á víst enga ósk heitari en að verða pabbi. ■



**ANGELINA, BRAD OG MADDOX** Þessi litla vísitölufjölskylda gæti stækkað fljótlega ef marka má sögusagnir um að Angelina jolie sé gengin þrjá mánuði á leið en þá ætti henni og Brad Pitt að fæðast erfingi í kringum áramótin.



**KK OG ELLEN** Systkinin KK og Ellen byrja tónleikaferð sína um landið í Borganesi í kvöld.

# Afslöppun í vernduðu umhverfi

Tónlistarsystkinin Ellen Kristjánsdóttir og bróðir hennar Kristján, eða KK, ætla í tónleikaferðalag um landið sem hefst í Borgarneskirkju í kvöld klukkan 20:30.

Þau ætla að spila lög frá löngum og farsælum ferli beggja í bland við nýjar perlur sem þau hafa tekið inn á efnisskrána undanfarið ásamt nokkrum tökulögum. Síðustu vikurnar hafa þau komið fram á nokkrum tónleikum við fínar viðtökur og skemmst er að minnast tónleika á Kirkjudögum þar sem þau léku í troðfullri Hallgrímskirkju.

„Þetta eru svo góðir tónleikastaðir til að spila á. Þetta er ekki tónlist sem passar inni á krám. Fyrir nokkru síðan vorum við beðin um að spila í Hveragerðiskirkju og gekk svo vel að við vorum beðin um að halda fleiri svona tónleika,“ segir KK, sem hélt nokkra kirkjutónleika einn með kassagítarinn síðasta sumar. „Mig langaði að spila afslappaða tónlist í vernduðu umhverfi. Í kirkjunum getur fólk setið inni afslappað, lokað augunum og slakað á. Þetta er mjög gott bæði fyrir þá sem spila og hlusta.“

Þetta verður fyrsta tónleikaferðin sem KK og Ellen fara í saman. „Þetta verður alveg frábært. Það hefur alltaf legið við að myndum gera eitthvað saman, til dæmis gera plötu. En það hefur verið svo mikið að gera að við höfum ekki komist í þetta. Fyrir utan það að við erum systkini erum við líka mjög góðir vinir þannig að þetta verður gaman.“

**TÓNLEIKAFERÐ ELLENAR OG KK:**
MIÐVIKUDAGURINN 29. júní kl. 20.30
> Borgarnes – Borgarneskirkja
FIMMTUDAGURINN 30. júní kl. 21.00
> Akureyri – Græni Hatturinn
FÖSTUDAGURINN 1. júlí kl. 20.30
> Siglufjörður – Siglufjarðarkirkja
LAUGARDAGURINN 2. júlí kl. 20.30
> Miðfjörður – Melstaður
SUNNUDAGURINN 3. júlí kl. 14.00
> Hólmavík – Hólmavíkurkirkja
MÁNUDAGURINN 4. júlí kl. 20.00
> Hólar – Hólakirkja

# Fleiri ferðalög koma út

Hinn 1. júlí kemur út platan „Fleiri ferðalög“ með KK og Magga Eiríks á vegum Zonet-útgáfunnar. Um er að ræða framhald hinnar vinsælu plötu „22 ferðalög“ sem kom út fyrir tveimur árum.

Eins og á fyrri plötunni er allur flutningur í höndum þeirra KK og Magga Eiríks, nema í einu lagi þar sem gestasöngvarinn Þorlákur K. Morthens, eða Tolli, spreytir sig á Hlíðarendakoti. Á meðal annarra laga eru: Lóa litla á brú, Kveikjum eld, Þú ert ungur enn og Bjössi á mjólkurbílnum. Fyrir þá sem vilja spreyta sig á gítarslætti og söng, fylgja textar og gítarhljómar með eins og á fyrri plötu þeirra félaga.

Upptökur á plötunni voru í höndum Óskars Páls Sveinssonar og fóru þær fram í bústað hans við Meðalfellsvatn í Kjós fyrr á árinu. ■




**FLEIRI FERÐALÖG** KK og Maggi Eiríks slógu í gegn með plötunni 22 ferðalög fyrir tveimur árum. Nú kemur út framhald þeirrar plötu.






**ANIMA** Kvartettinn Anima er á leiðinni í tónleikaferðalag um heiminn með Sigur Rós.

# Rosalega spenntar

Kvennakvartettinn Amina er á leiðinni í tónleikaferð um heiminn með Sigur Rós sem hefst í Bretlandi 8. júlí. Hljómsveitin mun bæði hita upp fyrir Sigur Rós og spila með þeim á tónleikum.

„Þetta er bara alveg frábært. Það er rosa spenningur í okkur,“ segir Hildur Ársælsdóttir. Anima hefur í áranna rás spilað með Sigur Rós á tónleikum víðs vegar um heiminn en núna fær hún að spila sitt eigið efnið í fyrsta sinn. „Þetta er frábært tækifæri. Ætli við höfum ekki mest spilað okkar eigið efni fyrir milli 500 og 1000 manns en stærsti staðurinn sem við förum á núna er fyrir tólf þúsund manns í Hollywood Rose. Þetta er rosalega sterkt fyrir okkur,“ segir Hildur.

Amina gerði nýverið samning við bandaríska plötuframleiðandann The Worker's Institute og er nýjasta smáskífa sveitarinnar, Animamina, komin í dreifingu út um allan heim. Kvartettinn stefnir síðan að því að gefa út stóra plötu í byrjun næsta árs, skömmu eftir að tónleikaferðalaginu lýkur. ■


Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30






Lokað í dag.
Útsalan hefst á morgun.
Allar vörur með 40% afslætti.

NOA NOA®
Kringlan - 553 3536







# Heimurinn hrifsaður úr hendi jarðarbúa

**Í kvöld verður nýjasta kvikmynd Steven Spielberg, War of the Worlds, frumsýnd en hún er byggð á samnefndri skáldsögu H.G Wells sem kom út árið 1898. Í aðalhlutverkum eru þau Tom Cruise, Dakota Fanning og Tim Robbins.**

Söguþráður War of the Worlds er á þá leið að hafnarverkarmaðurinn Ray Ferrier fær óvænta heimsókn frá fyrrverandi eiginkonu sinni og eiginmanni hennar. Ray þarf að sjá um börnin sín tvö yfir eina helgi því þau ætla að bregða sér út úr bænum. Skömmu síðar brestur á stormur með eldingum. Fyrr en varir kemur þrífætt stríðsvél utan úr geimnum upp úr jörðinni og eyðileggur allt í kringum sig. Á þeirri stundu verður ljóst að þessar geimverur eru ekki komnar til þess að eignast vini heldur ætla þær að útrýma öllu lífi á jörðinni. Ferrier neyðist því til að gera allt sem í hans valdi stendur til að halda lífi í börnunum sínum. Ray Ferrier er alls engin hetja og það var heldur aldrei ætlunin. Ferrier er maður á flótta sem vill halda fjölskyldu sinni á lífi. Steven Spielberg sagði enda strax við Tom Cruise, sem leikur Ray, að hann langaði til að gera kvikmynd með honum þar sem Cruise væri ekki maðurinn sem bjargaði málunum.

### Ekki venjulegar Spielberg – geimverur

War of the Worlds er ekki fyrsta kvikmynd Spielbergs um geimverur og kynni jarðarbúa af þeim. Close Encounters of the Third Kind fjallaði um frekar vinaleg samskipti jarðarbúa og geimvera. E.T varð árið 1982 fjölskylduvinur allra og setningin „E.T, phone home“ fékk ófáa til að fella tár.

Það má því segja að Spielberg vendi kvæði sín í kross með War of the Worlds, því geimverurnar í myndinni eru langt frá því að vera vingjarnlegar. Myndin er því sögð endurspegla þann mann sem Spielberg er í dag og hverslags heimssýn hann hefur. Sjálfur segist Spielberg hafa langað til þess að gera ógnvekjandi kvikmynd með hræðilegum geimverum, eitthvað sem hann hefur ekki gert áður.



**TOM CRUISE** Leikur Ray Ferrier sem reynir af öllum mætti að halda fjölskyldu sinni á lífi



**STEVEN SPIELBERG** Það er óhætt að segja að Spielberg sé gullkálfur í Hollywood. Þetta er þó í fyrsta skipti sem geimverur í mynd hans eru óvinveittar.



**OFSAHRÆÐSLA** Ógnvænlegar geimverur gera árás á jörðina til þess að ná henni undir sig

Versti óvinur heimsendamynda eru klisjur sem fá áhorfendur oft til að snúast gegn myndunum. Hversu oft hefur ekki frægum byggingum á borð við Hvíta húsinu Frelsisstyttunni eða Manhattan-eyjunni verið eytt? Handritaliðið ásamt Spielberg bjó því til lista yfir þau atriði sem ekki ættu að vera í myndinni. Spielberg var harðákveðinn í að hvorki sögulegar né frægar byggingar yrðu eyðilagðar, engin atriði með hershöfðingjum að ýta til skipum á korti eða fréttamenn að taka myndir af eyðileggingu. „Enga Marsbúa heldur, við höfum farið til Mars og þar er enginn,“ lét Spielberg hafa eftir sér.

### Stóru karlarnir í Hollywood

Steven Spielberg er án nokkurs vafa einn allra vinsælasti leikstjórinn í sögu Hollywood. Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd var Sugarland Express með Goldie Hawn og var hún valin til að keppa um gullpálmann í Cannes. Næsta mynd hans lagði síðan grunn að nánast óstöðvandi velgengni en það var kvikmyndin Jaws. Síðan þá hefur Spielberg trekkt kvikmyndahúsagesti á myndir sínar undanfarna áratugi og nægir þar að nefna Indiana Jones-myndirnar og Saving Private Ryan, að ógleymdri Óskarsverðlaunamynd hans Schindler's List.

Þetta er í annað skiptið sem Tom Cruise og Steven Spielberg vinna saman en þeir gerðu síðast Minority Report. Cruise hefur þrisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna. Hann sló í gegn í kvikmyndinni Risky Business árið 1983. Hann varð alþjóðleg ofurstjarna eftir að hafa þeyst um, til skiptis, á mótórhjóli og orrustuflugvél í Top Gun.

Ólíkt öðrum sem hafa toppað snemma á ferlinum þá hefur Cruise hvergi slegið slöku við heldur tekið sér stöðu meðal valdamestu manna í Hollywood. Hann hefur samfara kvikmyndaleik framleitt nokkrar kvikmyndir þar á meðal Mission:Impossible myndirnar auk kvikmynda á borð við Vanilla Sky, Narc og The Last Samurai.

Það er Dakota Fanning sem leikur Rachel Ferrier, dóttur Cruise en þessi unga leikkona hefur sýnt góð tilþrif í myndum á borð við I Am Sam með Sean Penn og Man on Fire með Denzel Washington. Þá hefur hún leikið í þáttaröðum á borð við The Practice, Malcolm in the Middle og Spin City.

freyrgigja@frettabladid.is









FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HANN Á AFMÆLI Í DAG** Brúðubíllinn var með afmælissýninguna Hann á afmæli í dag á Holtsvelli í Kópavogi á mánudaginn.

# Starfsafmæli Brúðubílsins

„Við höfum verið að sýna þetta leikrit í júní. Sýningin er tileinkuð minningu vinkonu minnar Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur en hún studdi svo vel við bakið á íslensku brúðuleikshúsi og leikhúsi almennt. Í júlí munum við svo sýna við annað leikrit sem heitir Bim Bamm," segir Helga Steffensen sem á þessu ári fagnar 25 ára starfsafmæli sínu sem leikhústjóri Brúðubílsins

„Þetta er alveg rosalegur fjöldi sem hefur séð þessar 40 sýningar sem við höfum sett upp í júní og svo kemur annað eins í júlí. Það hafa yfirleitt verið að koma svona 500 til 700 krakkar á sýningu hjá okkur það sem af er," segir Helga.

Næsta sýning Brúðubílsins verður 4. júlí klukkan 14 í Austurbæjarskóla og svo mun bíllinn halda út á land, til Hafnar í Hornafirði, til Vestmannaeyja, Dalvíkur og fleiri staða. „Krakkarnir úti á landi verða líka að fá að sjá Brúðubílinn og því reynum við að fara á eins marga staði og við getum. Það er voða gaman að sýna krökkunum úti á landi, „ segir Helga

Auk Helgu sér Vigdís Másdóttir um að skemmta áhorfendum Brúðubílsins. ■

# Chino og Draumagengið

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Það er svo skrýtið þegar erlendar sveitir minna mann á íslenskar sveitir. Sérstaklega þegar maður veit að það er ekki séns að þær erlendu hafi nokkuð tímann heyrt í þessum íslensku. Team Sleep, sem er hliðarverkefni Deftones-söngvarans Chino Moreno, minnir mig heilmikið á Ensími. Þessar sveitir eru ekki bara í svipuðum pælingum þegar kemur að því að bræða saman elektróník við hart rokk, heldur eru lagasmíðar þeirra ekki svo ósvipaðar. Í stuttu máli, þetta hljómar eins og söngvari Deftones hefði ráðið til sín meðlimi Ensími og útsósað þá í The Cure áður en upptökur hófust.

Þar sem ég var mjög ósáttur við síðustu plötu Deftones kemur þessi plata eins og ferskur blær frá Chino. Team Sleep virðist vera opnari fyrir tilraunastarfssemi og söngvarinn fær að njóta sín mun betur hér, þar sem hann er ekki stöðugt umkringdur skerandi gíturum. Hann syngur þó ekki öll lögin; eitt af athyglisverðari lögunum, Tomb of Liega, syngur kvenliðsmaður sveitarinnar Mary Timony.

Önnur lög sökkva djúpt inn í undirmeðvitundina, eins og smáskífan Ever (Foreign Flag). Það grípur engum heljartökum við fyrstu hlustun, en þegar það hefur smeygt sér inn í gegnum heilabörkinn stendur það fast. Þessi lýsing á eiginlega við alla plötuna, en við þriðju hlustun er lítið annað hægt en að dást að hversu mögnuð þessi plata er. Tónlistin er einhver staðar á milli svefns og vöku, þegar heilinn áttar sig ekki lengur á því hvað er draumur og hvað er raunveruleiki.

**Birgir Örn Steinarsson**




**TEAM SLEEP:**

TEAM SLEEP

**NIÐURSTAÐA:** Söngvari Deftones kemur skemmtilega á óvart með hliðarverkefni sínu Team Sleep. Þessi nýja sveit er að gera mun betri hluti en Deftones í dag, vonandi heldur hann sig hérna megin skógarins.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Being paranoid doesn't mean we're not being followed.“**

**Svar:**
Grigori Borzov úr kvikmyndinni Telefon frá árinu 1977.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SAKNAR KRISTJÁNS KRISTJÁNSSONAR ÚR KASTLJÓSINU**

## *Bitlaus dægurmálaþáttur*

Tímaritið Hér & Nú hefur verið í brennidepli síðustu daga. Í þessum pistli verður ekki tekin nein afstaða til þessa hitamáls. Hins vegar verður aðeins rætt um hvernig stjórnendur dægurmálaþáttanna, Ísland í dag og Kastljósið, héldu um taumana þegar málefni Hér & Nú voru rædd á mánudagskvöld en þá mætti Eiríkur Jónsson, blaðamaður Hér&Nú, Hallgrími Thorsteinssyni í Ísland í dag og Helgu Völu Helgadóttur í Kastljósinu.

Þórhalli Gunnarssyni, stjórnanda Ísland í dag, verður sagt það til hróss að hann lætur viðmælendur sína ekki vaða uppi og þeir verða að gera sér ljóst að það er hann sem ræður ríkjum í sínum þætti. Honum tókst mjög vel upp á mánudagskvöldið. Þessi stjórn sem Þórhalli hefur tekist að ná er nauðsynleg öllum spjallþáttastjórnendum. Þórhallur hefur stórbætt sig á þessu sviði og verður fortíð hans í Ríkissjónvarpinu hér með fyrirgefin.

Kastljósið var öllu lausbeislaðra og því miður má sá þáttur muna fífil sinn fegurri. Síðan Kristján Kristjánsson fór í frí er eins og núverandi þáttastjórnendur ráði ekki við starf sitt. Þetta sannaðist best á mánudagskvöldið þegar þeir misstu stjórn á sínum eigin þætti.

Þetta er mikið áhyggjuefni fyrir aðstandendur Kastljóssins. Sú var tíðin þegar Kristján og Eva María Jónsdóttir létu viðmælendur sína ekki hlaupa með sig í gönur með einhverju blaðri. Í kjölfar þáttarins á mánudagskvöldinu hlýtur SOS merki að verða sent út frá höfuðstöðvum Ríkissjónvarpsins. Dægurmálaþátt er ekki hægt að taka alvarlega þar sem þáttastjórnendur leyfa viðmælendum sínum að taka þáttinn í sínar eigin hendur.



**KRISTJÁN KRISTJÁNSSON** Síðan Kristján fór í frí hefur Kastljós RÚV misst allt sitt bit.



▶ 21.25 *Fræðsla*

**BÚKSORGIR. Breskur myndaflokkur um áhrifin sem lífsmáti nútímafólks hefur á líkama þess.**



▶ 20.45 *Gaman*

**KEVIN HILL. Í kvöld er Kevin verjandi manns sem er ásakaður um kynferðislega áreitni.**



▶ 21.45 *Kvikmyndir*

**SJÁÐU. Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.**



▶ 20:00 *Drama*

**Jack & Bobby. Hér er á ferð lokaþáttur um bræðurna Jack og Bobby og móður þeirra Grace.**



▶ 18.30 *Íþróttir*

**ÁLFUKEPPNIN. Nú er komið að lokum Álfukeppninnar í Þýskalandi en úrslitaleikurinn fer fram í Hannover.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (28:28) **18.23** Sígildar teiknimyndir (38:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (12:14)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Ed (74:83)**
▶ **20.55 Fótboltaæði (1:6)** (FIFA Fever 100 Celebration) Frægar viðureignir og mögnuð augnablik rifjuð upp ásamt mörgu því sem farið hefur vel, og miður.
**21.25 Búksorgir (3:6)** (Body Hits) Breskur myndaflokkur um áhrifin sem lífsmáti nútímafólks hefur á líkama þess.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Formúlukvöld**
**22.40 Í hár saman (3:7)** (Cutting It) e.

**23.35** Eldlínan (1:13) **0.20** Kastljósið **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Að hætti Sigga Hall **14.00** Naked Twist 1 **14.25** Extreme Makeover – Home Editi **15.10** Amazing Race 6 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Medium (16:16)** (Miðillinn) Bönnuð börnum.
▶ **20.45 Kevin Hill (13:22)** (Man's Best Friend) Kevin Hill nýtur lífsins í botn.
**21.25 Strong Medicine 3 (9:22)** (Samkvæmt læknisráði 3) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna.
**22.10 Oprah Winfrey**
**22.55 Nighty Night (3:6)** (Góða nótt) Aðalsöguhetjan er Jill Farrell sem rekur snyrtistofu í úthverfi. Maðurinn hennar er fársjúkur en hin illgjarna Jill lætur sem hann sé dauður.

**23.25** Köngur um stund **23.50** Borderline (Strangl. b. börnum) **1.20** Mile High (B. börnum) **2.05** Medical Investigations **2.45** Two Against Time **4.10** Fréttir og Ísland í dag **5.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld (2:5)** (Male Unbonding)
**19.30 American Dad (1:13)** Frá höfundum Family Guy kemur ný teiknimyndasería um mann sem gerir allt tilþess að vernda landið sitt.
**20.00 Seinfeld (3:5)**
**20.30 Friends (3:24)**
**21.00 Rescue Me (1:13)** Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
▶ **21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþáttur** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur
**22.45 David Letterman**

**23.30** Joan Of Arcadia (1:23) **0.20** Friends (3:24) **0.45** Kvöldþáttur **1.30** Seinfeld (3:5)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**
▶ **20.00 Jack & Bobby – lokaþáttur** Þættirnir fjalla um bræðurna Jack og Bobby sem búa hjá sérvitri móður sinni, Grace.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu.
**22.00 Law & Order** Demantakaupmanni er rænt um miðjan dag. Tveir menn eru myrtir er mannránið á sér stað. Böndin berast að demantakaupmönnum og tengslum þeirra við borgarastyrjöld.
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** CSI: Miami (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe – lokaþáttur **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
*besta sætið*

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

▶ **18.30 Álfukeppnin** (Úrslitaleikur) Bein útsending frá úrslitaleiknum í Frankfurt.
**21.00 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Í þætti kvöldsins er fjallað um keppnina árið 1984 en þá fór Jón Páll á kostum.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna.

**23.15** Álfukeppnin (Úrslitaleikur)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Full Monty **8.00** The Man Who Sued God **10.00** Stealing Harvard **12.00** About Schmidt **14.05** The Man Who Sued God **16.00** Stealing Harvard **18.00** The Full Monty **20.00** About Schmidt **22.05** What About Bob? **0.00** Showtime (Bönnuð börnum) **2.00** All Over the Guy (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** What About Bob?

### OMEGA

**7.00** Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Fashion Police **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** Behind the Scenes **1.00** High Price of Fame

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó – The Zone **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

**20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Tvíhöfði (e) **21.30** Real World: San Diego





BAUGUR GROUP

STÆRSTU TÓNLEIKAR ALLRA TÍMA Í BEINNI ÚTSENDINGU SJÓNVARPAÐ FRÁ 10 STÖÐUM UM ALLAN HEIM

Tólf tíma bein útsending frá Live8 tónleikunum hefst á sjónvarpsstöðinni SIRKUS á hádegi laugardaginn 2. júlí nk. Dagskráin á Íslandi er til stuðnings UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Baugur Group er aðalstyrktaraðili útsendingar Sirkus á Live8.

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**FIFA Fever** — Sjónvarpið **20.55**

***Fótbolti er ein vinsælasta íþrótt í heimi.***

### *Mögnuð augnablik rifjuð upp*

Þættir gerðir í tilefni af aldarafmæli Alþjóðaknattspyrnusambandsins um allt mögulegt sem viðkemur knattspyrnunni fyrr og nú. Frægar viðureignir og mögnuð augnablik rifjuð upp ásamt mörgu því sem farið hefur vel, og miður. Í fyrsta þættinum er fjallað um bestu markverði HM frá upphafi, magnaðar viðureignir á HM 1970 og 1990. Rifjuð er upp saga gullaldarliðs Ungverja í knattspyrnu en einnig eru til umfjöllunar hetjur sem féllu í ónáð og frægustu slagsmálaleikir HM.



Fótbolti.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

**15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Synir duftsins **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fljóð í móð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Myndin af manninum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

**23.00** Söngvar borgarstrætanna

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Swimming: Mediterranean Games Spain **13.15** Athletics: IAAF Grand Prix II Prague Czech Republic **15.00** All Sports: Vip Pass **15.15** Football: FIFA Confederations Cup Germany **15.30** Martial Arts: Paris-Bercy **17.00** Olympic Games: Olympic Magazine **17.30** Equestrianism: Samsung Nations Cup Hamina Finland **18.30** Golf: U.S. P.G.A. Tour Barclays Classic **19.30** Golf: the European Tour Open de France **20.00** Sailing: Rolex Transatlantic Challenge **20.30** News: Business Class **20.45** All Sports: Wednesday Selection **21.00** Adventure: X – Adventure Raid Series **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Football: FIFA Confederations Cup Germany

**BBC PRIME**
**12.40** Teletubbies **13.05** Tweenies **13.25** Fimbles **13.45** Balamory **14.05** Angelmouse **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** The Really Wild Show **15.00** Cash in the Attic **15.30** Diet Trials **16.00** No Going Back **17.00** Trauma **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Property People **21.00** Spooks **21.50** Jonathan Creek **22.40** Table 12 **22.50** Black Cab **23.00** Studies in Music: 1750 – 2000 **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** Sperm Wars

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** World's Best Demolitions **14.00** Kansai Airport **15.00** Shark Sonics **16.00** Battlefront **17.00** Descent Into Hell **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Shark Sonics **20.00** World's Best Demolitions **21.00** World's Busiest Port **22.00** Egypt Eternal **23.00** Seconds from Disaster **0.00** World's Best Demolitions

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Predator Bay **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** George and the Rhino **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Tsunami – Animal Instincts

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Extreme Machines **17.00** A Car is Born **18.00** Mythbusters **19.00** The Real Rasputin **20.00** War of the Century **21.00** The Mummy Detective **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Untold Stories – Navy SEALs

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Rise & Rise Of **20.30** Fabulous Life Of... **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Design Challenge **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Ex-Rated **21.10** Sextacy **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Design Challenge **0.55** The Stylists **1.20** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.25** A Man of Passion **14.00** Crossplot **15.35** Track of Thunder **17.00** Straight Out of Brooklyn **18.25** Madhouse **19.55** Lady in the Corner **21.35** Hard Bodies 2 **23.05** The Good Wife **0.40** The File of the Golden Goose **2.25** Some Kind of a Nut

**TCM**
**19.00** Lolita **21.30** Bad Day at Black Rock **22.50** Pride of the Marines **0.50** The Hour of 13 **2.15** The Biggest Bundle of Them All

**HALLMARK**
**12.45** The Monkey King **14.15** Run the Wild Fields **16.00** Touched by an Angel III **16.45** Hiroshima **18.30** Inside the Osmonds **20.00** Just Cause **20.45** Don't Look Down **22.30** Amnesia **0.00** Just Cause **0.45** Inside the Osmonds **2.15** Don't Look Down

**BBC FOOD**
**12.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Forever Summer With Nigella **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Worrall Thompson **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Tales from River Cottage **17.00** Neven Cooks **17.30** Coconut Coast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** The Cookworks **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.20** Fra Kap til Kilimanjaro **12.50** Emilie og Albertinne **13.20** En dag i haven **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Trolderi **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** OBS **17.35** Hunde på job **18.00** Sommerdok – „En rigtig familie“ **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **19.55** Georgi og sommerfuglene **20.50** Onsdags Lotto **20.55** Sorte penge – hvide l¢gne **21.55** Road Trip

**SV1**
**12.15** När Finbar försvann **14.00** Rapport **14.05** Vilda hjärtan **14.30** New Orleans nästa! **16.00** Rent hus **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** I huvudet på ungar **17.00** Expedition vildmark **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning – vad hände sen? **19.00** Fotboll: För-VM **20.45** Fader Ted **21.15** Rapport **21.25** En röst i natten **22.15** Sändning från SVT24


Húsið þitt á aðeins skilið það besta

# Rétta útimálningin

sérsniðin fyrir íslenskar aðstæður



**Steinvari 2000**
- besta mögulega vörn fyrir húsið
- yfirburðamálning fyrir íslenskar aðstæður
- verndar steypuna fyrir slagregni
- flagnar ekki og hefur frábært veðrunarþol



**Kópal Steintex**
- frábært á múr og steinsteypta fleti þar sem krafist er mikils veðrunarþols



**Steinakrýl**
- mjög góð viðloðun, gott rakagegnstreymi og mikið veðrunarþol

Nýtt útilitakort á næsta sölustað



Við erum sérfræðingar í útimálningu

Áratugarannsóknir á steinsteypu og áhrifaþáttum yfirborðsmeðhöndlunar og strangar prófanir með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum og álagsþáttum hafa verið grundvöllur að vöruþróun og gefið málningu frá okkur sérstöðu á íslenskum markaði.

**Útsölustaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
- það segir sig sjálft -

## ÞRÍR SPURÐIR

ERU ÍSLENSKIR FJÖLMIÐLAR AÐ FARA YFIR STRIKIÐ?



Margrét Kristín Sigurðardóttir, söngkona.

**Grimmileg blaðamennska**

Ég veit ekki hvort ég á að öskra eða öskra þegar ég sé svona fyrirsagnir eins og birst hafa síðustu daga. Af hverju förum við ekki bara aftur í það að hlekkja fólk við staura á fjölförnum stöðum þegar okkur finnst það hafa misstigið sig? Það yrði að vísu fljótlega skortur á fólki til að reisa staurana því við stæðum þarna öll hlekkjuð á endanum. Þessi blaðamennska er grimmileg, lágkúruleg og heimskuleg og við eigum að taka höndum saman í þessu litla þorpi okkar og stöðva hana hið snarasta.



Gunnar Örlygsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

**Siðferðisgildin breytast ekki**

Tvímælalaust. Mér finnst að blaða- og fréttamenn eigi að virða þær siðareglur sem eru í gildi þó svo að þær séu gamlar. Þær eru byggðar á siðferðisgildum mannsins og gildin okkar eiga ekki að breytast þó tímarnir breytist. Fyrir þær sakir tel ég rangt þegar blaðamenn bera fyrir sig að siðareglur séu úreltar og hvet þá eindregið til að virða þær reglur sem stéttin í heild sinni hefur sett sér og leggja sig fram um það að koma almennt vel fram við náungann.



Sóley Kristjánsdóttir plötusnúður.

**Fyrir neðan beltisstað**

Já, algjörlega. Að minnsta kosti blöð eins og Hér og Nú. Hingað til hefur mér fundist blöðin hafa hagað sér ágætlega en þetta er bara fyrir neðan beltisstað. Þetta er óforsvaranlegt. Landið er nógu lítið og fólk slúðrar nógu mikið sín á milli. Blöðin eiga ekki að vera að skipta sér af svona persónulegum málum sem koma öðru fólki ekki við.



## HRÓSIÐ

*...fá Þorsteinn Stephensen og aðstandendur tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Hátíðin hefur vakið verðskuldaða athygli og var valin ein af fimm bestu tónlistarhátíðum heims af breska tímaritinu New!*



**Lárétt:** **2** mæra, **6** tveir eins, **8** lengdareining, **9** fugl, **11** í röð, **12** býður vafasama greiðslu, **14** býr til brauð, **16** endalok, **17** skel, **18** vökva, **20** á fæti, **21** grind.
**Lóðrétt:** **1** hikst, **3** smáorð, **4** gerði fallega, **5** skammstöfun, **7** trúaður maður, **10** maka, **13** keyra, **15** útstáelsi, **16** læknismeðferð, **19** tónn.

**Lausn.**

**Lárétt:** **2** lofa, **6** tt, **8** fet, **9** ara, **11** gh, **12** mútar, **14** bakar, **16** ko, **17** aða, **18** úða, **20** il, **21** rist. **Lóðrétt:** **1** stam, **3** of, **4** fegraði, **5** ath, **7** trúboði, **10** ata, **13** aka, **15** rall, **16** kúr, **19** as.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.
2. Spánarsnigill.
3. Makhtar Mai.




FLAGS OF OUR FATHERS: 500 STATISTA LEITAÐ

# Tveir Íslendingar fá átta setningar í myndinni

Clint Eastwood hefur fengið grænt ljós fyrir tökur í Krýsuvík fyrir myndina sína Flags of Our Fathers. Allt er farið á fullt við undirbúning á myndinni en fimm hundruð leikarar og statistar á aldrinum 18 – 40 ára koma við sögu. Alexía Jóhannesdóttir, casting director hjá Eskimo, hefur verið að leita að fólki því hún þarf að finna mun stærri hóp. „Phyllis Huffman sem hefur valið leikara í kvikmyndir Eastwood síðan 1982 kemur til landsins og við veljum leikarana í sameiningu," segir Alexía.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að bjóða eigi statistum heldur bág kjör fyrir þátttöku sína en Alexía þverneitar fyrir það. „Það er ekki búið að semja um neitt kaup og kjör enda ekki orðið ljóst hversu lengi hver statisti þarf að vera á tökustað," segir hún. „Það verða allir í þrjá daga á tökustað á meðan sumir verða í allt að í tvær vikur," bætir hún við en það verður að teljast mikill happafengur fyrir íslenska leikara að fá að verja jafn löngum tíma með leikstjóra á borð við Clint Eastwood. Statistarnir munu þurfa að þola þó nokkuð mikið af sprengingum því alls verða 700 kíló af Hollywood-sprengiefni notað í Sandvík.

Ekki er eingöngu um textalaus hlutverk að ræða því þó nokkrir fá að fara með setningar í myndinni. „Það eru í kringum sjö til átta hlutverk sem fylgja ein setning," segir Alexía en rúsínurnar í pylsuendanum verða eflaust tvö hlutverk. „Það eru tveir leikarar sem fá að segja í kringum átta setningar í myndinni," segir hún sem telst nokkuð mikið.



MYND/JOE ROSENTHAL

**FÁNINN REISTUR** Það verður að teljast heldur ólíklegt að einhverjum af hinum íslensku statistum verði leyft að lyfta fánanum í Iwo Jima. Þeir fá þó einhverjir að segja nokkrar setningar.

Alexía segir að mikill áhugi sé fyrir þessari mynd og farsíminn hennar stoppi varla. „Það eru margir sem hafa haft samband," segir hún en reiknað er með að prufur hefjist í júlí. Aðspurð hvort búið sé að ráða í aðalhlutverk í myndinni vildi hún ekkert segja, búið væri að bjóða þekktum Hollywoodleikara eitt af þremur aðalhlutverkum í myndinni og mjög líklegt væri að hann þæði það. „Hann á mjög fræga konu," segir hún leyndardómsfull.

freyrgigja@frettabladid.is



**MOTTUKEPPNIN MIKLA** Keppendur í fyrra skörtuðu hver og einn glæsilegri mottu. Hér eru þeir Raggi í Botnleðju og Stebbi og Maggi úr GusGus.

# Miklir mottumenn

Fjórða Tom Selleck-keppnin verður haldin í kvöld á Sirkus. „Keppnin hefst klukkan átta og við erum harðir á tímanum," segir Sindri Már Kjartansson, talsmaður keppninnar. „Hingað til hafa keppendur verið í kringum tuttugu manns og fjöldinn verður örugglega á svipuðu róli í kvöld."

Dómarar í keppninni eru Raggi í Botnleðju, Harry Johansson sigurvegari ársins 2003 og Maggi legó en hann bar sigur úr býtum í fyrra. „Þetta eru allt miklir mottumenn og auk þeirra verður einn leynidómari. Það sem skiptir máli í þessari keppni er hvort eigandi mottunnar ber hana vel. Hvort hún sé partur af karakternum eða hvort þetta sé bara eitthvað grín," segir Sindri alvörugefinn en viðurkennir að vissulega sé þetta svolítið grín. „Svo verður líka sms-kosning í salnum sem vegur 50 prósent á móti dómurum," segir hann hlæjandi og telur upp fjöldan allan af þeim glæsilegu verðlaunum sem bíða sigurvegarans heppna. „Sigurvegarinn fær skeggsnyrtikit, farandbikar sem er hattur, veglegan skammt af Thule frá Vífilfelli, hótelherbergi og alls konar fíneríi." ■



**TOM SELLECK** Leikarinn góðkunni þykir bera einstaklega vel snyrta og glæsilega mottu. Hann er sérleg fyrirmynd mottukeppninnar á Sirkus.




# Hundrað kall fyrir Halldór og Jóhönnu

Síðasta tölublað Grapevine virðist hafa verið töluvert vinsælla en fólk í herbúðum blaðsins átti von á. Blaðið, sem kom út 8. apríl og er það fyrsta undir ritstjórn Barts Cameron, rauk út og er nú svo illa fyrir ritstjórninni komið að hún á ekki eina sinni blöð í sitt eigið safn. Jón Trausti Sigurðarson, markaðsstjóri Grapevine, segir að þá bráðvanti tölublöð og því hafa þau tekið upp á því að greiða hundrað krónur hverjum þeim sem getur fært þeim eigulegt eintak af blaðinu. Í gjafmildi sinni ætla þau einnig að afhenda bjargvættum sínum nýtt eintak af blaðinu. Umrætt tölublað var með þremur mismunandi forsíðum þar sem þrír meðlimir Spaugstofunnar brugðu á leik í gervum þriggja íslenskra stjórnmálamanna. Grapevineliða vantar eingöngu þau blöð sem hafa Randver Þorláksson í gervi Jóhönnu Sigurðardóttur og Pálma Gestsson í gervi Halldórs Ásgrímssonar á forsíðunni.

Fólk er því beðið að mæta á Laugaveg 11 í Grapevinebúðina og láta gott af sér leiða því vonast er til að fá tíu eintök af hvoru blaði fyrir sig. ■




**GRAPEVINE** Hin eftirsóttu tölublöð sem kláruðust.

# Vandaðu valið







**Italsofa** The Italian touch

Hægindahornsófi með slitsterku áklæðisem auðvelt er að þrífa. Frábær í sjónvarpsholið.



Tilboðsverð aðeins
**kr. 198.000.-**






**Italsofa**

Hornsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa. Verð kr. **125.000.-**
**Með leðuráklæði** verð kr. **189.000.-**












**Italsofa**

**Hornsófi/svefnsófi** með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa.
Verð aðeins **kr. 175.000.-**



**Stílhrein og vönduð borðstofuhúsgögn.**
**Borð með ótrúlegri stækkun.**
**Frábært fyrir stórfjölskylduna eða fundarherbergið.**



skovby

K O R T E R . I S

**Slökunarstólar í miklu úrvali**

Vandaður slökunarstóll
**með leðuráklæði og skemli**
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt
Tilboðsverð aðeins
**kr. 49.900.-**





**Bogart**

Vandað leðursófasett
3+2+1 á ótrúlegu verði!
Verð aðeins kr. 229.000.-

3+1+1 verð aðeins **kr. 198.000.-**

Vandaður slökunarstóll
með áklæði og skemli
Verð með leðri kr. 54.900.-
Tilboðsverð aðeins
**kr. 34.900.-**



*2ja ára ábyrgð*

## Vandaðu valið

Hjá okkur færðu eingöngu vönduð gæðahúsgögn á frábæru verði.
Hvort sem er í stofuna, borðstofuna, sjónvarpsholið, svefnherbergið, eldhúsið, veröndina, sumarbústaðinn...

**Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375
www.valhusgogn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Síðan 1991
Gerum þök og svalagólf vatnsheld
555 7500
Málarameistari sér um þakið
Nánari upplýsingar á www.pace.is
PACE
ÞAKVIÐGERÐIR




BAKÞANKAR


SIGMUNDAR ERNIS RÚNARSSONAR


## Sólpallar

Hef verið að koma mér upp sólpalli við heimili mitt í höfuðborginni. Reyndar þremur pöllum, slík er sólin í Reykjavík. Að ég hélt. Einn pallurinn nær morgunsólinni, annar síðdegissólinni og loks sá að vestanverðunni; hann nær kvöldsólinni. Ég á sumsé að heita nokkuð öruggur með að fanga sólina, þegar og ef hún lætur sjá sig. Þar fyrir utan hef ég reist forláta skjólveggi um allar koppagrundir í garðinum mínum, nánast burðarveggi, enda hvessir Reykjavíkurlognið meira en gengur og gerist með önnur logn.

**ÉG HEF SVO AÐ SEGJA** ekkert notað pallana. Ýmist hefur verið of kalt eða of hvasst eða sólin hefur haldið sig í öðrum landshlutum. Þessi paradís mín er sumsé mannlaus svo vikum skiptir. Garðhúsgögnin standa þar auð og yfirgefin og sömuleiðis niðurdregin sólhlífin. Keypti mér þó gashitara á dögunum ef ske kynni að hægt væri að leika á náttúruna – en enn hefur ekki verið ástæða til að kveikja á honum sakir vinds sem slekkur jafnharðan á loganum og kveikt er á honum.

**MÉR HEFUR VERIÐ** bent á að kaupa mér markísu og festa hana við útveggi hússins, svo sem eins og tuttugu fermetra segldúk sem dregin er á örmum út yfir pallinn. Þannig yrði ég varinn fyrir regni og einhverjum vindi og líklegt væri að login lifði á gasinu. Þess þá heldur líka að einhver hiti héldist á pallinum og færi hvergi. Ég hef því verið að bera mig eftir markísu-auglýsingum í blöðunum á síðustu dögum og jafnframt verið að skoða festingar í byggingarvöruverslunum af því að festingar eru víst lykilatriði þegar kemur að svona seglhimnum í borginni.

**EINN DAGINN ÞEGAR** ég horfði út um eldhúsgluggann minn á herlegheitin og suðaustan úrfellið lék um allar þessar eignir mínar í garðinum fór ég að velta fyrir mér þessari áráttu Íslendinga. Það má heita plagsiður landsmanna að víggirðast á lóðum sínum; hvarvetna í hverfum landsins er keppst við að steypa niður staura svo hægt sé að leita einhvers skjóls og berja í sig hita. Þetta er eitthvað svo órvæntingarfullt ... og séríslenskt; að eiga pall en geta ekki notið hans ...


Er framkvæmdahugur í húsfélaginu?



Inngöngutilboð!
Nýjum húsfélögum býðst ókeypis mánaðargjald fyrstu sex mánuðina.

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán

Framkvæmdalán Íslandsbanka eru hagkvæm og einföld leið til að fjármagna framkvæmdir við húseignina. Lánin eru á hagstæðum kjörum og öll umsýsla einföld og þægileg. Það er því auðvelt fyrir alla íbúana að öðlast yfirsýn yfir stöðu sína gagnvart framkvæmdunum.

Húsfélagaþjónusta Íslandsbanka er framúrskarandi. Ef ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á næstunni, byggja upp framkvæmdasjóð eða einfaldlega að ná heildaryfirsýn yfir fjármál húsfélagsins þá er Íslandsbanki rétti samstarfsaðilinn.

Kynntu þér framkvæmdalánin og húsfélagaþjónustuna á isb.is eða í síma 440 4000.

Húsfélagaþjónustan í hnotskurn:
- Sérstakur þjónustufulltrúi heldur utan um málin
- Greiðsluáætlun fyrir hverja íbúð
- Innheimtuþjónusta
- Sérhannaður Félagabanki á isb.is

ÍSLANDSBANKI | 100%



„Ég mæli með TEFAL
Fyrsta flokks pottum og pönnum"
Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari
á veitingahúsinu *"Þrír frakkar hjá Úlfari"*

MODEL AKRANESI
HAGKAUP Skemmtilegast að versla
RadíóNaust AKUREYRI
BRÆÐURNIR ORMSSON Lágmúla 8 • Sími 530 2800 www.ormsson.is
ORMSSON SMÁRALIND